



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjabók Þingeyjarsýslu

B.

[1888–1889]



Ár 1888, Fostudaginn hinn 14 Sept. var merkjadómurinn aftur settur að Skógum af hinum sömu dómendum og aður í landaþrætumálinu milli Skóga og Skarða. Var þá í málinu kveðin upp svolátandi

Dómur:

Í landaþrætumáli því, sem hér ræðir um, heldur sóknaraðili Sigurpáll Árnason því fram, sem eigandi og ábúandi Skóga, að landamerki í millum jarðar þessarar og Skarða að vestan og utan sé samkvæmt landamerkjaskrá þeirri er hann hefir fram lagt í dómnum þannig: að Skóga á ráði merkjum móts við Skarðaland frá Mýrarkvísl meðan hún rennur beint, þá garður sá er liggur yfir þvera Litlumýri þar sem Skóga á beygist til suðurs og svo bein stefna úr garðinum laust fyrir sunnan Grísatungur austur í Sæluhús.

Varnaraðilar eigendur Skarða fara aftur á mót því fram, að Skörðum með hjáleigunni Einarsstöðum, verði dæmt allt land að upptökum Skóga ár, en frá Skógaár upptökum ráði ~~ráði~~ bein lína á Sæluhús

Varnaraðilar byggja greinda réttarkröfu sína á gömlu afsalsbréfi fyrir Skörðum dags. 5 Mai 1652, er síra Bjarni Jónsson seldi biskupinum herra Þorlaki Skúlasyni 30 hndr. úr jörðunni Skörðum í Reykjahverfi en þar segir svo: „En fyrir sunnan Skörð segir hann að ráði landamerkjum Skógaá, sem fellur millum Skóga og Skarða, fylgir jörðu þessari Skörðum allt það land samfast Grísatungum og allt austur að sæluhúsinu“.

Þó að nú orðin í afsalsbréfinu, að Skógaá sem fellur milli Skóga og Skarða ráði merkjum, séu svo víðtæk, að þau í sjálfu sér gætu skilist sem ána allt að upptökum hennar þá getum vér meiri hluti dómsmanna alls ekki fallist á að þessi skilningur geti samrýmst við það, sem landshættir og eðlileg merkjasetning bendir svo augljóslega á, enda verður hann ekki leiddur útúr afsalsbréfinu sjálfu, þegar einnig er haft tillit til hinna annara orða í því, allt samfast land Grísatunga og austur að sæluhúsi, mots við Fjallamenn, því eins og Grísatungur og Sæluhús eftir skyrum orðum afsalsbréfsins, eru auðsjáanlega valin til að takna landamerki Skarða=lands að sunnan til fjalls móts við Skóga, sem áframhald af Skógaá að neðanverðu, þannig fellur landamerkjaliná sú, sem sóknaraðili eigandi Skóga heldur fram, og sem verður eðlileg og bein landamerkjaliná dregin frá krók þeim, þar sem Skógaá þverbeygist í suður úr stefnunni neðan frá Mýrakvísl, rétt sunnan við Grísatungur austur að sæluhúsinu, hvar á móti sú lína, sem dregin væri eftir kröfu eiganda Skarða úr upptökum Skógaár og útaustur í Sæluhús, lendi svo langt fyrir sunnan Grísatungur, að rangt yrði að miða suðurrönd Skarðalands við þær í staðin fyrir örnefni á landi því, sem liggur fyrir sunnan Grísatungur suður að upptökum Skógaár fyrir ofan og sunnan Skógabæ og sem að neðan verðu er landgeiri svo breiður, að hann nærfellt skér alveg sundur heimaland Skóga spölkorn fyrir ofan bæjinn frá landi því til heiðar, útaustur að áminnstum sæluhúsum, sem viðurkennt er að jörðunni tilheyri, án þess Skógaá, sem í rauninni er ekki stærri en ^{vænn} bæjarlækur og því eigi veitir fénaðargöngu neina verulega hindrun, geti álitist eðlileg ástæða fyrir slikum aðskilnaði á heimalandi frá landi til heiðar.



Að þessi skilningur á afsalsbréfinu, að Skógaá ekki ráði landamerkjum milli Skóga og Skarða lengra en uppað áminnstum árbug, sé réttur, styðst ennfremur mjög við skýrslu 3 vitna þeirra, sem sækjandinn hefir leitt í málinu í sambandi við það, sem domendur hafa sjálfir séð á merkjagöngunni, því örnefni þau Merkjustöpull, Merkjavarða og Merkjararður yfir svonefnda Litlumýri, sem oll þessi vitni hafa lýst, sem landamerkja örnefnum milli Skóga og Skarða liggja í landamerkja skjölum þeim, sem sækjandinn heldur fram, enda er eigi unnt að gjöra sér skiljanlegt, að merkjararðurinn sem vitnin nefna svo, og sem auðsjáanlega eru mannaverk á, þó garðurinn sé orðin forn og af sér gengin hafi verið gjörður í öðru skyni en því að gefa til kynna að landamerkin hyrfu frá Skógaá í stefnu austur að Grísatungum og Sæluhúsum, þar sem áin þverbeygist úr þessari stefnu til suðurs.

Með því það nú í þriðja lægi verður að álítast ómótmælt af varnaraðilum að sækjandinn hafi yrkt og notað hið umþrætta land í þeirra manna minni sem nú lifa átölulaust að lögum hlýtur meiri hluti dómsmanna að komast til þeirrar niðurstöðu samkvæmt grundvallarreglunni í Jónsbókar landsleigubálg 26. Cap. að landamerkjálína sú sem soknaraðili heldur fram sé rétt Eftir atvikum virðist málskostnaður, sem malspartar hver í sínu lagi hafa krafist að mótparturinn skyldi borga, eiga að greiðast að jöfnu af baðum málspörtum.

Því dæmist rétt að vera

Landamerki milli jarðanna Skarða og Skóga í Reykjahverfi er Skógaá meðan hún rennur beint, þá garður sá er liggur upp yfir þvera Litlumýri þar sem Skógaá beygist til suðurs, og svo bein stefna úr garðinum laust fyrir sunnan Grísatungur austur í Sæluhús. Malskostnaður þar á meðal dagpeningar dómsmanna Kr. – 45 greiðist að hálfu af soknaraðila eiganda Skóga, og að hálfu af varnaraðilum eigendum Skarða.

Dominum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómurinn var í réttinum upplesin

Merkjadominum sagt upp.

B. Sveinsson. Björn Stefánsson.

Sj. Halldórsson. Kristján Jóhannesson.

Einn dómsmanna gjörði svohljóðandi breytingaratkvæði:

Eg undirskrifaður get ekki verið mínum heiðruðu meðdomendum samhljóða sökum þess, að í afsalsbréfi fyrir Skörðum er svo skýrt á kveðið að Skógaá ráði landamerkjum milli jarðanna og virðist mér því að bein lína frá upptökum hennar að sæluhúsinu hljóti að ráða merkjum milli jarðanna. Sá umræddi garður uppúr árkroknum, sem hinir heiðruðu meðdomendur mínir að nokkru leyti byggja dóm sinn á, er mjög óglöggur og krókóttur og því ekki unnt að ná beinni línu frá honum til sæluhúss.

Kristján Sigurðsson.

Rétt innfært úr bráðabyrgðarbok. Vottur

B. Sveinsson



Ár 1889, fimtudaginn hinn 25 dag júlímánaðar var aukarjettur Þingeyjarsýslu settur og haldinn að Presthólum af hreppstjóra Þ. Þórarinssyni á Sandhólum með undirskrifuðum vottum, til þess, samkvæmt skipunarbrjefi amtmannsins yfir Norður og austuramtinu dags. 18 þ.m., að taka til meðferðar og nefna menn í dóm í landaþrætumáli á millum Munkaþverár klaustursjarðarinnar Efrihóla á aðra hlið og Valþjófsstaða með Einarstöðum á hina. Hið umgetna skipunarbrjef amtsins var þvínæst framlagt og upplesið og einkent tölul. 1 svohljóðandi: #

Mættur var í rjettinum aðili málsins, umboðsmaður St. Stephenson á Akureyri. Framlagði hann skipunarbrjef amtsins frá 8 marz þ.á. fyrir sig til að færa mál, það sem hjer ræðir um, ~~kæru til sáttanefnda~~ útskrípt úr sáttabók Presthóla sátta umdæmis um árangurslausu sátta tilraun og vísan málsins til merkjadóms, og rjettarstefnu dags. 29. júní síðastl. Skjöl þessi með árituðu vottorði stefnuvotta um birtingu hennar. Skjöl þessi einkennast tölul. 2 til 4 svohljóðandi: #

Ennfremur lagði sækjandinn fram Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Efrihólum sem lögð hafði verið fram við sætta tilraun málsins og var hún ^{upplesin og} einkend tölul. 5 svohljóðandi: #

Ennfremur voru mættir í rjettinum varnaraðilar málsins, Ingimundur hreppst. Rafnsson á Brekku og bændurnir Sigurður Rafnsson á Snartastöðum Jón ~~bóndi~~ Jónsson og Kristján Sigurðsson á Valþjófsstöðum. Að gefnu tilefni kannast þeir við að hin ofangreinda landamerkjaskrá rjettark. tölal. 5 hafi verið lögð fram við sáttatilaun málsins hinn 22 júní þ.á.

Síðan nefndi hinn skipaði dómari málsins 8 menn í merkjadóm og voru það þessir:

1. Arna Kristjánsson sýslunefndarmann á Lóni
2. Björn Jónsson [sýslunefndarmann] á Sandfellshaga
3. Guðmund Þorvaldsson bónda á Klifshaga
4. Sigurð Gunnlogsson [bónda] á Ærlækjarseli
5. Guðmund Jónsson [bónda] á Grjótnesi
6. Stefán Jónsson [bónda] á Skinnalóni
7. Arna Arnason sýslunefndarmann á Höskuldarnesi og
8. Jakob Gunnlögsson verzlunarstjóra á Raufarhöfn

Skoraði dómari á málsaðilana að nefna hvorum sig 2 menn úr dómnum og nefndi sóknaraðili úr:

Arna Kristjánsson á Lóni og

Arna Arnason á Höskuldarnesi

En varnaraðilar nefndu úr:

Björn Jónsson á Sandfellshaga og

Sigurð Gunnlögsson á Ærlækjarseli.

Samkvæmt þessu verða dómsmenn auk sýslumanns:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Guðmundur Þorvaldsson á Klifshaga
Guðmundur Jónsson á Grjótnesi
Stefán Jónsson á Skinnalóni og
Jakob verzlunarst Gunnlögson á Raufarhöfn.

Kom málsþörtum þvínæst saman um, að merkjagangan skyldi framfara seinnihluta júnímánaðar 1890 eptir því sem sýslumaðurinn nákvæmar ákveður, sem hann nægum tíma fyrirfram tilkynni öllum hlutaðeigendum.

Upplesið.

Rjetti slitið

Vottar:

H. Hjálmarsson

Þ Þórarinsson

Stephán Stephansson

H. Bjarnason

(settur)

G Rafnsson

Kristján Sigurðsson

Jón Jónsson

S Rafnsson

N^o 1.Landamerkjaskrá
Hvamms í Pistilfirði

Að austan ræður Hafralónsá í Pistilfirði frá Merkidalskílsosi að Heljardalsárósi, þá ræður Heljardalsá að upptökum sínum, sem eru innst í Heljardal, að sunnan ræður Heljardalsbotn og hæstu brúnir Heljardalsfjalla að norðan, þar til kemur vestur á þau mið eða svo langt að bein stefna verður tekin af fjöllum milli bræðravatna í Skessuhamar, sem ræður landamerkjum að vestan. Frá Merkidalskílsósi, sem fyr er nefndur, ræður að norðan Merkidalur til nyrðri botnsins, fyrir miðjum botninum er varða og úr henni ræður bein stefna yfir einstakt holt í Mýrunum í vörðu á Nónás og þaðan sama stefna í Garðás; þá ræður Garðá að upptökum sínum og svo bein stefna í Skessuhamar.

Í þessu landi liggur hjáleiga Gunnarsstaða Havarðsstaðir.

Landamerki hjáleigu þessarar eru: Að austan Hafralónsá, að norðan Grímólfsá frá ósi að kíl þeim, sem kemur sunnan með syðri Kálfafjöllum. Að vestan ræður kíllinn og bein stefna úr botni hans í Hvappslæk fast við fjöllin; að sunnan ræður Hvappslækur að efri krók sínum og úr króknum bein stefna í Stórugljúfur í Hafralónsá.

Hvammi 16. Agúst 1886.

Sigfús Jónsson

Guttormur Vigfússon eigandi Hvamms
fullmektugur umboðsmanns Munkaþverárkl.
samkvæmt fullmakt 2. Júlí 1886.

Jón Bjarnarson
eigandi Laxardals

Lesið á manntalsþingi á Svalbarði og innfært í Landamerkjabok Þingeyjarsyslu N^o 1
B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. Kr. 0.75

Bokun [Kr.] 0,25

1,00

Ein króna

B. Sv.



N^o 2.

Landamerki jarðarinnar
Kelduness.

með hjáleigunum Keldunesskoti Eyvindarstöðum og Nyabæ.

Að norðvestan, frá rekamarki, sem er á milli Garða og Arnarnessreka. Þaðan beina línu til suðurs í Stóra. Síðan ræður Stóra löndum uppí byttuhól, sem stendur á bakka hennar að vestan rétt ofan við svokallaðar Krossdalstungur. Síðan beint í Stóruvörðu og þá sömu stefnu í Bugudrang, þaðan í Arnarhöfuð, sem er norðvestur af Gæsahrauni (utan og vestan til í Hraungörðum). Þaðan sjónhendingslínu í fremri sauðklett. Þaðan þvert austur í Kellingarhól, síðan norður í Hraunstakkanybbu og þaðan sömu stefnu í Hermannshól, Holkot og Tjarnarleyti; þaðan sömu stefnu í Hólsnöf, þaðan beina stefnu til norðurs utað Kýl mots við vorðu þá sem stendur á Nyrðri Kílbakka og ræður landinu á milli Þorunnarsels og Arnarness. Þaðan ræður Kýllinn ofan á móts við Þormóðshól, þaðan beina línu austan við Grænutoft, þaðan ræður gamli farvegur Kýlsins austan við Hlaupodda alla leið norðaustur í Stóra vestan við Bitholt.

Allt það land, sem er sunnan ofan nefndra takmarka er óátalin eign Kelduness. Þessi framan rituðu landamerki eru þau réttustu seg eg veit.

Keldunesi 12 Maí 1887.

Indr Isaksson

eigandi Kelduness

Samþykkur er að því er snertir sem snertir landamerki jarðarinnar Undirveggs. I umboði eiganda

B Sveinsson

Samþykkur Áss vegna i umboði eiganda

B. Jónsson.

Samþykkur vegna Garðakyrkju

Þorlefr Jónsson

Samþykkur eignarjarðar sinnar vegna Hols í Kelduhverfi

Sigurbjörn Friðrikson

Samþykkur eigandi Krossdals

Sigurður Björnsson

Samþykkur vegna eignarjarðar sinnar Arnarness

B. Þorarinsson

Samþykkur Nyabæjar vegna í umboði eiganda

G. Guðmundsson.

I umboði eins af eigendum Þorunnarsels samþykkur

A. Bjarnarson

Samþykkur eigandi Þorunnarsels

F. Flóventsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið á manntalsþingi á Keldunesi 30. Júní 1888, og innfærð í Landamerkjabok
þingeyarsyslu N^o 2.

B Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75
 Bokun 0,25
 Kr. 1,00
 Ein kr

B.Sv.



N^o 3.

Landamerki

Daðastaða í Reykjadal.

Að sunnan móts við Narfastaði ræður garður sá er liggur upp frá Seljadalsá skamt austan^{utan} við Narfastaðasel og allt austur á háls. Úr garðsendanum ræður bein stefna til austurs í stein þann er liggur austan í hálsbruninni og sem hér eftir nefnist merkisteinn. Úr steininum ræður enn bein stefna í austur yfir svokallað Yztaleyti og í norðurhorn Narfastaðabjargs við Reykjadalsá.

Að norðan móts við Hálaá ræður garður sá er liggur upp frá Reykjadalsá allt vestur á hálsbrúnina eystri og þaðan beina stefnu vestur í Seljadalsá, að austan ræður Reykjadalsá, og að vestan Seljadalsá.

Staddur að Daðastöðum 9. Júní 1884

Jón Sigurðsson

settur

Ofanskrifaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir eigendur og abuendur Narfastaða.

Herdís Ólafsdóttir

Aðalgeir Davíðsson.

Vegna eignar og umráða jarðar minnar er eg samþykkur

Haraldur Sigurjónsson.

Þingl. að Helgastöðum 2. Júní 1888, og innfærð í landamerkjab. Þingeyarsýslu N^o 3.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein krona

B. Sv.



N^o 4.

Landamerki
Granastaða í Kinn

Að norðan verðu ræður merkjum í fjallinu mótsvið Nyparland Nýpuáin þar til hun fellur fram úr gljúfrunum sunnan við bæinn á Nýpá. Þaðan ræður bein stefna í há austur úr fossi neðst í nefndum gljúfrum í utanverða Kiðey í Skjalfandafljóti. Að sunnan moti Ytrileikskálaá ræður Merkiklökk sem stendur við fjallsræturnar rétt ofan við mýrina, og úr henni bein stefna til suðvesturs í Trantadali i Sandheiðarbrún og svo í Stakhól á Hrossahjalla. Úr Stakhól ræður enn sama stefna suðvestur í fjallgarð, svo langt sem Kinnarlönd ná til fjalls. Til austurs úr Merkiklökk ræður skurður í mýrinni að Kýl þeim sem fellur ut mýrina í Granastaða kvíls. Ræður Kyllin merkjum að austan móti Sydri Leikskálaá útað gomlum garði sem liggur frá Kýlnum beint til fljóts, skammt sunnan við svokallaða Sandá. Svo ræður mitt Skjalfandafljót út til aðurgreindra ummerkja. að Vestan raða Kinnarfjöll.

p.t. Granastöðum 24. Maí 1886

Jón Sigurðsson.

(umboðsm.)

Að því er kemur til merkja milli Granastaða og Múlakirkju jarðarinnar Syðri Leikskalaár er merkjalysingunni samþykkur.

B. Kristjánsson.

Samþykkur vegna Ytri Leikskalaár

Jon Benidiktsson.

umraðamaður þeirrar jarðar.

Samþykkur vegna Nýpár

Kristján Jónsson.

Þinglesin að Ljósavatni 7. Júní 1888. og innfærð i landamerkjabok Þingeyarsyslu N^o 4.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr. 1,00

Ein krona

Borg.

B. Sv.



N^o 5.

Landamerki

Brennuáss í Ljósavatnshreppi.

Að sunnan móti Hrappstaðaseli ræður Rauðilækur frá því hann fellur í Kálfborgará og austur í Hrappstaðatjörn hina nyrstu, sem liggur miðja vega milli Hrappstaða tjarnar og Svartabakka. Að austan móti Stafnsholti ræður bein stefna til norðurs úr Alftatjörn eftir austurbrún á svonefndum Háa-ási og eftir miðri tungunni, sem eystri- og vestari Kamarlækur mynda. Síðan ráða Kamarlækir út á móts við garð þann, sem liggur til vesturs frá nefndum læk og vestur á Heiðarselsás, lítin spol norðan við svonefnd Mýrarsel. Að norðan móti Heiðarseli ræður garður sá, sem nú var nefndur og frá honum bein stefna vestur í Kalfborgará sunnan mót við svokolluð gömlu sel, að vestan ræður Kalfborgará í miðjan árfarveg.

Gautlöndum 12. febr. 1889.

Jón Sigurðsson

(umboðsm.)

Sem eigandi jarðarinnar Stafnsholts samþykki eg þessa merkjaskrá.

Jón Gottskálksson.

Jón Arason

eigandi hrappstadasels, og Heiðarsels.

Þinglesið að Ljósavatni 7. Júní 1888. og innfærð í landamerkjaskrá Þingeyarsýslu N^o 5.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein krona

Borg.

B Sv.



N^o 6.

Landamerki

Øndólfstaða í Reykjadal

Að sunnan móti Stórulaugum ræður merkjum forn garður austan frá Hvítafelli vestur á heiðarbrún utanvert við varnargil. Þá ræður Varnargil vestan á heiðinni þar til úr því liggur forn farvegur, neðar en í miðri brekku. Þá ræður bein stefna til vesturs úr téðum farveg utanvert við gamalt stekkarstæði og í merkivörðu, sem stendur sunnan til á Langholti og svo í Reykjadalsá. Að norðan móti landsjóðsJORðunni Halldórsstöðum eru merkin í stein þann er stendur á melhryggnum utan við Helluvað á Reykjadalsá og sem hér eftir nefnist merkisteinn. Úr merkisteini ræður bein stefna til vesturs í Reykjadalsá og til austurs í miðjan Hellumel, og þaðan sama stefna austur í Hreindýrsholt er stendur niður af Kalfalækjarbotni. Að austan móti Halldórsstöðum í Laxardal ræður há Hvítafell og bein stefna úr því í Kalfalækjarbotn. Að vestan ræður Reykjadalsá í miðjan farveg.

Gautlöndum 16. Júní 1886

Jón Sigurðsson

(umb. haldari)

Vegna leigujarðarinnar Halldórsstaða í Reykjadal

Jónas Jónsson.

Vegna ábýlis og eignar jarðarinnar Stórulauga er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá.

Pétur Pétursson

Sem eigandi að 1/3 parti af Halldórsstöðum

M. Magnússon

Vegna míns og meðferingja minna að tveimur þriðju pörtum úr Halldórsstöðum í Laxardal, er eg samþykkur ofanritaðri landamerkjaskrá.

M. Þórarinsson.

Þinglesin að Helgastöðum 2. Júní 1888, og innfærð í landamerkja bók Þingeyarsýslu N^o 6.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein króna

Borg.

B. Sv.



N^o 7.

Landamerki

Brekknakots í Húsavíkurbhreppi.

Að sunnan móti Klambreseli ræður merkjum garður, sem liggur frá Klambrahvísl austur að mýrinni, svo bein stefna yfir mýrina í garð þann sem liggur upp fjallið, og frá efri enda hans bein stefna austur í lambafjöll. Að norðan móti Reykjum, ræður garður, sem liggur beint austur frá Reykjahvísl sunnan í vestara Hrauholt. Þaðan ræður bein stefna í Litlugróf og ræður svo nefnd gróf þar til syðstahverslækur fellur í hana, þá ræður nefndur lækur í Syðstahver, og myndar hann tungu þá, sem nú fylgir Brekknakoti. Úr Syðstahver ræður bein stefna austur til fjallsbrunar og svo í lambafjöll. Að vestan ræður Reykjahvísl og að austan Lambafjöll.

Gautlöndum 24. febr. 1887.

Jón Sigurðsson

(umb haldari)

Samþykkt hvað snertir Klambresel.

B. Kristjánsson

Þinglesið að Húsavík 1. Júní 1888, og innfært í ~~afs~~ landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o 7.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Borg.

Ein Kr

B Sv.



Nº 8.

Landamerki

Gautlanda í Skútustaðahreppi.

Að austan og sunnanverðu moti jörðunum Sveinströnd, Litluströnd og Baldursheimi, ræður Gautlandalækur merkjum allt austur að Blesuholti, sem stendur vestast í Sandvatnskrók. Úr Króknum ræður bein stefna til austurs í Bjarnapoll sem liggur vestur undir Stóraási í Suðvestur frá Sandvatni. Að vestan moti Lundabrekkulandi ræður bein stefna norðvestur úr Bjarnarpólli í Dýnuholt er liggja vestarlega í Dýnu útanundir Bárðardalsvegi; frá Dýnuholtum ræður Dýnulækur úti Föxugróf allt niður að garði þeim, sem liggur til austurs frá grófinni skammt neðan við skólalóll og sem nefndur er Merkigarður og á Hörgsdalur land á móti að vestan Að norðan móti Helluvaðslandi eru merkin við Marðarvað og þaðan bein stefna til vesturs yfir sunnan verða Helluvaðstjörn í moldarflag, er liggur vestan í svonefndum Grófarási þar sem mætast Helluvaðs og Gautlanda heybandsgötur. Úr flaginu ræður enn sama stefna í Helluvaðsgróf gengt syðri enda Langholts hins ytra. Ræður svo Helluvaðsgróf utvestur að Landapollalæk, sem skilur milli Gautlanda og Laugaselslanda. Ræður sá lækur merkjum það sem hann nær, og þá bein stefna til vesturs frá upptökum hans yfir miðja Gunnlögstjörn og í merkigarð þann sem áður er nefndur. Frá Gautlandalækjarósi ræður bein stefna yfir Arnarvatn í Marðarvað.

Gautlöndum 6. Júní 1884.

Jón Sigurðsson.

Sem ábúendur og eigendur jarðanna Helluvaðs, Arnarvatns, Sveinsstrandar, Litlustrandar, Baldursheims, Lundarbrekku, Hörgdals og Laugasels viðurkennum hér þessa landamerkjaskrá rétta að vera og samþykkjum hana, sem góða og gilda.

Eigandi Lundarbrekku

Jónas Jónsson.

Sem eigandi Hörgdals ~~og abuandi~~

Árni Flóventsson

Sem eigandi og abuandi Baldursheims

Sigurður Jónsson

Sem abuandi Laugasels

Jóhannes Sigurðsson

Sem eigandi og ^{abuandi} jarðanna Arnarvatns og Helluvaðs

Sigurður Magnússon

Sem eigandi að rúmum 1/4 Arnarvatns og ábúandi hans

M Magnússon.

Sem ábúandi Helluvaðs og eigandi að helmingi jarðarinnar

Jón Hinriksson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesin að Skútustöðum 8. Júní 1888, og innfærð í landamerkjabok þingeyarsyslu N^o 8.

B. Sveinsson

Borgun: þingl. 0.75
 Bokun 0,25
 Kr 1,00
 Ein Krona
 Borg

B Sv.



Nº 9.

Landamerki

Bjarnarstaða í Bárðardal.

Að austan móti Baldursheimi og Árbakka ræður bein stefnulína úr Bjarnapalli í Bræður, og liggur hún austanvert við Bjarnaspildu. Að sunnan ræður Grjóta móts við Víðirker þar til hún fellur í Svartá, þá Svartá móts við Stórutungu þar til hún fellur í Skjálfandafljót. Að vestan ræður Skjálfandafljót útað Merkihólma. Að norðan móts við Lundabrekku ræður bein stefna úr Merkihólma til austurs í Merkistein á Steinfelli, og þaðan sama stefna í Stórolág hvar merki varða nú er sett, og úr vörðunni sama stefna austur í merkjalínu þá er fyrst var nefnd.

Gautlöndum 8. Maí 1884.

Jón Sigurðsson

settur

Ofanskrifaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir.

Vegna Lundabrekku Jónas Jónsson

Vegna Árbakka St. pr Sigurðsson.

Vegna Víðirkers Jón Jonsson

Fyrir Baldursheim Sigurður Jónsson.

Þinglesin að Ljósavatni 7. Júní 1888, og innfærð í landamerkjabók þingeyarsýslu Nº 9.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

Borg

B Sv.



Nº 10.

Landamerki

Klifshaga í Skinnastaðahreppi

Úr hornskurði í Torfdal milli Þverár og og þaðan beina stefnu í Vörðuhól. En að sunnan í þann garð er liggur fyrir utan Leifsstaði ofan af fjalli og vestur í á og réttsýnis í Goðastein, sem stendur á klifunum fyrir sunnan ána og vestur um þvera Sporða vestur í Sandá og þaðan svo í gamla Brunnár farveg fyrir vestan Brunná.

Að ofan austan milli Sandfellshaga úr svo nefndri Arnarþúfu og niður eftir í beinni línu yfir Háubrekku í Jónsvörðu, herumbil í hadegisstað frá Sandfellshaga og þaðan eftir sömu línu niðureftir í Skeggjastaða á. Og norðan úr Vörðuhól í Sandskarðið í jarðbakkanum, og eftir jarðbakkanum í Grjótvröðu við Skeggjastaðarkrök.

Klifshagi á allan halfan Skagareka til hvals og viðar [Innskot á spássíu] Ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53 því nidur fallið. J.S.

Víkingavatni 29 Januar 1884.

Kr. Árnason.

Þessum merkjum er eg undirskrifaður samþykkt hvað Þverárland snertir

Stefán Brynjólfsson.

Samþykki Sandfellshagalandi viðvikjandi

B. Jónsson.

Samþykkur fyrir Sandfellshaga og Ærlæk, sem eru eign landssjóðs, [á]samt fyrir Skóga hvað rekan snertir

Stephan Stephansson

umboðsm.

Samþykkur fyrir Skinnastaðakirkju að því er snertir Skinnastaði og Leifsstaði

Þorleifr Jónsson

Þinglesið að Skinnastöðum 29. Júní 1888, og innfært í landamerkjabók Þingeyarsýslu Nº 10.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein Krona

B Sv.



N^o 11.

Landamerki

Miðvíkur í Grýtubakkahreppi

Að sunnan frá sjó beint í Hóklauf sem liggur spöl korn fyrir ofan sjó og þaðan beina stefnu í eystri hlið Hrossadals.

Að austan úr eystri hlið Hrossadals í Þroskuld er liggur allt útað Þroskuldslæk. Að norðan ræður Miðvíkurá. Að vestan Eyafjörður.

Akureyri 19 marz 1883.

Stefán Stephensen

Samþykkur fyrir Dæli í Fnjoskadal

Gísli Ásmundsson.

Fyrir Garðsvík Valdimar Grímsson.

[Fyrir] Yztuvík Jónas Jónsson.

Þinglesin að Grytubakka 4. Júní 1888, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o 11

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Krona

B Sv.



N^o 12

Landamerki

Laufasskirkjulandsins er kallað hefir verið „Upprekstrarland“ milli Hofðagilja og
Flateyardalsheiði.

[Innskot á spássíu] Lýst af biskupi 4.5.´54

1. Að austan ræður Ytrahöfðagilsá þangað til gilið klofnar þá er stefnan bein til háfjallsbrúnar.
2. Að austan Dalsá.
3. Að sunnan Syðra Höfðagilsá
4. Að vestan fjallabrúnnin.

Laufasi 5. Maí 1886

Magnús Jónsson

Samþykkur Björn Bjarnason að Vestari Krókum

Vegna Almenninga á Flateyardalsheiði samþykkir Gísli Asmundsson.

Vegna Skarðslands samþykkir

Jóhann Bessason.

Vegna eiganda jarðarinnar Kambsmyra

Karl E Friðriksson.

Þinglesið á Grytubakka 4 Júní 1888, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsyslu N^o 12.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



N^o 13.

Landamerki
Nýahóls á Hólsfjöllum

Takmörk Nýahóls heimalands eru þau er nú skulu greind: Nýihóll er land að austan fram með Víðirhólslandi að Grundarhólslandi sem ræður að sunnan, þvert vestur með því í Stórastein, úr honum sömu stefnu að Holslandi í Stóruhæð, þaðan beint í einstökutjörn, úr henni beint í miðdegisvörðu, og þaðan beina stefnu í Millukofabrot við læk, sunnan og neðan við Hólsflóa, úr því og í syðri Langholtsenda og svo allt fyrir austan nefnt Langholt útað Fagradalsá, að undanskyldu því engjastykki, sem Grundarhóli er áður úthlutað, og ræður Fagradalsá og Brunkulækur að norðan. Líka á Nýihóll utan við ^{Fagradalsá} vestan við Fagradalslandamerki, allt að utan í Lambhaganum suður fyrir stóra flöt, og vestan við Lambhagaskurð, og alla Þorgrímslæki útað Fagradalsmerkjum. Melastykki í Hólselsmelum fram að beinni stefnu úr Einbúa í Vörðu sunnan á Gildru í Hólskellingu. Enn fremur á Nýihóll tiltölulegan hluta, eftir dýrleika jarðarinnar í Bugu framan við melagötu ofan við Hólsselsland og svonefnda Lauftorfu austan á Fjarðarsundsás og móana utan við Þorgrímslæki, eins og í heiðinni fyrir utan.

Eigandi Nyahols Björn Kristjánsson

[Eigandi Nyahols] Kristján Guðmundsson

Sem eigandi 3 hndr. ur Viðirhóls Kristján Kristjánsson

Eigandi Grundarhols Jón Sigurðsson Skinnalóni

Eigandi að 1/2 Víðirhol Helga Jonsdóttir

Eigandi að 4 hndr. i Viðirhol Kristín Eiríksdóttir

Eigandi Fagradals Jón Bjaranson

Eigandi Nýahols Sigurður Gunnlögsson.

Þinglesin að Skinnastöðum 29. Júní 1888, og innfærð i landamerkjabok Þingeyarsyslu N^o 13.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



Nº 14.

Landamerki

Hafrafellstungu í Skinnastaðahreppi

Að norðan úr svokölluðum Lækjardalsfoss, ræður Gislbakkaáin [svo] með Lækjardals og Gilsbakkalöndum í svo kallaðan Bug hvar hin svonefnda Þverlout liggur að áinni.

Síðan uppúr henni syðst beint á Fjórðungshól, þaðan í Þverfell á hlið við Sandfellshagaland og með því í vörðu þá er stendur á Langaás. Að austan á hlið með Svalbarðskirkjulandi ræður Langásinn til syðri enda hans, þaðan beina stefnu í ás þann er liggur úr norðaustur horni Stóra búrfellsvatns, þaðan beina línu í hásuður yfir vatnið austan við hólma í því, á hól þann er stendur austan við norðaustur hornið á Búrfelli, síðan sömu stefnu til Dettifossár, svo ræður hún austur til Sandár, er svo ræður suður til Svartárhvísar þar hún fellur í ána, síðan ræður kvíslin til upptaka sinna. Að sunnan á hlið við Víðirhólsland ræður úr upptökum Svartárhvísar bein stefna í vestur yfir fjallgarðinn og með fjallalöndum sömu stefnu í há Reiði. Að vestan ræður bein stefna úr há Reiði á hlið við Austaralands land í Rauðholabufu, er stendur syðst á svokölluðum Rauðhólum sunnan og vestan við Tunguborgir, síðan somu stefnu norður eftir Borgarás að austan verðu við há Stórás, síðan somu stefnu í vörðu á Urðarás með Bjarnastaða og Smjörhóslöndum, og eftir honum í tjörn þá er liggur við norðurenda hans, síðan í Smjörhólsá eftir garði þeim er liggur ur ytri enda Tjarnarinnar í ána og ræður hún til hinna upphaflega nefndu Lækjardalsfossa.

Hafrafellstungu 20. Janúar 1888.

G. Eiríksdóttir S. S. Eiríksson.

Sigurveig Sigurðardóttir

(eigendur Hafrafellstungu)

Framanskriðuð landamerki að því er snertir Svalbarðsland og Hafrafellstunguland er eg samþykkur

Guttormur Vigfússon

(prestur að Svalbarði)

Að því er snertir eign mína Víðirhól er eg samþykk.

H. Jónsdóttir.

Samþykkur vegna Gilsbakka Stefán Brynjólfsson

Samþykkur vegna Sandfellshaga og Lækjardals

Stephán Stephensen

(umb madr)

Samþykkur fyrir eign mína Víðirhól

Kristján Kristjánsson

Somuleiðis Kristín Eiríksdóttir

Samþykkur fyrir Austaraland og Bjarnarstaðaland

Joh. Pálsson Páll Jóhannesson.



[Innskot á spássíu] Lýst, en þó ófullkomid Brjef 14. júlí 1952, sem er of seint
ítök er fylgja máldögunum, er til eru fyrir Hafrafellstungu samhljóða eru þessir:

~~1. Skógarhögg í Lækjardalskinn.~~

[Innskot á spássíu] Ekki lýst samkv L 100-1940

~~2. Teig á Núpsmýri er Leistur heitir hálfsmánaðar verk réttisvísni vestur frá Lomalynd í Hals
hvort viku vertim af öðru í móts við Gunnsteinsstaðateig~~

[Innskot á spássíu] Ekki lýst í tæka tíð samkv. augl. f. 20. maí 1953

~~3. Oddsnes á austursandi, reka með öllum gögnum útá sandi skal þá Hafrafell frami liggja
við Núpinn og ganga þar til að frammi er öxlin á Sandfelli~~

~~Hafrafellstungu 20 Janúar 1888.~~

~~G. Eiríksdóttir S. S. Eiríksson~~

~~Sigurveig Sigurðardóttir~~

~~(eigendur)~~

~~Aður betri upplýsingar fást get eg ekki samþykkt ofan nefnd ítök í land Munkaberarkl.
jarða~~

~~Stephán Stephensen.~~

~~Skinnastaðahrepps vegna sem eiganda jarðarinnar~~

~~B. Gunnlögsson.~~

~~Þinglesin að Skinnastöðum 29 Júní 1888, og innfærð í landamerkjabok Þingeyarsyslu N^o
14~~

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein Króna

B Sv.

[Innskot á spássíu] Jon á Ærlæk telur Oddsnes ásamt reka eign Hafrafellstungu. Enda
talið svo í landamerkjaskrá Skinnastaða. JS.



Nº 15.

Landamerki
Krossdals í Kelduhverfi

Að norðan og austan Byttuhól, sem er rétt ofan við svokallaðar Krossdalstungur, þaðan í suður í Stóruvörðu þá sömu línu í Háuhraunavörðu síðan í Bugudrang þaðan í Arnarhöfuð, sem er utan og vestan til í Hraungörðum þaðan sjónhendingslínu fram í Sauðklett hinn fremri og úr nefndum Sauðkletti beina línu til norðvesturs í Einstakahól, þaðan í grasklett og þá sömu stefnu í svokallað Systraskarð, sem er skammt framan og austan við Austurgarða og enn sömu stefnu útyfir móann milli Krossdals og Austurgarða í Langalækjarós, og alla leið somu stefnu útyfir Krossdalstúngur í Stórá, sem verður skammt ofan við Tungusporð, til suðausturs ræður Stórá löndum uppí Byttuhól. Þessi landamerki eru hin réttustu er eg til veit

Krossdal 14 Januar 1888.

Sigurður Bjarnarson.
(eigandi Krossdals.)

Framangreind landamerki samþykk eg fyrir eignarjörð mína Keldunes.

Indr Isaksson

Samþykkur vegna Garðkirkju

Þorleifr Jónsson.

Hér að framan ritað landamerkjabréf afhendi eg Sigurður Bjarnarson herra Þorði Floventssyni til Fullra nota og umráða sameiganda Krossdals.

Krossdal 11. Júní 1888

Sigurður Bjarnarson.

Að Sigurður bondi á Syðri bakka, sé búinn að afhenda Þorði bónda í Krossdal þetta framanskráða landamerkjabref til fullrar eignar og umráða er eg til kvaddur vottur að

Keldunesi 11. Júní 1888.

Indr Isaksson

somul. G. Guðmundsson.

Þinglesið að Keldunesi 30. Júní 1888, og innfært, Landamerkjabók Þingeyarsyslu Nº 15.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



N° 16

Landamerki
Leifsstaða í Axarfirði

Að vestan Brunná; að sunnan: Úr Leifsstaðabjargi og beina stefnu í Mannholt mitt og þaðan beina stefnu ofaní Brunná; að austan: úr Fjórðungshól beina stefnu í Arnarþúfu, síðan beina stefnu í Sjónarhól, síðan beina stefnu úr Sjonarhól í vörðu á Háubrekku og ræður síðan Háa brekka í Háubrekkubungu. Að norðan úr Lindanesi hjá hjá Brunná eftir garði í Háubrekkubungu.

Skinnastöðum 10. ag. 1885.

Þorleifr Jónsson.

Samþykkt Gilsbakka vegna

Ingibjörg Nikulásdóttir.

Samþykktur vegna Sandfellshaga, Lækjardals og Ærlækjar

Stephán Stephansson

Samþykktur Klifshaga vegna

K Arnason

Eigandi Klifshaga

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Þinglesin að Skinnastöðum 29. Júní 1888 og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o 16.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



N° 17.

Landamerki

Sigríðarstaða í Hálshreppi.

Að austan ræður: Merkgil og bein lína úr því í Litlutjarnalæk yfir um stein í Mýrinni. Að sunnan ræður: Litlutjarnalækur, sem útfrá kallast Kamsá og svo bein lína, sem hugsast dregin frá vörðu á móhorni austur í mitt Sandberg í Kambstaðalandi og er lína þessi nú afmörkuð með vörðum, svo ræður Þingmannalækur. Að vestan ræður: Merkjárgil og lína sem hugsast dregin í Svartsholtssenda og verður hlaðin þar varða er gamla varðan stóð. Að norðan ræður Sigríðarstaðafjall

15. okt. 1886

Skúli Kristjánsson.

eigandi og umraðam.

Sigríðarstaða

Þessu samþykkur Petur Jónsson prestur að Hálsi fyrir land Hals og kirkjujarðanna Birningsstaða og Kambstaða.

Samþykkur vegna Munkapverarklausturjarðar Litlutjarnar í Ljósavatnshreppi

Stephan Stephensen

Umboðsmaður

Þessu samþykkur

Jóhann á Víðivöllum

fyrir hönd Helga Austman

eiganda Fornastaða.

Þinglesin að Hálsi 6. Júní 1888, og innfærð í landamerkjabok Þingeyarsyslu N° 17.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



N° 18

Landamerki
Meiðavalla í Kelduhverfi

1. Að sunnan frá Arndísarhól er nokkrir nefna Tanghol lítið eitt til norðausturs að Byrgilsbotnum þar sem botnlækurinn fellur ofaní Byrgið. Þaðan beina stefnu yfir hviltina í Byrgisbjörgunum úti hamar þann er stendur suðaustur frá Meiðavallabæ, og svo þaðan beint úti vesturjaðar á Áslandi.
2. Að vestan úr Arndísarhól beint til norðurs austan til við Hágjá, og þaðan sömu stefnu úti Áveggjispúfu, og aftur þaðan beint neðan við Kolholt út að Áslandi.
[Innskot á spássíu] Itaki ekki lyst eftir áskorun 20.5.´53. niðufallið.
3. ~~Þess ber að gæta, að eftir áðurnefndri áreiðargjörð eiga Meiðavellir ekki aðra hagbeit fram í Byrginu en fyrir lömb á hausti.~~

Meiðavöllum 27. Maí. 1846

Vegna mín og móður minnar
eiganda Meiðavalla

S. Gunnlaugsson.

Vegna Ásseiganda Jons Björnssonar

E. Gottskálksson.

Þann 8. Júní 1889 þinglesin að Keldunesi og innfærð í Landamerkjabok Þingeyarsýslu N^o 18.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



Nº 19

Landamerki
Gilsbakka í Axarfirði

Að sunnan ræður Gilsbakkaá; að vestan utmeð ásnum á Timburlag; ræður þá garður er liggur til kletta þeirra er Lækjardalsbjörg heita þaðan í Fjargil og Fjórðungshóls, að austan úr Fjórðungshól í vörðu við Gilsbakka

Akurseli 10 Ágúst 1885.

Ingibjörg Nikulásdóttir

Samþykkur vegna Lækjardals

Stephan Stephensen

Samþykkur vegna Leifsstaða

Þorleifr Jónsson

Samþykkur vegna Hafrafellstungu

S. S. Eiríksson Guðrún Eiríksdóttir.

Þinglesin að Skinnastoðum 7. Júní 1889. og innfærð í landamerkjabok Þingeyarsyslu N. 19.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



20 N°

Landamerki
Þverár í Axarfirði

Að sunnan úr Merkidal beina stefnu í Vörðuhól, þaðan beina stefnu í vörðu á Kálfhól, þaðan beina stefnu í vörðu utan á hrauntanganum við Ormarsá þar sem Axarfjarðarheiðar vegurinn liggur ofan í ána, þaðan beina vestur í miðjan austari Kálfhól, þaðan beina stefnu utan við ytra Þverahorn þaðan beina stefnu í mitt Merkgil þaðan beina stefnu í vörðu á austari Brunnárbakka.

Land fyrir vestan Brunná eftir gömlum Kalfskinnsmáldaga nfl. bein stefna vestur af Merkidal vestur í afgamlan farveg eda laut er liggur útúr Hornskurði þar sem hann beygir í austur og allt úti Brunná beint á mots við Merkgil

Ingibjörg Nikulásdóttir

Sem umboðsmaðr Nups og Sandfellshaga samþykkur

Stephan Stephensen.

Samþykkur Klifshaga vegna

Kristján Árnason

Samþykkur vegn Skinnastaða

Þorleifr Jonsson.

Samþykkur vegna Arnarstaða

Jón Sigurðsson

Þinglesin að Skinnastoðum 7. Júní 1889. og innfærð í landamerkjab. Þingeyarsyslu N° 20

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



N° 21.

Landmerki

Daðastaða og Þjófsstaða í Presthólahreppi

Að sunnan: Úr vörðu á austari Brunnárbakka beina stefnu á vörðu í Merkinesi, þaðan beina línu í vörðu á Laugás svo sömu stefnu í ytri Kálfhól.

Að utan: Úr Naustárfossi í Grafagerðishnútu, þaðan beina stefnu sunnan í Fiskhól, þaðan í vörðu á Núpabrunum suður og upp af Lambhúshólum, svo sömu stefnu í syðri Tougilsenda, enn sömu stefnu í syðsta Þríhyrning og síðast í fyrnefndann Kálfhól.

Rekaland: Frá Naustárfossi og fram á móts við Sandvíkurstapa.

Daðastöðum 6. Ágúst 1887.

Þ. Þorsteinsson

(Fullmektugur.)

J. Rafnsson

vegna eigenda

Jóns Sigurðssonar.

Landamerkjaskrá þessi er samin af ábúanda jarðarinnar Daðastaða eftir fullmakt frá mer undirskrifuðum, sem umboðsmanni Munkaþverarklausturs, og samþykktist hún því hérmeð hvað þessar jarðir snertir [á]samt landssjóðsjörðina Núp.

Akureyri 13 Apríl 1889.

Stephán Stephensen.

Þinglesin að Presthólum 6. Júní 1889, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu N° 21

B. Sveinsson.

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein Króna

B Sv.



N^o 22.

Landamerki

Arnarstaða í Núpasveit.

Að sunnan: Úr Naustarfossi, ræður áin að Grafargerðishnútu, þaðan beina stefnu sunnan í Fiskhól síðan í vörðu á Núpabrún sunnan við Lambhúshóla, þaðan í suðurendan á Núpabrún sunnan við Lambhúshóla, þaðan í syðri endan á Tóugili, svo í syðsta Þríhyrning þaðan í Kalfhól, síðan í hraunnef, sem næst er utan við Mýrarsel.

Að utan: Úr bjarginu rétt við Naustá, þaðan í vörðu utan til á Kjalarás, þaðan í Stórhól, síðan í vörðu á Hálsabrún svo í Skottuþúfu þaðan beina stefnu í hraunnef, sem er næst fyrir norðan Arnarstaðavatn, þaðan eftir sömu línu til Ormarsár, sem ræður á austurkant landamerkjum til áður umgetins hraunnefs fyrir utan Mýrarsel.

[Innskot á spássíu] Ekki lýst samkvæmt áskorun 20.5.´53. Því niðurfallið. J.S.

~~Trjáviðar og hvalreka ásamt fjörubeit eiga Arnarstaðir fyrir Valþjófsstaðalandi frá Naustarfossi til næstu bjargsnafar. (Stakkanafar) í svokolluðum Arnarstaðabás. Hestagöngu undir Kalfafjöllum í Arnarstaðalandi eiga Valþjófsstaðir fyrir sína gripi.~~

Skinnalóni 12 Ágúst 1887

Jón Sigurðarson

Landamerkin samþykkji eigendur Einarsstaða og Valþjófsstaða

K. Benjaminsdóttir Jón Jónsson S Rafnsson

I Rafnsson Þ Þorsteinsson

fullmektugur umboðsins

Framanskriðuðum landamerkjum er eg samþykkur vegna landssjóðjarðanna Efrihóla og Daðastaða með Þjófsstöðum.

Stephan Stephensen

(umboðsmaður)

Þinglesið að Prestholum 6 Júní 1889, og innfært í landamerkjabók Þingeyarsyslu N^o 22.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein króna

B Sv.

N^o 23.

Landamerki

Hafursstaða og Áss í Pistilfirði.

Að vestan ræður Sandá framan frá Tröllkonuhlaupi útað grófarósi. Að utan ræður bein lína frá Grófarósi við Sandá rétt í austur til Hólknár, og voru á þeirri merkilínu við áreiðargjörð 20. júní 1853, er landeigendur á báða vegu samþykktu hlaðnar 7 vörður:

1. Á næsta leyti austan við Sandá.
2. Á lítilli mýrarhæð.
3. Á melöldu skammt fyrir vestan Geldingalæk
4. Sunnan til á Móhala.
5. Á mó austan við breiðan flóa.
6. Á móöldu framan við vélindisás.
7. Á holti skammt vestan við Hólkná.

Að austan ræður Hólkná, og að sunnan bein lína í vestur frá Hólkná miðja vegu milli Hafursstaða og Hvapps um Balafellsbrún til Tröllkonuhlaups.

Nesi 29. Janúar 1883.

Vilhjálmur Þorsteinsson.

Þessum landamerkjum er eg eigandi og umráðamaður jarðanna Hvapps og Kerastaða samþykkur

Papey 8 Apríl 1885.

Lárus Guðmundsson

Landamerkjum þessum erum vér samþykkir fyrir Svalbarðshrepp sem á Vatnsenda í hreppsnefnd Svalbarðshrepps 20. okt. 1888.

Hjörtur Þorkellsson Sigurbjörn Friðriksson

Jón Árnason

Framanskrifaðri landamerkjasetningu er eg að öllu leyti samþykkur hvað jörðina Leirlæk snertir fyrir hönd hins ómynduga erfingja Sigurlaugar Guðmundsdóttur

Saurbæ 10 Apríl 1889

Stefán Pétursson

(settur fjárhaldsm.)

Þinglesin að Svalbarði 5. Júní 1889, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o 23.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein króna

B. Sv.



N^o 24.

Landamerki

Víkingavatns í Kelduhverfi.

Að austan: Ur Lönguhlíðarenda hinum fremri réttsýnis í austasta Hesthól, þaðan beint í vörðu á austari Veggjarendanum, þaðan í miðjan Miðhróskil austan við svonefnda Helguklöpp, svo vestanvert við alla Grásíðumýri úti miðjan Kvíslarkjaft, þaðan sem kvíslin ræður austur undir Holubjörg, þaðan eftir Sellæknum, sem er rétt fyrir utan Holubjörgin allt uppá móts við Bænhusklett hinn stóra, þaðan í miðjan Bringukoll þaðan í Skorning vestan við svonefndann Hrúthólma og svo þaðan beint í norður til sjávar.

Að framan: Úr fremri Longuhlíðarenda réttlínis í Rauðhól.

Að Vestan: Úr Rauðhól beint í Þríhyrning þaðan í Sjónarhól, sem er suðaustur af Sultaveggjarendum vestari, þaðan í holt vestaní Litlumýri, þaðan í vestustu Hraunatá og svo sömu stefnu til sjávar.

Rekamork að austan: Austasta Holubjarg sem á eru höggvir stafirnir R. M. á að bera í austanverð Hrútafjöll.

Víkingavatni 16. maí 1885.

Þorarinn Bjarnarson

Kristján Árnason

Samþykkur landamerkjunum milli Grásíðu og Víkingavatns

Grásíðu 26. maí 1887.

Þórarinn Þórarinsson

Að því er snertir landamerkjalinuna frá fremri enda Lönguhlíðar til Rauðhóls er eg sem umboðsmaður Þeistareykjalands samþykkur ofan ritaðri landamerkjaskrá

Múla, 14. Sept. 1887.

B. Kristjánsson

prestr að Múla

Samþykkur hvað Lónsland áhrærir.

Lóni 4/11 1887.

A Kristjánsson

Vegna Fjallaeiganda

E. Gottskálksson.

Þinglesin að Keldunesi 8. Júní 1889, og innfærð í landamerkjabok Þingeyarsýslu N^o 24.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



N^o 25.

Landamerki

Tóveggs í Kelduhverfi

Eru eftir samningi dagsettum 18. júlí 1848 í millum Toveggs og Grenjaðarstaða kirkju lands að vestan verðu, og Toveggjar og Meiðarvalla lands að austan.

1. Að framan og vestan frá Ásslandi úr vörðu er stendur spölkorn sunnan við Víðirgerði, þaðan í norðaustur átt í fremri olboga á austari túngarði á fyrnefndu Víðirgerði, þaðan rétt sýnis í stein þann er liggur yfir gjáarsprungu spölkorn suðaustan við Tjaldvörðugerði, þaðan beina stefnu í vörðu utan og austan til á svokölluðum Vörðuás þaðan réttsýnis í ytri veggjarenda svo langt sem Toveggjarland nær, ekki lengra úteftir en móts við aveggjarleiti.

2. Frá Áveggjarleiti beint til austurs í Aveggjarþúfu.

3. Frá nefndri Áveggjarþúfu til suðurs beina stefnu austan til við hjággjá og þaðan beina stefnu í fremri Tanghól, er sumir kalla Arndísarhól þar sem Ássland tekur við að sunnan.

Vegna Ásseiganda

S. Gunnlögsson

Jóns Bjarnarsonar

vegna systur minnar

E. Gottskálksson.

Rannveigar eiganda Toveggs.

Vegna Grenjaðarstaða kirkjulands.

B. Þ. Vikingur.

Þinglesin að Keldunesi 8. Júní 1889, og innfærð í landamerkjabok Þingeyarsyslu N^o 25.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein króna

B Sv.



N° 26

Landamerki

Grenjaðarstaðakirkjulands í Kelduhverfi

Frá merkjalínu utanaf sandi til suðvesturs í Oddagerðið-neðra og þaðan sömu stefnu í vörðu skammt neðan við Skollhól, þaðan í Einbúa og enn í beinni línu í Þjófaborg svo öll þessi merki bera saman í beinni línu í Þjófaborg en svo beyist stefnan meir til suðurs beint fram í Merkiþúfu, sem er fremst í landinu, og þaðan aftur í vörðu, er stendur spölkorn sunnan við Víðirgerði þaðan í Norðausturátt í fremri olboga og austara tungarð á nefndu Víðirgerði. Þaðan réttisýnis í stein þann er liggur yfir gjáarsprungu spölkorn suðvestan við Tjaldvörðugerði, þaðan beina stefnu í vörðu utan og austan til á svonefndum Vörðuás, þaðan réttisýnis í Ytri veggjaenda svo langt sem Tóveggjarland nær þaðan sem Tóveggjarland endar til norðurs mótsvið Aveggjarleiti, beint ur nefndu leiti austur í Sjónarhól, þaðan í Áveggjarþúfu og svo þaðan skálínu til norðausturs út að Áslandi.

Sem umboðsmaður fyrir Undirvegg og Ás

E. Gottskálksson.

Samþykkur sem umboðsmaður Hóls

Indr. Ísaksson.

Að Keldunesi 8. Júní 1889 Fyrir hond prestsins að Grenjaðarstað eftir fullmakt

B. Þ. Víkingur.

Þinglesin að Keldunesi 8. Júní 1889, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu N° 26.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein Króna

B Sv.



N° 27

Landamerki

Guðmundarstaða í Ljósavatnshreppi.

Að austan ráða merkjum, milli Hóls og Guðmundarstaða reiðgötur þær er liggja neðarlega í Kinnarfelli skamt ofan við Rangá.

Að Sunnan skiftir gamall garður landinu í fjallinu milli Yztafells og Guðmundarstaða neðan frá Rangá og uppá fjallsbrún, þar fyrir vestan ráða merkjavorður upp Guðmundarstaðahól og upp á svonefnt Vesturfjall.

Að vestan ræður hábrún Vesturfjalls.

Að norðan skiftir landinu lækur sá eða gil er liggur ofan fjallið norðan við Guðmundarstaðatungu, er lækur sá merkilækur milli Guðmundarstaða og Hrappstaða, allt neðan frá Rangá og vestur á Selás ofan við Guðmundarstaðamýrar, suður frá Hrappstaðaöxl; Fra Selás og uppá vestur fjall ráði vörður merkjum milli jarða þessara.

Guðmundarstöðum 18 maí 1889.

Jónas Jónsson
ábúandi.

Hinsvegar rituðu merkjaskrá samþykkir eg undirrituð sem eigandi og abúandi Yztafells.

Yztafelli 19. maí 1889.

Guðbjörg Árnadóttir

Samþykkur, sem eigandi að 1/7 úr Hóli

Yztafelli 19 maí 1889.

Sigurður Jónsson

Samþykkur sem ábúandi á 6/7 úr Hóli og eigandi að 1/2 jörðinni.

Staddur að Yztafelli 19 maí '89

Hans Kristjánsson

Samþykkur þessu sem ábúandi Hrappstaða

Staddur að Yztafelli 19 maí '89

Jóhannes Friðbjarnarson

Þinglesin að Ljósavatni ~~7. Júní~~^{24 maí}, 1889, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o 27.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein króna

B Sv.



Nº 28

Landamerki
Stóruvalla í Bárðardal.

Að sunnanverðu skilur Sexhólsstaðagil, lönd Stóruvalla og Litluvalla úr miðju gilinu bein stefna í Skjálfandafljót hvar merkivarða nú er sett á svonefndum farvegum. Úr efri enda Sexhólsstaðagils ræður bein stefna til vesturs uppá Vallnafjall og svo langt vestur sem vatnsfjöll deila sveita á milli, svo norður fjallið gegnt svo nefndri Biskuþbsvörðu, sem er óumþrætt land milli Stóruvalla og Sandhauga frá ómunatíð. Svo bein stefna austur í svo nefnda Biskubsvörðu, og úr henni ræður sama stefna ofan fjallið í klett þann, sem norðast stendur í klifinu milli Stóruvalla og Sandhauga og sem hér eftir nefnist merkiklettur, svo úr nefndum kletti austur yfir fljótshvíslina hvar merkivarða nú er sett. Ræður síðan Skjálfandafljót merkjum suður til fyrgreindra ummerkja.

Þannig skrásett eftir gömlum vitnisburðum

að Stóruvöllum 17. Októbr 1883.

Jón Benediktsson eigandi og abúandi Stóruvalla.

Framanskriðuðum landamerkjum milli Stóruvalla og Sörlastaða er eg samþykkur

S. Bergvinsson.

Eigandi og abúandi Sörlastaða

Tomas Friðfinnsson

Eigandi og abúandi Litluvalla

Pétur Jónsson

Fyrir Sandhaga

Þinglesin að Ljósavatni 24. maí 1889, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu Nº 28.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



Nº 29

Landamerki

Undirveggs í Kelduhverfi.

1. Fra Kerlingarhól beina skálínu til norðausturs í Merkiþúfu þaðan til norðurs í svonefnda Þjófaborg er stendur vestan við Ingverðarstaðaás, svo enn til norðurs sömu stefnu í klett þann, sem stendur suðvestur af Skollahól og vestan við svonefnt Hlíðahorn, er kallaður er Einbúi þá úr Einbúa til vestast í Skéllukjapt
2. Úr Skéllukjapti lítið eitt til suðvesturs í Skerslishóla, sem standa nokkuð norðan við Reykjaheiðarbraut. Úr Skerslishólum beint til suðurs í Skinnstakkanibbu og þaðan til suðurs í Kerlingarhól.

að Ási 10. Júlí 1888.

I umboði B sýslumanns

E. Gottskálksson.

Fyrir Grenjaðarst. kirkjuland

B Kristjansson

í umboði Áss eiganda

E Gottskálksson

Sigurbjörn Friðriksson eigandi Hols í Keldurhverfi

það eg hef alið allan aldurinn í Kelduhverfi og er nú á áttræðis aldri og er því vel kunnugt um landamerki flestra jarða í þeirri sveit þá get eg borið um það að landamerki þau sem tilgreind eru í landamerkjabréfinu fyrir undirvegg eru hin réttu eftir því sem eg hef fyr og síðar heyrt eldri og yngri menn frá segja

Þetta er eg reiðubúinn til að staðfesta með eyði ef þörf gjörist

Ási 2 desembr. 1888

E Gottskálksson.

Þinglesin að Keldunesi 8 Júní 1889, og innfærði í landamerkjabók Þingeyarsýslu Nº 29.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

1,00

Ein Króna

B Sv.



N^o 30.

Landamerki
Borgna í Pistilfirði

1. Landamerkjálína milli Borgna og Vallna er úr yztu forvaða á Vallnafjörum í Lautinantsvörðu á Viðarfjallinu, þaðan í Skeiðflatargil og þaðan beina stefnu sunnan við Urriðatjörn vestur á Fjallgarð.

2. Milli Borgna og Kollavíkur; Úr vörðu (rekamark) og í árósin og með anni sem skilur á milli í Kjarnagilslæg þaðan í mitt Kollavíkurskarð. Allan reka á jörðin Borgir fyrir landi sínu frá yzta forvaða á Vallnafjörum í vorðuna sem er rekamark.

Raufarhöfn 1. maí 1889.

Jakob Gunnlogsson

Landamerkjum þessum er eg samþykkur millum Borgna og Vallna

Jón Bjarnarson.

Þinglesin að Svalbarði 5. Júní 1889, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu N^o 30

B. Sveinsson

Borgun: Bókun 25

Þingl. 75

1,00

Ein Króna

B Sv.



Nº 31

Landamerkjaskrá
Kollavíkur í Pistilfirði

1. Milli Kollavíkur og Borgar: Úr vörðu (rekamark) og í árósin og með ánni sem skilur á milli, í Kjarnagilslæg, þaðan í mitt Kollavíkurskarð.

2. Milli Kollavíkur og Krossavíkur: Frá Þúfu á Lokabjargsbrún (sem nefnd er Fjárdrápsþúfa, og stendur upp af yzta forvaðanum) og beint í vestur á Hraunfjallshóla sunnan við hraunfjall þaðan í Þernuvatnslæg þar sem Krossavíkurselsvegurinn frá Krossavík, liggur yfir, og svo beint á utanverða syðri Hofaskarðsöxl.

Allan reka á jörðin fyrir landi sínu frá vörðu (rekamarki) að yzta forvaðanum á takmörkum Krossavíkurlands að sunnan en Kollavíkurlands að norðan.

Raufarhöfn 1. maí, 1889.

Jakob Gunnlögsson.

Samþykki fyrir hönd eiganda Krossavíkur, sem við erum fjárhaldsmenn fyrir.

Hjörtur Þorkellsson Árni Davíðsson

Þinglesin að Svalbarði 5. Júní 1889, og innfærði í landamerkjabók Þingeyarsýslu Nº 31.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



Nº 32.

Landamerkjaskrá
Ness í Grýtubakkahreppi.

Að vestan frá Fnjóskárósnum er Eyafjörður takmörk jarðarinnar og svo lón þau er ganga úr honum til norðurs; skifta þau eftir miðjum farvegi löndum milli jarðanna Höfða og Ness.

Að norðan ræður móti Sundi og Hóli, fyrst miður farvegur lónanna og eftir það bein lína í svokölluðum Toppinn úr miðjum lonunum utan við Kiðanes upp að Grýtubakkamerkjum en þau eru á stíflugarði utan við Skóargerðishorn rétt sunnan við ytra ræsið á garði þessum. Þaðan ræður móti Grýtubakka flæðakillinn upp að Hléskógalandi nema hvað Grýtubakki á dálítið horn sunnan við hólinn í gamlan uppgróin farveg hans útaf Kétislág í Neslandi.

Að austan ræður fyrzt móti Hléskógum flæðakillinn meðan hann rennur til norðurs og efir að krókur verður á honum bein lína úr Kílskróknum suður í Sóleyardý, en frá Sóleyardýi ræður móti Sómatjörn og Grund forn merkjagarður beint suður til Fnjóskár. Þar eftir ræður móti Laufási yzta kvísl árinna niður að efri enda Bótólfseyar, en eftir það farvegur sá eða kvísl, sem rennur næst utan við Bótólfey allt til sjáar.

Nesi 16. maí 1889.

Einar Asmundsson

Að því er snertir jarðirnar Höfða og Sund er eg framanritaðri merkjaskrá samþykkur.

G. Ólafsson

Framanritaða landamerkjaskrá samþykki eg undirskrifaður eigandi að 1/2 Grýtubakka.

Grýtubakka 18. maí 1889.

Þorsteinn Jónasson

Framanritaða landamerkjalytingu samþykki eg undirskrifaður eigandi að hálfum Grýtubakka

Vilhjalmur Þorsteinsson

Að jörðunum Hóli og Hléskógum er sami eigandi sem að Nesi

Einar Ásmundsson

Sem umráðamaður Laufasstaðar er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá.

Magnús Jónsson.

Þinglesin að Grytubakka 21. maí 1889. og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu Nº 32.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 0.75

Bokun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



Nº 33

Landamerki

Krossavíkur í Svalbarðshreppi

Að sunnan úr Þúfu á Lokabjargsbrún, sem nefnd er Fjárdrápsþúfa og stendur upp af yzta forvaðanum og vestur beint á Hraunfjallshóla og sunnan við Hraunfjall, þaðan í Þernuvatnslæk þar sem Krossavíkurselsvegurinn (frá Krossavík) liggur yfir, og þaðan í utanverða syðri Hófaskarðsöxl, þaðan norður háfjallgerðin á móts við mitt Deildarvatn beina stefnu á Sauðá.

Reki jarðarinnar er frá Sauðá að áður nefndum forvaða hjá eða niður af Fjárdrápsþúfum [Innskot á spássíu] Itakinu ekki lýst eftir áskorun 20. maí 1953. Því niður fallið (og á Krossavíkursel eða eigandi þess 1/3 part alls viðar reka)

Fyrir hönd Sigfúsar Arnasonar, Sigurður Árnasonar og Sigríðar Árnadóttur sem eru eigendur Krossavíkur

Flatafelli 25. Janúar 1889

Gunnarsstöðum 19 febr 1889.

Hjörtur Þorkelsson

Árni Davíðsson

Fjárhaldsmenn ofanefndra systkyna

Sem eigandi Kollavíkur, sem á land sunnan að Krossavík

Jakob Gunnlögsson

Þessu samþykku

Jón Sigurðsson

eigandi Sveinungsvíkur.

Þórdís Sigfúsdóttir

eigandi Krossavíkursels.

Þinglesin að Svalbarði 5. Júní 1889, og innfærð í landamerkjabók Þingeyarsýslu Nº 33.

B. Sveinsson

Borgun: Þinglestur 0.75

Bókun 0,25

Kr 1,00

Ein Króna

B Sv.



[35r-36r]

Ár 1890, fimtudaginn hinn 23. maí var aukarjettur Þingeyarsýslu settur og haldinn að Ljósavatni af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskrifuðum vottum til þess eptir ósk Haraldar bónda Sigurjónssonar á Einarstöðum að útnefna menn í merkjadóm í landaprætumálinu milli Bjarga og Kotamýra í Kinn. Mætti fyrir rjettinum sækjandinn greindur Haraldur bóndi Sigurjónsson á Einarstöðum, sem eigandi að 1/2 Björgum og umboðsmaður meðeigandaæs mad. Sigríðar Þorbergsdóttur í Húsavík ^{Arna Magnussonar á Rauðuskriðu} samkvæmt umboðsskjali dags. 15. febr. þ.á., sem framleggst Tölul. 1. svohljóðandi ### Lagði hann fram útdrátt úr sáttabók Reykjadalssáttaumdæmis, um árangurslausa sáttatilraun í málinu, er fram fór 19. oct. f.á. og var hún upplesin svohljóðandi # og einkennd Tölul. 2.

Fyrir hönd Helgastaðahrepps, sem eiganda jarðarinnar Kotamýra var mættur óstefndur hreppsnefndarmaður Benedikt Jónsson á Auðnum, eftir fullmakt dags. 19 maí þ.á. Einkend tolul 3.

Nefndi sýslumaður þvínæst þessa menn í merkjadóm:

1. Björn bónda Jóhannesson á Ljósavatni
2. Jón hreppstjóra Sigurgeirsson á Hvarfi
3. Karl bónda Friðriksson á Stóruvöllum
4. Jón bónda Árnason á Arndísarstöðum
5. Kristján bónda Jónsson á Úlfsbæ
6. Þorberg hreppstjóra Þórarinsson á Sandhólum
7. Sigurjón bónda Halldórsson á Hallbjarnarstöðum
8. Sigurð bónda Jónsson á Heiðarbot.

Þvínæst nefndi sækjandi þessa menn úr dómi:

1. Sigurjón bónda á Halldórsson á Hallbjarnarstöðum
2. Jón hreppstjóra Sigurgeirsson á Hvarfi.

En umboðsmaður verjanda þá:

1. Björn bónda Jóhannesson á Ljósavatni
2. Þorberg hreppstjóra Þórarinsson á Sandhólum.

Eptir þessu skipa þá merkjadóminn ~~1~~ auk sýslumannsins sem oddvita dómsins þessir menn:

1. Karl bóndi Friðriksson á Stóruvöllum
2. Jón bóndi Árnason á Arndísarstöðum.
3. Kristján bóndi Jónsson á Úlfsbæ
4. Sigurður bóndi Jónsson á Heiðarbót.

Komu málspartar sjer saman um að merkjaganga skyldi fram fara fyrri hluta Júlim. næstkomandi eptir nákvæmari ákvörðun og tilkynningu frá oddvita merkjadómsins

Rjetti slitið.

Rjettarvitni:

Björn Jóhannesson

B. Sveinsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Geirf. Tr. Friðfinnsson.

Rétt innfært

B. Sveinsson



Ár 1890. 16 dag Júlímán. var aukarettur Þingeyarsyslu settur og haldinn að Brekku í Núpasveit af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskrifuðum vottum. Var þá útnefndur í merkjadóm í landaþrætumálinu milli jarðanna Efrihóla á einahlið og Valþjófsstaða með Einarstöðum á hina og sem skipaður var 25. Júlí f.á. Vigfús bóndi Nikulásson á Núpi í stað ^{dómsmannsins} verzlunarstjóra J. Gunnlögsson á Raufarhöfn sem ekki var mættur á tilteknum stað og stundu er merkjagangan átti að framfara án þess þó hann hefði tilkynnt forföll sín.

Rettarvitni: Réttinum sagt upp
Jón Ingimundarson B. Sveinsson
Guðmundsen
Einarsson



Ár 1890 miðvikudaginn 16. Júlí var merkjadómur settur að Prestholum í landaprætu málinu milli Efrihóla á einahlið og Valþjófsstaða með Einarstöðum á hina. Þess skal getið að dómurinn var settur á þessum stað eftir samkomulagi milli málsaðila í staðinn fyrir á Brekku.

Auk sýslumannsins í Þingeyarsýslu sem oddvita, skipuðu merkjadóminn þessir menn: Samkvæmt útnefningu 25 Júlí f.á. og í dag:

1. Guðmundur Þorvaldsson bondi á Klifshaga
2. Guðmundur Jónsson bóndi á Grjótnesi
3. Stefán Jónsson bóndi á Skinnalóni
4. Vigfús Nikulásson bóndi á Núpi.

Undirrituðu þeir svofellt eiðspjall:

Eg Guðmundur Þorvaldsson, eg Guðmundur Jónsson, eg Stefan Jónsson, og eg Vigfús Nikulásson, sem kvaddur hefi verið til að vera dómsmað í ^{merkja} málinu milli Efrihóla og Valþjófsstaða með Einarstöðum, lofa og sver, að leysa þessa starfa af hendi eftir beztu samvizku og þekkingu, Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga orð.

Guðm. Þorvalarson

Guðm. Jónsson

Stefán Jónsson

Vigfús Nikulásson

Í merkjadóminn var mættur sóknaraðili Stephan Stephensen umboðsmaður fyrir hönd landssjóðs, og fyrir hönd eiganda Valþjófsstaða með Einarstöðum Ingimundar hreppstjóri Rafnssonar, Sigurðar bónda Rafnssonar og Kristjáns Sigurðssonar, var mættur sýslunefndarmaður ^{hreppstjóri} Þorbergur Þorarinsson á Sandhólum og framlagði hann umboðsskjal þar að lútandi dags. í dag, var það upplesið og einkent tölul. 6. svohljóðandi: ## En fremur lagði hann fram vottorð 3. að tölu 2 dags. 14. þessa mánaðar og eitt dags. í gær voru þau uppleisn og einkend tölul. 7. 8. og 9. svohljóðandi: ## Að svo vöxnu máli gengu dómsmenn með málsaðilum á merkinn ásamt vitnum.

B Sveinsson.

Guðm. Þorvaldarson

Guðm Jónsson

Stefán Jónsson

V Nikulásson



Ár 1890 fimmtudaginn hinn 17. Júlí var merkjadómurinn aftur settur að Brekku í Núpasveit og skipaður sömu mönnum.

Eins og þegar er getið gengu dómsmenn með malsaðilum og vitnum á merkin í gærdag og kynntu sér vandlega landsháttin og land það sem málsaðilar greinir á um, en þegar merkjagöngunni var lokið var dagur að kveldi kominn.

Mætti fyrir merkjadóminum hinn skipaði sækjandi og lagði fram sókn í málinu dags. 16. þ.m. með einu fylgiskjali sem var einkend tölul. 10. og A við tölul. 10. og upplesið svohljóðandi: ~~## Ennfremur lagði hann fram kostnaðarreikning dags. í gær sem var einkendur tölul. 11, svohljóðandi: ##~~

Þess skal getið að málsþörtum kom saman um það á merkjagöngunni, að ágreiningur málsins væri fólgin í því, hvort landamerkin milli Efrihóla á annan veg og Valþjófsstaða með Einarstöðum á hinn, ætti að vera bein lína úr syðri enda á svonefndri Efrihólagjá og uppí Skottupúfu, sem sóknaraðili heldur fram, eða úr nefndum gjáarenda, upp í vörðu á norður enda á svonefndum Daltunguás og þaðan aftur beina stefnu eftir þessum ás uppá fyrr greinda Skottupúfu, sem varnaraðili heldur fram, og myndar þrætulandið þannig þríhyrning afmarkaða ~~áðan~~ við þessi örnefni sem að yfir grípur svonefndan Vesturdal eður Kjarnagerðisdal, sem svonefnd Kjarnagerðisá rennur eftir. Sóknaraðili skýrskotaði að öðru leyti til þeirra réttarkrafa, sem hann hafði gjört í sóknarskjalinu og lagði málið í dóm með fyrirvara.

Fyrir dóminum var mættur varnaraðili og óskaði hann að fá frest um 2. stundir og skjöl sér léð, og var hvortveggja veitt og réttarháldinu frestað.

Að þessum tíma liðnum mætti varnaraðili og skilað skjölum málsins, og óskaði hann að lagðar væru spurningar fyrir vitni sem hann afhenti á skriflegu skjali, ~~er hann afhenti~~ er framlagt var í réttinum og upplesið svohljóðandi: ## og einkent töluliður 11.

Sóknaraðili bað bókað áður vitni þessi yrðu leidd: að hann mótmælti því að þau séu leidd sem vitni, af þeirri ástæðu, að þau hafi gefið vottorð um, sem framlögð hafa veið, að landamerki Valþjófsstaða með Einarstöðum, séu úr Grásteini ~~um~~ í Stekkjarhygg við Brúarlag og þaðan beina stefnu uppá Daltunguás, þar sem það er viðurkennt af hlutaðegendum ~~dómendum~~ að land Presthóla, Efrihóla og Valþjófsstaða með Einarstöðum mætist við syðri enda Efrihólagjár, og þar með sé sannað að vit[n]isburðirnir séu ekki sannleikanum samkvæmir, og krefs[t] úrskurðar um þetta atriði: Varnaraðili mótmælti þessari kröfu sækjanda af þeirri ástæðu að hann ekki byggi kröfur á hinum framlögðu vitnisburðum í þessu máli nema hvað landaþrætu á milli Efrihóla og Valþjófsstaða með Einarstöðum áhrærir, enda séu hinar framlögðu skriflegu spurningar, aðeins snertandi landaþrætumál það sem hér ræðir um nl. milli Einarstaða og Valþjófsstaða og Efrihóla, og krefst þess að vitnaleiðslan fram fari um hinar framlögðu spurningar, ennfremur mótmælti hann að nokkur sönnun væri fram komin fyrir óáreiðanlegleik vitnananna, hvað annara lönd snertir eður landamerki á millum Presthóla og Valþjófsstaða með Einarstöðum ^{er þau ræði um} sem liggja fyrir utan þetta mál.



Þar að hin fram komnu mótmæli, ekki eru þess eðlis, að þau geti veikt áreiðanlegleik vitnanna fyrir fram, og snerta í sjálfu sér aðeins það atriði hvað vitnaleiðslan skuli vera víðtæk, þá úrskurðast að vitnaleiðslan skuli fram fara.

Mæti fyrir réttinum Baldvin Olgeirsson bóndi á Þjófstöðum 49 ára gamall, var hann áminntur um sannsögli, og svarar hann þannig hinum framlögðu spurningum:

Spurningu N^o 1. Sver hann þannig að landamerkin séu frá syðri enda Efrihólagjár beina stefnu í vörðuna á Itrienda á Daltungnaás og þaðan beina stefnu í Skottupúfu.

2. Spurn[ing]u svarar hann þannig: „að það sé kallaður Kjarnagerðisdalur eða Vesturdalur vestan við þennan ás, og þar með brúkað af þessum bæjum Valþjofsstöðum og Einarstöðum þau 8. ár sem vit[n]ið var á þessum bæjum.

3. Spurningu þannig: Svarið lig[g]ur í fyrri spurningunni að þau heiti Kjarnagerðisdalur eða Vesturdalur.

4. Spurningu þannig: „Vitnið svarar Nei það hefir það ekki heyrt á þeim árum, en það geti ekki synjað fyrir að það fyrir tveim árum hafi heyrt, að Efrihóla bóndi hafi viljað eigna sér þennan dal.

5. Spurning þannig: Vitnið svarar Valþjofsstöðum og Einarstöðum.

6. Spurningu þannig: Vit[n]ið svarar nei alveg ekki.

Sóknaraðili bað vit[n]ið aðspurt, hvort vit[n]ið hefði gefið vit[n]isburð þann er lagður var fram í réttinum N^o 9. og svarar vitnið því játandi.

+ í öðru lagi bað hann vit[n]ið gagnspurt: Veit vitnið ekki til að Efrihóla bændur hafi beitt vesturdalinn? og svarar vitnið því neitandi, en synjar ekki fyrir að fé og bestar hafi ekki komið á nefndan dal frá Efrihólum

+ í þriðja lagi: Vill vitnið staðhæfa að Efrihóla bændur hafi ekki álitnið vesturdalinn eða part af honum tilheyra Efrihólum. Vitnið svarar: að hann á þeim árum er hann til vissi hafi hann ekki um það heyrt ^{verið}¹ þexað heldur að landið hafi verið brúkað átölulaust frá Valþjofsstöðum og Einarstöðum

Í fjórða lagi: Veit vitnið hvar Dalsás er. Vitnið segist ekki hafa heyrt hann nefndan heldur Daltunguás.

Fleiri spurningar voru eigi lagðar fyrir vitnið og lýsti það yfir því, að það væri reiðubúið að staðfesta þenna[n] vitn[is]burð sinn með eiði ef krifist yrði.

Mætti þarnæst fyrir réttinum Guðmundur Einarsson á Arnarstöðum 49 ára gamall var hann amyntur um sannsögli og svarar hann hinum framlögðu spurningum þannig:

1 Spurningu svarar hann þannig. Frá syðri enda Efrihólagjáar til vörðunar í norður enda daltunguass og þaðan í Skottupúfu.

2 Sp. þannig: Af því landið var brúkað frá Valþjofsstöðum og Einarstöðum.

3. Sp. þannig: Vesturdal, og Kjarnagerðisdal.

4. Sp. þannig: „Nei“ það hafi ekki annað heyrt

5 Sp. þannig: „Valþjofsstöðum og Einarstöðum.“

6 Sp. þannig: Nei ekki fyrr en í gær og það hafi hann ekki kannast við.

¹ Virðist vera bætt við síðar.



Sóknaraðili bað vitnið gagnspurt.

1. lagi hvert vitnið hafi gefið vitnisburðinn réttarskjal N^o 7 og játar vinið því með þeirri ~~þ~~ viðbót að hann myndi kannast við hann að öllu leyti þegar hann yrði þar til kvaddur.

2. Gag[n]spurningu að framan svarar vitnið neitandi.

3 svarar hann þannig: að hann hafi ekki heyrt orðað að hann tilheyrði Efrihólum.

4 svarar vit[n]ið, að hann hafi engan Dalsás hafa heyrt nefndan nema Daltunguás.

~~5 svarar vitnið:~~

Fleiri spurningar voru ekki lagðar fyrir vitnið og kvað það reiðu buið að staðfesta þann vitnisburð með eiði ef krafist yrði.

Mætti fyrir réttinum Kristján Eiríksson frá Völlum 52 ára gamall er hann áminntur um sannsogli og svarar hann hinum framlögðu spurningum þannig:

1. Sp. svarar vitnið. Fra syðri enda Efrihólagjáar til vörðu á Daltunguás og þaðan í Skottuþúfu“.

2. Sp. Á því að hann frá barndómi hafi heyrt að þetta væri Kjarnagerðisdalur og óátaldri brúkun á téðum dal frá Valþjófsstöðum og Einarstöðum þar sem hann sé upplalinn

3. Sp. Kjarnagerðisdal eða Vesturdal.

4 Sp. Nei aldrei ~~heyr~~ annað.

5 Sp. Valþjófsstöðum og Einarstöðum.

6. sp. Nei, aldr[e]i fyrr en í gær. ~~þa~~

Sóknaraðili óskar að hinar 4 gagnspurningar seu lagðar fyrir þetta vitni.

1. Sp. svarar vitnið, jatandi og að hann myndi standa við hann ef að hann yrði þar til kvaddur.

2. Sp. Aldr[e]i beitt hann fyrir þá tíð sem vitnið var á Valþjófsstöðum en tekur ekki fyrir að fé eða gripir hafi hlaupið þangað ens og gerist en aldrei verið hal[d]ið þar að staðaldri.

3. Sp. hann segist ekki hafa minni til að Efriholabændur hafi tileinkað ser hann þá tíð sem hann var á Valþjófsstöðum.

4. Sp. Vitnið segist ekki vita hvar hann sé og ekki þekkja nema Daltunguás.

Fleiri spurningar voru ekki lagðar fyrir vitnið, og kveðst það reiðubúið að staðfesta þennan vitnisburð með eiði ef krafist yrði.

Mætti þá fyrir réttinum vitnið Guðrun Guðmundsdóttir á Valþjófsstöðum 50 ára gömul og var hún áminnt um sannsögli ~~og svarar hun hinum framlögðu spurningum~~ og var henni sýndur vitnisburðu er hún hafði gefið og hann lesinn skýrt upp fyrir henni, og kannaðist hún við að hafa gefið hann og getur staðfest hann með eiði og var vitnisburðurinn framlagður tölul 12 og upplesinn svohljóðandi: ##

Soknaraðili óskaði að önnur og þriðja gagnspurning hér að framan væru lagðar fyrir vitnið. og svaraði vitnið hinni fyrri á þessa leið: Að þegar það fyrir 37 árum var á Efrihólum hefði báðir dalirnir Vesturdalur og Austurdalur verið átölulaust brúkaðir fyrir bithaga af öllum jörðunum Efriholum, Valþjófsstöðum og Einarstöðum.

Síðari spurningunni svarar hún þannig: „Að það hafi hun aldrei heyrt orðað“



Ennfremur það soknaraðili vitnið gagnspurt hvort vitnið hafi heyrt Valþjófsstaðamenn tileinka sér dalinn? Hún segir, að það hafi verið umtalslaust að sinni vitund“.

Enn fremur óskaði varnaraðili vitnið aðspurt: Hvort hun hafi heyrt nefndan Dalsás fyrir vestan Kjarnagerðisá? Og svarar vitnið því neitandi.

Og í öðru lagi: Hefir vitnið heyrt nefndan Dalsás og hvar þá? Því svarar vitnið þannig: Að ásin fyrir austan nefnda á hafi hún ýmist heyrt kallaðan Dalsás eða Daltunguás.

Fleiri spurningar voru eigi lagðar fyrir vitnið en það kveðst geta staðfest þennan vitnisburð með eiði ef krafist verður.

Að gefnu tilefni lýsti soknaraðili því yfir að hann tæki vitnisburði hinna leiddu vitna jafn gilda eins og þeir væru staðfestir með eiði.

Því næst lagði varnaraðili fram lögfest[u] dags. 21. Júní 1804, útdrátt úr jarðatali Johnsens prentuðu 1847, eftirrit úr jarðabók Árna Magnússonar með staðfestingu 2. Des 1885.

Vitnisburð skriflegan dags. 28. Júní 1801. 2 bréf til amtsins dag. 16 Juli og 3 Desbr. 1889 og 2 svarbréf amtsins dags. 1. Okt 1889 og 14 Juni 1890. Skjöl þessi voru einkend tölul. 13-20. og upplesin svohljóðandi: ##

Enn fremur það hann bókað: Til skyringr hinum heiðraða rétti, leyfi eg mér að leiða athyggli hans að því, að brúkun sú sem talin er af sækjanda í varnarskjali hans á hinu hérum þrætta landi, er aðeins yfiringangsbrúkun hins núverandi ábúanda Efrihóla mynduð fyrir 3-4 árum, eins og hin framlögðu skjöl sýna og mótmæli eg fastlega að brúkun þessi hafi nokkra lagalega þyðingu á eignarrétti landsins, þar sem henni þegar í byrjun var mótmælt af hlutaðeigandi eigendum Einarstaða og Valþjófsstaða og eg nú sömuleiðis mótmæli sem ólögætri, mótmæli eg og enn fremur þeim framburði sækjanda að eigendur Valþjófsstaða og Einarstaða hafi viðurkennt brúkun Efrihóla ábúanda á Kjarnagerðisdal. Að öðru leyti skal eg liða athyggli að því, að það er eftirtektavert, að ábúandi Efrihóla eftir meira en 20 ára ábúð hans þar skuli hafa aðeins fyrir fáum árum byrjað að brúka landið, og það má með sannni segja, að það muni einmitt vera af því hann sem valdið hafi þrætu þessari, með þeim framburði er hann hefir gefið umráðendum Þjóðjarðarinnar Efrihóla, sem fyrirskipað hafa málssókn þessa, enda sýnir og amtsbrefið af 14 Janúar þ.á. réttarskjal N^o 1 20 að það (hið háa amt) hefir álitnið feti frammar stigið í byrjun þessa máls, en ástæða var til þar sem það aftur kallar skipun sína um brúkun Kjarnagerðisdals af hálfu ábúanda Efrihóla að miklu leyti. Skal eg enn fremur taka það fram, að öll lögskil til hins opinbera af eyði jörðinni Kjarnagerði hafa til þessa verið greidd af eigendum Einarstaða og Valþjófsstaða ábúendum.

Samkvæmt hinum framlögðu skjölum og sönnunum sem fram eru komnar frá minni hálfu í máli þessu hlýt eg fastlega að mótmæla hinni framkomnu landamerkjalinu sækjanda fyrir Þjóðjörðinni Efri hólum en verð að gjöra þær

Réttarkröfur:

1 Að landamerkin milli Efrihóla á eina hlið en Valþjófsstaða með Einarstöðum á hina verði sett þessi:



1. „Úr Efriholagjárenda hinum syðri réttýnis til vörðu á Norðurenda Daltunguáss og þaðan beina stefnu til Skottupúfu“

2. Að málskostnaður allur í þessu máli verði greiddur úr ~~opinberum~~ lands-sjóði. Mótmæli eg svo öllum óeiðfestum skjölum framkomnum í þessu máli frá hálfu sækjanda, sem og öðru ósönnuðu, legg eg svo málið í dóm með vanalegum fyrirvara.

Sækjandi bað bókað: að hann mótmælti að Dalsás, sem lögfestan frá 21 Júní 1804 getur um og Daltunguás, séu það sama, með því eg hann þekki ekki dæmi til að nöfn á örnefnum séu breytt með því að lengja þau, heldur þannig að þau séu styttr, er eg hann veit mörg dæmi til, og hann motmælir að öllu leyti gildi jarðabokar Árna Magnussonar sem er óauteriseruð og því hefir ekki neitt lagagildi, en fremur vottorði Sra Arna ~~Magnússonar~~ Þorsteinssonar 28 Júní 1801. hvað landamerkin snertir þar hann sjálfur viðurkennir að hann ekki muni þau; Motmælti hann og því sem ósönnu og ósönnuðu, að núverandi ábúandi Efrihóla ekki hafi brúkað Vesturdalinn eftir vild allann sinn búskapartíma þar, að öðru leyti mótmælti eg hann öllu því af verjanda fram komnu í málinu, og skyrskotaði til sóknarskjals ~~þess~~ dags. í gær, að viðbættri þeirri rettarkröfu, að verjandi greiði verði skyldaður til að greiða af máli þessu allann kostnað. Leggur hann síðan málið í dóm.

Varnaraðili mótmælti einnig því þannig framkomna frá halfu soknaraðila sérstalega því að ábuandi Efrihóla hafi brúkað Vesturdalinn eftir vild sinni, og lagði hann málið einnig í dóm.

Málið tekið upp til dóms.

Merkjadómurinn hafinn.

B Sveinsson. Guðm. Þorvaldason Guðm. Jonsson

V. Nikulásson Stefán Jónsson

Stephán Stephansson. Þ Þórarinsson



Ár 1890 föstudaginn hinn 18. Júlí var merkjadómurinn aftur settur að Brekku í Núpasveit og skipaður hinum sömu dómsmönnum eins og áður og var þá í landaþrætumálinu milli landssjóðsjarðarinnar Efrihóla og bænda eignarinnar Valþjófsstaða með hjáleigunni Einarstöðum í Núpasveit kveðinn upp svolátandi

Dómur:

Í landaþrætumáli því, sem hér ræðir um hefir umboðsmaður St. Stephensen fyrir hönd landssjóðsins gjört þá aðalréttarkröfu, að landamerki Þjóðjarðarinnar Efrihóla að sunnan verðu móts við bænda eignina Valþjófsstaði með hjáleigunni Einarstöðum, verði dæmd, bein lína frá syðri enda Efrihólagjáar og í Skottupúfu, og þá vararéttarkröfu að Kjarnagerðisasin ráði merkjum milli nefndra jarða upp að miðlæk og síðan ráði miðlækurinn til upptaka hans og svo þaðan bein stefna í Skottupúfu. Svo hefir hann og krafist þess, að eigendur Valþjófsstaða með Einarstöðum verði skyldaðir til að greiða allann kostnað af þessu máli.

Á hinn bóginn hefir Þorbergur hreppstjóri Þorarinsson á Sandhólum fyrir hönd eiganda Valþjófsstaða með Einarstöðum krafist þess, að landamerkin milli Efrihóla á eina hlið, en Valþjófsstaða og Einarstaða á hina, verði sett, á Efrihólagjáar enda hinum syðri, réttisýnis til vörðu á norðurenda Daltunguáss og þaðan bein stefna í Skottupúfu, og í öðru lagi að málskostnaður allur í þessu máli verði greiddur úr landssjóði.

Eins og ljóst varð við merkjagönguna, og tekið er fram undir rekstri málsins er ágreiningurinn í þessu máli þannig um þríhyrnda landspildu, sem takmarkast af línunum dregnum milli nefndra þriggja örnefna og myndar dalkorn, sem liggur sunnan og vestan vert við Daltunguás eða Dalsás, og nefnist ýmist Vesturdalur í mótsetningu við Austurdal, sem liggur hinumegin utan og austan við ás þennan, eða þá Kjarnagerðisdalur eftir eyðibýli, sem glögg merki sjást enn af í dalnum, enda rennur og eftir honum áarspræna, sem nefnist Kjarnagerðisá, sem ofangreind vararéttarkrafa soknaraðila miðar sig við. Hvað því nú viðvíkur, að akveða beri landamerkin milli greindra jarða með beinni línu frá syðri enda Efrihólagjáar uppí Skottupúfu, þannig að þessi Vestur- eða Kjarnagerðisdalur heyri Efrihólum til, þá fær merkjadómurinn ekki séð, að slík krafa verði byggð á því, sem fram er komið frá hans hálfu þessu til sönnunar, þar sem hvorki eru fram komin nein eignar eða heimildarskjöl, er að þessu lúta, né heldur nein sönnun byggð á lögformlegum vitnisburðum um notkun eða eignarhald á þessu landi frá halfu Efrihólamanna eða ábúenda þessarar jarðar.

Á hinn bóginn virðist merkjadóminum að séri lagi útdráttur sá j úr jarðatali J. Johnsens, prentuðum 1847, sem varnaraðili hefir framlagt, (réttarskjal 14.) og sem telur eyðihjáleiguna Kjarnagerði, sem tilheyrandi Valþjófsstöðum, í samanburði við samhljóða skýrslur þriggja vitna sem varnaraðili hefir leitt í málinu, hljóti að hafa þá þýðingu, að eigi verði öðru vísi álitid, eins og málið liggur fyrir, en að hinn umþrætti Vesturdalur eða Kjarnagerðisdalur hafi allur fyrr og seinna verið í eignarhaldi ^{eiganda} Valþjófsstaða með



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Einarsstöðum, og verið álitin tilheyra þessum jörðum, enda getur það ekki haggað þessari niðurstöðu, þó ábúandi Efrihóla á hinum síðustu árum hafi gjört tilraunir til, að ná eignarhaldi og notkun þrætulandsins.

Eftir málavöxtum virðist kostnaður malsins eiga að greiðast úr landssjóði.

Því dæmist rétt að vera:

Landamerki milli landssjóðsjarðarinnar Efrihóla á einn veg og bændaeygnarinnar Valþjofsstaða með Einarsstöðum í Núpasveit á hina, skulu verða bein lína úr syðrienda Efrihólagjár í vörðuna á norðurenda Daltunguáss, og þaðan aftur bein lína í Skottuþúfu. Dagpeningar dómsmanna samtals 63 krónur ásamt ferðakostnaði oddvita merkjadomsins eftir reikningum, greiðist úr landssjóði.

Dómurinn var í réttinum upplesinn, varnaraðili var viðstaddur, en sóknaraðili ekki.

Merkjadóminum sagt upp

B Sveinsson

Guðm. Þorvaldarson

Stefán Jónsson

Guðm. Jónsson

Vigfús Nikulásson



Ár 1890, þriðjudaginn 12 Ágúst var aukaréttur Þingeyarsýslu settur og haldinn að Granastöðum af sýslumanni B. Sveinssyni með undirskrifuðum vottum, var þá útnefndur í merkjadóm í landaþrætumálinu milli Bjarga og Kotamýra í Ljósavatnshrepp, og sem skipaður var 23 maí þ.á. Baldvin bóndi Sigurðsson á Granastöðum í stað domsmannsins Sigurðar Jónssonar í Heiðarbót, sem nú er dáinn.

Réttarvitni:

Réttinum sagt upp.

Jonas Guðmundsson

B Sveinsson

(handsal)

Júlíus Sigurðsson

Ár 1890, þriðjudaginn hinn 12. ágúst var merkjadómur settur að Granastöðum í landaprætumalínu milli Bjarga og Kotamýra.

Auk sýslumannsins í Þingeyarsýslu, sem oddvita skipuðu merkjadóminn þessir menn, samkvæmt utnefningu 23 maí þ.á. og í dag:

1. Karl bóndi Friðriksson á Stóruvöllum
2. Jón bóndi Arnason á Arndísarstöðum
3. Kristján bóndi Jonsson á Úlfsbæ og
4. Baldvin bóndi Sigurðsson á Granastöðum

Undirrituðu þeir svofellt eiðspjall:

Eg Karl Friðriksson, eg Jón Árnason eg Kristján Jónsson og eg Baldvin Sigurðsson, sem kvaddur hefi verið til að vera dómsmaður í landamerkjamálinu milli Bjarga og Kotamýra, lofa og sver, að leyða þenna starfa af hendi eftir beztu samvizku og þekkingu, Svo sannarlega hjálpa mér guð og hans heilaga orð.

Karl E. Friðriksson

Jón Árnason

Kristján Jónsson

Baldvin Sigurðsson

Fyrir merkjadóminum var mættur soknaraðili Haraldur Sigurjonsson á Einarstöðum sem eigandi halfrar jarðarinnar Bjarga og umboðsmaður fyrir sameigendur sína. Mad. Sigríði Þórbergsdóttur og Árna Magnússon í Rauðuskriðu samkvæmt aður fram lagðri fullmakt tölul. 1.

Fyrir hönd Helgastaðahrepps, sem eiganda að Kotamýrum var mættur Friðjón bóndi ^{og hreppsnefndarmaður} Jónsson á Sandi eftir fullmakt dags. 14. Júní þ.á. Var hún upplesin og einkend tölul. 4. svohljóðandi: ##

Þegar hér var komið málinu gengu dómsmenn á merki, eins og lög gjöra ráð fyrir, ásamt aðilum málsins.

B. Sveinsson

Karl E. Friðriksson

Kristján Jónsson

Jón Árnason

Baldvin Sigurðsson



Ár 1890, miðvikudaginn hinn 13, ágúst, var merkjadómurinn aftur settur að Granastöðum og skipaður sömu mönnum og áður. Eins og áður er getið gengu dómsmenn og málsaðilar á merki í gærdag og kynntu sér þrætulandið og þaraðlútandi landshætti. Mætti fyrir merkjadóminum sóknaraðili Haraldur bóndi Sigurjónsson og lagði hann fram landamerkjaskrá fyrir jörðunni Björgum dags. 19. Oktobr 1889, áður framlögð á sáttafundi sama dag, var hún upplestin og einkend tölul. 5. svohljóðandi: ##

Þá framlagði hann sóknarskjal dags. 11. þ.m. með 4 fylgiskjöllum. Voru skjöl þessi upplestin og einkend tölul. 6. og A.-D. við tölul. 6. svohljóðandi: ## Leggur hann svo málið í dóm með vanalegum fyrirvara.

Mætti þá fyrir réttinum varnaraðili Friðjón Jónsson á Sandi og framlagði hann Beneficium processus gratiuti dags. 17. Júlí þessa árs. ^{upplesið og einkent tölul. 7.} Óskaði hann síðan skjölin sér léð og frest til andsvara að tveimur stundum, var hvortveggja veitt, og rjettarhaldinu frestað.

Að þessum tíma liðnum mætti aftur fyrir merkjadóminum varnaraðili málsins, skilar skjölunum og lagði fram gjafabréf fyrir jörðunni Kotamýrum m.m. dags. 25. Sept. 1775, og vörn í málinu dags. í dag með 3. fylgiskjöllum og voru skjöl þessi upplestin og einkend tölul. 8. og 9. a.b.c. við tölul. 9 svohljóðandi: ## Jafnframt og hann sýndi í réttinum frumritað byggingarbréf fyrir jörðunni Kotamýrum dags. 1. Nóv. 1852. Loks krafðist hann að ábúandi Kotamýra Hallgrímur Hallgrímsson væri leiddur sem vitni viðvikjandi brúkun hans á landinu samkvæmt áður nefndu byggingarbréfi frá 1852.

Mætti fyrir réttinum nefndur Hallgrímur, var hann ámyinntur um sannsögli, hann kveðst vera 65 ára gamall. Óskaði verjandinn að lagðar væru fyrir vitnið þessar spurningar:

1. Kannast vitnið ekki við, að það, eftir að það fekk byggingu fyrir Kotamýrum, hafi tekið á móti leigu eftir hið um þrætta land af Guðmundi sál. Stefanssyni á Sýlalæk, sem afréttarlandi honum leigðu, áður en vitnið fékk byggingu á jörðunni, af hreppstjóranum í Helgastaðahreppi Jakobi Péturssyni?

„Þessari spurningu svaraði vitnið játandi.“

2. Man vitnið hvað leiga þessi var mikil árlega?

Vitnið svarar, að það hafi verið 15 fiskar árlega, en það muni ekki hve mörg ár það hafi verið, sem það tók á móti þessari leigu.

3. „Hvort vitnið hafi ekki notað landið óátalið, átölulaust eftir þörfum þau ár sem það hafi búið á Kotamýrum?“

„Vitnið svarar því játandi.“

4 „Hvort það ekki hafi varið landið átölulaust frá annara manna brúkun?“

„Vitnið kveðst einu sinni hafa rekið úr því afréttarfé að vorlagi.“

5. Vissi vitnið til að þetta fé, sem hann rak hafi verið rekið í landið, eða hafa runnið þangað hinsvegar?“

„Vitnið svarar að það hafi verið rekið þangað, að það álítur af Bjargamönnum því þeir hafi látið í ljósi að þeim væri byggt landið.“



6. „Urðu nokkur eftirmál um rekstur þennan?“

Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart um það.

Sóknaraðili óskaði þvínæst lagðar fyrir vitnið þessar gagnspurningar:

1. „Kannast vitnið við að ábuendur Bjarga hafi talið þrætulandið eign þeirrar jarðar?“

Vitnið svarar því játandi?

2. „Vissu ábuendur Bjarga um það að vitnið rak féð burtu úr landinu?“

„Það segist vitnið hafa frétt.“

3. „Lét vitnið sjálf ábuendur Bjarga vita um reksturinn?“

„Vitnið svarar því neitandi“.

~~(Flairi spurningar voru ekki lagðar fyrir vitnið)~~

Þá óskaði varnaraðili vitnið einnfremur aðspurt: Hvort vitnið kannist við að hafa tekið fé af öðrum til sumargöngu á þetta land fyrir leigu?

„Vitnið svarar því að það hafi í 2 ár tekið fé lamb af Baldvin í Garði gegn leigu en ekki lengur og ekki af öðrum mönnum“. og segir vitnið að þetta hafi verið átölulaust af öðrum“.

Sóknaraðili óskaði gagnspurt:

„Vissi vitnið til að Bjargamenn hafi tekið fé í þrætulandið til uppreksturs?“

„Vitnið segist hafa vitað til að Einar Grímsson ábuandi á Björgum hafi tekið fé á land þetta til uppreksturs af Jóni Bjarnarsyni þá í Rauðuskriðu, 2 eða 3 ár átölulaust“.

Flairi spurningar voru ekki lagðar fyrir vitnið og kvaðst það vera reiðubúið að staðfesta þennan vitnisburð með eiði ef krafist verði. og tóku baðir malsaðilar þennan vitnisburð jafngildan eins og hann væri þannig staðfestur. Mælti þá fyrir réttinum vitnið Jónas Guðmundsson á Sýlalæk. 66 ára gamall. Var hann áminntur um sannsögli.

Oskaði verjandi lagðar fyrir hann þessar spurningar:

1. „ Veit vitnið ekki til að faðir þess Guðmundur Stefánsson hafi haft þrætulandið á leigu frá hreppstjóra Jakobi sál. Peturssyni á Breiðumyri?“

„Vitnið segist muna glögggt að svo hafi verið.“

2. „Man vitnið hvað eftirgjaldið var af landi þessu?“

„Vitnið segir sig minni að það hafi verið 15 fiskar.“

3. „Var þessi brúkun ekki átölulaus af hálfu Bjargamanna?“

Vitnið segist ekki muna annað“.

Flairi spurningar voru ekki lagðar fyrir vitnið, en það kvaðst vera fúst að staðfesta hann með eiði ef krafist yrði, og tók sóknaraðili vitnisburðinn jafngildann eins og hann væri eiðfestur.

Leggur hann (verjandinn) síðan málið í dóm með fyrirvara.

Sóknaraðili bað ser skjölin leð til andvara eina stund. Hvortveggja veitt og rjettarhaldinu frestað. Að þessri stund liðinni mætti aptur fyrir merkjadominum soknaraðili, og skilaði hann skjölunum og leggur fram framhaldsóknaar dags. í dag og var það upplesið og einkennt tölul. 10 svohljóðandi: ## Varnaraðili óskaði bókað í tilefni af þessu sóknar framhaldi: að hann álíti það atriði málinu óviðkomandi þó hann eigi hafi neitað því að



landið vestan Svínár hafi verið eign Þóroddstaðakirkju, sem hann og heldur aldrei hafi játað, einnig segist hann hafa bent á að þrætulandið hafi tilheyrt Rauðuskriðu. Þar næst vill hann geta þess, að eftir hans skilningi, liggi það ekki í orðum lögfestu Jakobs Péturssonar, að hann telji landið að Hurðarbaki einungis austan megin Klettahryggisins, enda sé það auðsætt að þar sé ekki um afréttarland að ræða þar sem það sé einungis gróðurlaust klettabelti, en skjölin beri það með sér, að land það, sem Rauðaskriða hafi átt hafi verið afréttarland. Einnig vill hann vekja athyggli dómsmanna að því, að nefndri lögfestu hafi aldrei verið mótmælt af Bjargamönnum, nema að því leyti, sem landið að Hurðarbaki snertir. Hvað lögfestuna fyrir Bjargalandi snerti, skýrskotar hann til málsvarnar sinnar. Einnig vill hann vikja athyggli dómsmanna að því, að brúkun á landinu, hafi verið meiri frá Kotamýrarmanna hálfu. Að öðru leyti mótmælti hann öllu ósönnu og ósönnuðu, og skýrskotaði til sinna fyrri réttarkrafa og innlét málið til dóms.

Sóknaraðili mótmælti hinu nú fram komna frá hálfu varnaraðila og bætti því við, að svo framarlega, sem Hurðarbaksland, það er afsalsbréfið nefnir, sé afréttarland, geti það óldungis ekki verið, sama Hurðarbaksland og lögfesta Jakobs Peturssonar tilgreinir 1822. Einnig vill hann leiða athyggli dómsmanna að því, að það sé mjög eðlilegt, að þetta þrætuland hafi meira verið brúkað frá Kotamýrum, þar það nú ~~var þ~~ hafi verið þrætuland, og liggi svo miklu nær þeirri jörð. Innlét hann svo málið í dóm með skýrskotun til sinnar fyrri réttarkröfu og sóknarskjala. Með þeirri athugasemd ^{að hann mótmæli því} að það sé annað Hurðarbaksland, sem ~~gjafa~~ ^{afsals}bréf ¹⁴⁸⁶ ræði um og lögfesta Jakobs Péturssonar 1822, lagði verjandinn einnig málið í dóm.

Málið tekið upp til dóms. Merqadóminum sagt upp

B Sveinsson. Karl E. Friðriksson

Baldvin Sigurðsson Jón Árnason

Kristján Jónsson



Ár 1890, fimmtudaginn hin 14 Ágúst var merkjadómurinn aftur settur af sömu mönnum og áður ^{og á sama stað} og lagði oddviti fram bréf frá málsaðilum dags í dag. er þeir í því sameiginlega falla frá dómsuppsögn í málinu að svostöddu, til þess að gjöra nýja og fullkomnari sáttatilaun í málinu bréfið var uppleið og einkent tölul. 11 svohljóðandi: # Samkvæmt þessu, er málið hafið og dómsuppsögn slegið á frest, og lofa málspartar því að senda oddvita dómsins, sætt ef hún kemst á í málinu en ella eftirrit af sáttatilauninni og verður þá tiltekið hvenær málið skal takst fyrir að nýu.

Réttinum sagt upp.

B. Sveinsson.

Karl E. Friðriksson
Baldvin Sigurðsson

Jón Árnason
Kristján Jónsson

Mjer sýnd 23. ágúst 1890.
Havsteen.



N^o 34

[Innskot á spássíu] Sjá nr 222 og [nr] 255

Landamerki

Breiðuvíkur í Húsavíkurhreppi

Á millum Breiðuvíkur og Voladals ræður merkjum við sjó, Innri-Stapavíkurflöt, þaðan bein stefna til Imbupúfuhóls, þá fram svokallaðann háa Bratta í Skollanafarenda ytri gegnt Sandhólalandi.

Að vestan og sunnan aðskilur fosslækur land milli Sandhóla og Breiðuvíkur upp í garð þann, sem liggur úr Fossgili austur í Tröllagil; þaðan ræður gilið fram austur og réttsýnis í Skollanafarenda ytri til áðurgreindra takmarka.

Ítaks-kopaveiði tilheyrir Breiðuvík, austan við skér þau, sem liggja út eftir Breiðuvík í stefnu við Fosslæk.

Grenjaðarstað, 31. maí 1890

Fyrir hönd eiganda Sandhóla
samþykkir landam. þessi
P. Þórarinsson
(eftir fullmakt.)

B. Kristjánsson
Samþykkur eigandi Valadals.
Björn Stefánsson.

Þinglesin að Húsavík, 11, Júní 1890. innfærð N^o 34.

B. Sveinsson

Borgun: Þingl. 75
Bokun 25
K 1,00 Ein Króna

B Sv.



Nº 35

Landamerki

Raufar í Husavíkurbhreppi.

Rauf á land að sjó og reka allann utan frá Köldukvísl og inn að merkjum milli Raufar og Héðinshöfða, en þau merki eru, garður sá er sést á bökkunum, lítin spöl norðan við Hnefadalslæk, og liggur beina stefnu frá sjó til nyrðri brúnar Sandheiðar, þó nokkuð sundurslitinn, liggur svo merkjalínan eftir norðurbrún Sandheiðar og þaðan beina stefnu í Köldukvísl þar sem Búrfellsá fellur í hana, og myndast þar oddi á landinu, því þessi sama kvísl, ræður landmerkjum að austan, frá nefndum odda allt niður í sjó.

p.t. Héðinshöfða 5. Júní 1885.

í umboði Grenjaðarstaðaprests.

J. Hálfánarson

Þessari landamerkjaskrá samþykkur

B. Sveinsson

eigandi Héðinshöfða.

Samþykkur þessari landamerkjaskrá fyri Hvíslarhól

Sj Halldórsson

ábúandi Hvíslarhóls.

Þinglesin að Húsavík, 11. Júní 1890

Borgun þingl. og Bókun 1,00 ein Króna

Borg.

B. Sveinsson



Nº 36.

Landamerki

Sands í Helgastaðahreppi

Að austan ræður merkjum bein lína norðan frá sjó, suður að Mannabyrpingu, þannig að varða sem þar er hlaðinn beri jafnan vestas í Garðsnúp; frá Mannabyrpingu ræður aftur bein lína suður að Merkivörðu, austan við Svartahraun.

Að sunnan ræður bein lína frá Merkivörðu vestur í Merkinöf og síðan yfir lágey þvera vestur í aðalfljót.

Merkjum að vestan ræður Skjálfandafljót norður á móts við Lónahorn, en þá ræður bein lína yfir sandinn til sjáfar, þar sem vesturbrún Sellandafjalls ber við Skriðufell.

Að norðan er Skjálfandaflói.

[Innskot á spássíu] Eigendru Ljósavatns lýsa rekaítaki á Fljótssandi í ódagsettu brjefi. Og biskups“Grenjaðarstað“ reka á Sandi tólf hundruð faðma 4.5. '54. J.S.

Fyrir Sandslandi vestast liggur Ljósavatnsreki (líka kallaður Klausturreki) 540 faðmar á lengd (tólfrað hundruð fjögur og hálf)

Annar reki fyrir jörðunni er eign Grenjaðarstaðakirkju eins og jörðin sjálf.

Austan að Sandslandi liggur Sýlalækjarland, að sunnan Hraunkotsland að vestan Nýpár og Bjargaland.

Friðjón Jónsson (bóndi á Sandi)

Framan ritaðri merkjaskrá erum vér samþykkir

Jónas Guðmundsson ábúandi Sílalækjar. Jónas Kristjánsson og Jón Jonsson Eigendur Hraunkots.

Vegna jarðarinnar Bjarga^{er} eg sem eigandi og umráðamaður samþykkur

Haraldur Sigurjónsson

B. Kristjánsson

(umboðsmaður)

Þinglesin að Helgastöðum 12. Júní 1890.

Borgun Þingl. og bókun 1,00 ein Króna

B. Sveinsson.



Nº 37.

Landamerki

Sílalækjar í Helgastaðahreppi.

Að austan ræður merkjum milli Sílalækjar og Mýrarsels, við sjó út, rekaviðarstaur, sem grafinn er á endann í sandgíg með Múlakirkju viðarmerki annarsvegar og Laxamýrarnafni hinsvegar, þaðan bein stefna í klöpp, sem varða er áhlaðin á Langahrygg, þá bein stefna í miðjan Kálfadal og hann fram meðan hann endist, þar sem Nupaland tekur við, og þaðan til Klifs hvar Knútsstaðaland tekur við. Að sunnan er stefna úr áður nefndu klifi, til útvesturs í vorðu, sem nú er hlaðin, og þaðan eftir sömu stefnu í Sauðalágargreni, þá eftir Sandholtsbruna og beint í vörðu suðvestur frá Barðhól og myndar suðvesturhorn landsins. Að austan ræður stefna frá áður nefndri vörðu beint til norðurs yfir klett með vörðu á í hrauninu sunnan við Breiðavík, sem nefnt hefir verið Mannabyrping í Merkikeldu á svokölluðum heygörðum, þaðan í hólmatjörn á svonefndum Dyngjum sem nú eru að hverfa í sand og því nú hlaðin þar grjótvarða, þá til sjáfar hvar fyrnefnd Mannabyrping ber vestanvert í Garðsnúpshala.

~~(Vestur frá Mýrarselsmerkjum, eignar Múlakirkja sér rekupart 750 (faðmar tíræðir))~~

[Innskot á spássíu] Itakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5, '53 því niður fallið. JS.

Sílalæk, 8. Nóvembr 1889.

B. Kristjánsson

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Fyrir Myrarsel, Núpa og Knútsstaði samþykki

Sigurjón Jóhannesson.

Fyrir Hraunkot samþykkir

J. Kristjánsson

Friðjón Jónsson

Jón Jónsson Sigurjón Þorgrímsson

(bóndi á Sandi)

Þinglesin að Helgastöðum 12, Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson



Nº 38

Landamerki

Klambra í Helgastaðahreppi.

[Innskot á spássíu] Hinn 30. Sept. 1923, kaupir eigandi Klambra landspildu af Arbótarlandi. Sjá Veðmálabók C. 1562. bls 417.

Að norðan milli Brekku og Klambra, garður sem nær neðan úr hrauninu uppí miðja brekkuna og þaðan bein stefna sunnan við Systur austur í mýri 55 föðmum utan við Hrossapoll, að Klambrahvísl.

Að sunnan milli Prestshvamms og Klambra, garðurinn úr hvíslarósi, úr Hvíslarósi, bein stefna í garð, sem liggur óslitinn austur yfir heiðina í miðja Syðri Króka og þaðan í Ferjunaust við Laxá.

Að vestan, Hrauns austur landamerki.

eins og allar Hvamma jarðir, eiga Klömbur slægjuland innan landamerkjá Hrauns.

Grenjaðarstað 9. maí 1890.

Jón Þorðarson

(bóndi á Klömbrum)

Guðm Johannesson

(bóndi á Prestshvammi)

B. Kristjánsson

(umráðamaður)

Jónas Sigurðsson

(bóndi á Hrauni)

Benidikt Bjarnarson

(bóndi á Brekku)

Þinglesin að Helgustoðum 12. Júní 1890.

Borgun: Þinglestur og Bókun 1,00 ein krona

Borg

B. Sveinsson.



Nº 39

Landamerki

Yztahvamms í Helgastaðahreppi.

[Innskot á spássíu] Nýr samningur um beitarítak Haga sjá Veðmálabók C 1661, bls, 438, og Landamerkjabók D. Nr. 259.

Að norðan við Dauðhýslæk, eru Geithellar á landamerkjum Ness og Yztahvamms, þaðan ræður bein stefna upp í Þorgerðarvörðu, og þaðan beint í stóran stein í Reykjahvísl, ræður svo hvíslin landamerkjum að austan. Að sunnan ræður garður sá er gengur frá Reykjahvísl þvert yfir heiðina yfir Kollumel ofan í Dauðhýslæk, síðan ræður sá lækur norður að Geithellum.

Í svonefndum Haga á Yztihvammur land það er liggur milli þessara ummerkja

[Innskot á spássíu] ath. Ítaki lýst 4. júní 1954

Að austan Dauðhýslækur, að sunnan Hrossaborg (Þorkellsborg) að vestan garður sá, sem getið er í landamerkjaskrá Hrauns og að norðan garður sá, sem liggur yfir þveran Hagan utan við Bruarstæði.

Grenjaðarstað 21. Nóvbr. 1883.

Jónas Sigurðsson

B. Kristjánsson

(bóndi í Hrauni)

(umráðamaður)

Sigurður Stefánsson

(bóndi Miðhvammi)

Samþykkur að því er snertir Nes, eftir umboði frá séra B Kristjánssyni,

Sigurgeir Bjarnason

Jón Jónsson

eigandi Haga

(handsal.)

Þinglesin að Helgastöðum 12. Júní 1890,

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 – ein Króna –

B. Sveinsson.



Nº 40.

Landamerki

Klambrasels í Helgastaðahreppi.

Að vestan ræður Klambrahvísl, að norðan milli Brekknakots og Klambrasels, ræður garður sem byrjar við hvíslina nokkru fyrir innan Messuvað og stefnir þvert upp yfir Nónás og austur yfir mýri og uppá fjallsbrún síðan ræður bein lína austur í Kistufjall.

Að austan ráða Lambafjöll, að sunnan Langavatns landamerki austan frá Lambafjöllum ofan í Skriðugil.

Grenjaðarstað 21. Nóv. 1883.

Jón Þórarinsson

B. Kristjánsson

(umráðamaður)

Fyrir hönd landsjóðsjarðarinnar Brekknakots er eg samþykkur þessari merkjaskrá.

Pétur Jónsson

(umboðsm.)

Þinglesin að Helgastöðum 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 41.

Landamerki

Kasthvamms í Helgastaðahreppi.

Að austan ræður merkjum á miðjan „Sand“ merkjalína Grímsstaðalands að vestan. Að norðan ræður Þverárgilsdrag, sunnan við Gustahlíð niður að Þverá í Þverárgili, þá Þverá niður í Kringluvatnsá. Vestan Kringluvatnsár ræður garðlag norður við Nikurlæk upp í Nikurtjörn og þaðan bein stefna vestur yfir Geitafellishnjúk í Grástein við Laxá. Að vestan í miðja Laxá. Að sunnan garður úr Laxá, sunnanvert við svonefndan Markhólma upp í brún, og eru þrjár klappir fyrir utan garðinn í brúninni, þá bein lína yfir Dagmálaás og Kringlutjarnardal 60 faðma sunnan við Kringlutjörn, yfir Leirtjarnarás og Lönguhlíð í syðra Kröflugilsdragið í Sandásinum.

Í Laxá á jörðin þessa hólma: Efst, Markhólma þá Nafarhólma þá Kletthólma þá þrjá hólma í Flóanum: Yztholma, austasker og Grjóta, sem er samvaxin hólma frá Halldórsstöðum, og loks Rauðhólaey.

(Einnig á jörðin Argilsstaðadrátt fyrir Birningsstaða landi.)

[Innskot á spássíu] Ítaki ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. J.S.

14. Maí 1890.

Sigtryggur Kristjánsson

(bóndi í Kasthvammi)

Snorri Oddsson

ábúandi á Geitafelli

Sigurður Eyólfsson

eigandi að Hólum

Sigurjón Kristófersson

samþykkur fyrir Grímsstaði

Fyrir hönd eiganda Halldórsstaða

Páll Þórarinsson.

B. Kristjánsson

(umráðamaður)

Þinglesin að Helgastöðum 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein króna-

B. Sveinsson.



Nº 42.

Landamerki

Grenjaðarstaðar í Helgastaðahreppi.

Að norðan og austan ræður Laxá, frá Kálfalækjarósi að Halldórsstaðamerkjum, að sunnan móti Halldórsstaðalandi, bein stefna frá Laxá í Svartahraun upp um Gráviðarflöt í Merkigil, og svo bein stefna úr því gili vestur Þorgerðarfell í tvígarða og þeir að Kálfalæk; að vestan móti Múlalandi ræður garður, sem liggur ymist austan eða vestan Kálfalækjar út í Laxá.

Í Laxá á Grenjaðarstaður þessa hólma: Eskey fyrir Núpalandi 2/3 Engeyar fyrir Hraunlandi, Votey, Laug, Háhólma, Hraunhólma Klambra og Ferjuhólma og 3 Viknahólma fyrir heima engi, og Birningsstaðir eiga Birningsstaðahólma fyrir Halldórsstaða landi:

[Innskot á spássíu] Ítaki í Halldórsstaðaland var ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. Þingey afsöl við S.-Þing. JS.

~~(Ítök í annars lönd: Hálf selför á Skarði (í Halldórsstaðalandi) og 1/4 hlut Þingeyar)~~

Þessi merkjaskrá gildi jafnfram fyrir kirkjujörðina Birningsstaði í Laxárdal, sem hefir óskift land með Grenjaðarstað.

Grenjaðarstað 31. Maí 1890.

Hin tilgreindu landamerki
í ofanskriðri skrá, samþykkjast
fyrir hönd eiganda Halldórsstaða
í Laxárdal (en 1/2 selför á Skarði í
því landi mótmælist.)

M. Þórarinsson

Þingl. að Helgastöðum 12, Júlí 1890

BorgunÞ Þingl. og Bokun 1,00 ein Króna

B. Sveinsson.

B. Kristjánsson.

Samþykkist að því er snertir Múlastað.

Jón Jónsson

(eftir umboði)



Nº 43

Landamerki

Húsabakka í Helgastaðahreppi

Að vestan Skjálfandafljót í mitt meginvatn, að norðan og austan Husabakkakíll til Skriðuvaðs utan og neðan við Skriðusel; að austan og sunnan, svokölluð rönd Rönd frá Skriðuvaði til Skjálfandafljóts (Staðarbakkahvísar).

Lönd umhverfis Húsabakkaland: Þorvaldsstaðar og Geirbjarnarstaða land (vestan fljóts.) að norðan Garðsland, að austan Garðsland og Skriðuland, að sunnan Skriðuland.

Húsabakka 12, maí 1890.

Baldvin Sigurðsson

Árni Magnússon

ábúandi Garðs

abuandi Rauðuskriðu.

(handsal.)

Klemens Jónsson

abuandi á Geirbjarnarstöðum

Fyrir hönd Þóroddstaðakirkju

Jón Arason.

Þingl. að Helgastöðum 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 – ein Króna

Borgað.

B. Sveinsson.



Nº 44.

[Innskot á spássíu] Ítakinu lýst 29. apríl 1954, en nokkuð á annan hátt. JS.

Landamerki

Prestshvamms í Helgastaðahreppi.

Að norðan, suðurmerki Klambra.

Að austan, Langavatn og Geitafellsá.

Að sunnan, suðurmerki Geitafells og Kasthvamms.

Að vestan, Laxá.

Í Klambralandi á Presthvammur 18 skúra slátt annað hvort ár í Klambramýri, og í Hraunslandi, Þorunnarey.

Grenjaðarstað 9. maí 1890.

Guðm Jóhannesson

Jón Þórðarson

bóndi á Presthvammi.

bóndi á Klömbrum

Jónas Sigurðsson

B. Kristjánsson.

bóndi í Hrauni

Þingl. að Helgastöðum 12. Júní 1890

Borgun: þingl. og Bókun 1,00 -ein króna-

B. Sveinsson.



Nº 45.

Landamerki

Vaðs í Helgastaðahreppi

Að norðan ræður garður sem leggur frá Skjálfandafljóti til austurs yfir svokallað Breiðanes. og liggur sunnan á svonefndu Mánafelli, ræður sá garður merkjum svo lengi sem hann sézt, þar sem garðurinn þrýtur að sýn, ræður bein stefna í svokallaðann Mánalæk, þaðan í garð þann, sem liggur eftir endilangri heiðinni og aðskilur lönd austur og vestur byggðar, svo ræður sami garður til suðurs í vörðu, sem nú er gefið nafnið „Bræðravarða“, þaðan sem vorður sýna til vesturs í stóru vorðu á svonefndum Skógarhöfða; þaðan eftir sömu línu til vesturs yfir meginkvisl Skjálfandafljóts þar til opin standa Barnafellsgljúfur, þaðan bein lína til norðurs í svonefnda miðhvísl Skjálfandafljóts og ræður hún merkjum úr því til meginkvíslar fljótsins, og hún (meginkvíslin) mótsvið garð þann, sem í upphafi var nefndur.

Þannig skrásett að Vaði 12. maí 1890.

M. Magnússon

Vegna hjáleigu Helgastaðaprestakalls Fossels er eg samþykkur

Mattías Eggertsson.

Fyrir hönd eiganda Jodisarstaða samþykkt af Þórði Þorkellssyni (ábúanda þar)

Davíð Ísleifsson eigandi Hólkots.

Þingl. að Helgastoðum 12. Júní 1890

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 - ein króna

B. Sveinsson



Nº 46.

Landamerki

Ness og Jarlsstaða í Helgastaðahreppi

Að sunnan ræður Hrútalækur merkjum til ytra grunnavaðs, þaðan ræður merkjum bein stefna í vestur til Vatnarandar eður Dalgötu; þaðan til norðurs bein stefna til Kolgrafarhóls, þaðan ræður Dalgata undir Margretarhól til Selgarðs hins efri gegnt Arnarhól, ræður garður sá merkjum að norðan til Laxár, þar sem Jarlsstaðahólmi liggur fyrir.

Fyrir austan Laxá, raða Geithellar merkjum að sunnan og frá þeim bein stefna þvert austur til kvíslar, þaðan ræður hvíslin merkjum að austan út fyrir Selás til garðs þess, sem liggur þvert vestur yfir heiðina að gili því, sem gagnvart er Straumeyarhæðum sunnan verðum.

Þessir holmar fylgja í Laxá: Hnúthólmar, þrjár að tölu, Geithelliseyar, þrjár að tölu, Kirkjuhólmi, sem nú er sundur grafinn af ánni, Straumeyar, 6 að tölu, Höskuldsvíkurhólmi og Tvíhólmi.

[Innskot á spássíu] Ítökum ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53 því niður fallin JS.

~~Ítök Kirkjunnar eru þessi: Torfskurður í Brúarlandi eystra 3. tólf feðmingar hvert sumar; 3 holt til viðunar í Knútsstaðalandi, viðarholt fyrir utan Brekkufell á Engibakka (í Hraunkotslandi) Hornsteig og Miklateig Nautanes og í Enginesi sjö daga slátt; Jarlsstaðaholt og Jarlsstaðateig í Valahrísun.~~

Múla, 28. marz nl. 1884.

Jónas Guðmundsson

B. Kristjánsson

sem eigandi Hafralækjar

Sem eigendur að Tjörn, samþykkjum við þessa merkjaskrá, en mótmælum alveg ítökunum í Hraunkotslandi

J. Kristjánsson. Jón Jónsson.

Sem eigandi að Árbót, samþykki eg landamerki þau á Hvammsheiði, sem eru milli Árbótar og Ness en mótmæli ítökum bæði í Árbótar og Knútsstaðalandi.

Sigurjón Jóhannesson

umráðamaður Yztahvamms og Hólmavaðs.

B. Kristjánsson.

Samþykkur að því er snertir Stóru Reyki

Jón Jónsson

(eftir umboði)

Samþykkur að því er snertir Garðsland.

Jón Jóakimsson

eigandi.

Þinglesin að Helgastöðum, 12. Júní 1890.

Borgunþ Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

B. Sveinsson.



Nº 47

Landamerki

Laugasels í Helgastaðahreppi.

Að austan móts við Víða og Helluvað ræður Víðugróf og þá Helluvaðsgróf upp að landapollalæk. Að sunnan og austan mots við Gautslandaland ræður Landapollalækur að upptökum, þá bein stefna til vesturs yfir miðja Gunnlögstjörn í garð þann er liggur austur frá Föxugróf skammt neðan við Skolapoll. Að vestan móts við Hörgsdal ræður fyrst Föxugróf, svo Króklækur ofan á móts við Langalæk. Móts við Stafnsholt og Stafn, ræður Laugagróf ofan þar til hún fellur í Víðugróf.

Laugaseli, 9. maí 1890.

Jóhannes Sigurðsson
(ábúandi.)
handsalað.

Matthías Eggertsson
(prestr að Helgastöðum)

Samþykkur, sem umráðamaður og ábúandi Gautlanda
Pétur Jónsson

Sem umboðsmaður Þjóðjarðarinnar Víða er eg samþykkur
Pétur Jónsson

Sem ábúandi og umráðamaður nokkurs hlutar af Helluvaði, er eg samþykkur þessari
landamerkjaskrá.

Jón Hinriksson

Sem eigandi og abuandi Hörgsdals er eg samþykkur
Arni Floventsson

Sem eigandi og ábúandi Stafnsholts er eg samþykkur
Jón Jónsson

Sem meðeigandi að Helluvaði er eg samþykkur
Sigurður Magnússon.

Sem meðeigandi að Stafni er eg samþykkur
Tómas Sigurðsson.

Þingl. að Helgastöðum, 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein króna-
B. Sveinsson.



Nº 48

Landamerki

Stafnsholts í Helgastaðahreppi.

Að austan móts við Laugasel ræður Laugagróf, að sunnan og austan móts við Hörgsdal ræður Langilækur frá því hann fellur í Laugagróf upp að Svartabakka. Að sunnan móts við Hrapstaðasel ræður bein stefna úr Svartabakka í Álftatjörn hina nyrstu. Að vestan móts við Brenniás ræður bein stefna til norðurs úr Álftatjörn, eftir austurbrún á svonefndum háa-ási og norður eftir miðri tungunni, sem eystri og vestari Kamarlækur mynda. Þaðan sem lækirnir koma saman, ræður bein stefna til austurs móts við Stafnsland í merkivörðu við Laugagróf, gagnvart svokolluðu Kúanefi (Grænanef).

Stafnsholti, 10. maí 1890

Jón Jónsson (eigandi)

Fyrir hond þjóðeignarinnar Brenniáss, erum við samþykkir þessari landamerkjaskrá.

Pétur Jónsson

Guðni Sigurðsson.

(umbm.)

Fyrir hönd eignarjarðar minnar Hrapstaða er eg samþykkur

Jón Árnason.

Fyrir hönd eignar og ábýlisjarðar minnar er eg samþykkur

Árni Flóventsson.

Að því er snertir jorðina Stafn er eg samþykkur.

Tómas Sigurðsson.

Að því er snertir jorðina Laugasel, er eg sem umráðamaður samþykkur.

Matthías Eggertsson.

Þingl. að Helgastöðum 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein króna-

B. Sveinsson.

Nº 49.

Landamerki

Narfastaða í Helgastaðahreppi

Að austan mótsvið lönd lönd jarðanna Hjalla Hallbjarnarstaða, Maskots og Víða, ræður Reykjadalssá eins og hún rennur nú. Að sunnan mots við Stafnsland ræður svonefndur Merkigarður frá Reykjadalssá og uppeftir eins langt og hann nær, eða að veginum milli Stafns og Narfastaða, frá efri enda Merkigarðs ræður bein lína, sýnd með nokkrum vörðum vestur yfir Narfastaðafell, og í vörðu við Rauðslækjarbotn, þá ræður Rauðslækur ofan að Seljadalsá.

Að vestan móts við land Einarsstaða og Skógarsels, ræður Seljadalsá eins og hún rennur nú. Að norðan mots við land Daðastaða, ræður garður sá er liggur upp frá Seljadalsá, eftir svonefndri Kolhólalág norðan undir Kolhólum skammt fyrir utan Narfastaðasel og allt austur í Háls, úr garðsendanum ræður bein stefna til austurs í stein þann, er liggur austan í hálsbrúninni og sem hér eftir nefnist Merkisteinn, úr honum ræður enn sama stefna í austur, niður yfir svonefnt Yztaleiti og í norðurhorn Narfastaðabjargs við Reykjadalssá.

Narfastöðum 10. Oktobr. 1887

Herdís Ólafsdóttir

Aðalgeir Davíðsson.

(eigendur Narfastaða)

Sem umboðsmaður Landssjóðsjarðarinnar Daðastaða samþykki eg ofanritaða merkjalýsing.

Jón Sigurðsson

Sem ábúandi og að nokkru leyti eigandi jarðarinnar Stafns, samþykki eg ofanskriafaða merkjaskrá.

Tómas Sigurðsson.

Eg undirskrifaður umráðamaður Hjalla, samþykki ofanritaða landamerkjalyýsing.

Kristján Jónsson

Að því er snertir merki milli Narfastaða og Múlakirkjujarðarinnar Máskots, er eg þessari landamerkjalyýsing samþykkur.

B. Kristjansson

(prestur að Múla)

Sem umboðsmaður jarðanna Hallbjarnarstaða og Víða, er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá.

Jón Sigurðsson.

Sem umráðamaður og eigandi jarðanna Einarsstaða og Skogarsels, eg er samþykkur þessari merkjaskrá

Haraldur Sigurjónsson

Þingl. að Helgastöðum, 12. Júní 1890.

Borgun: þingl. og Bokun 1,00 -ein króna-

B. Sveinsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Nº 50.

Landamerki.

Múlastaðar í Helgastaðahreppi.

Að vestan ræður merkjum Reykjadalssá, Vestmansvatn, Sýrnessvatn, Mylaugsstaðavatn og lækir þeir, sem þeirra er í milli og síðast Eyvindarlækur allt til Laxár. Að norðan og austan Laxá frá Eyvindarlækjarósi til Kálfalækjar. Að austan skilur lönd Grenjaðarstaða og Múla forn garður, sem liggur frá Kálfalækjarósi eftir Þeyjandidal fram í Tvígárða. Að sunnan ræður merkjum garður sem liggur frá Tvígörðum vestur yfir Kálfalæk þar til hann begist til norðust, og síðan bein stefna til háheiðar. Ræður þá með Múlaheiði merkjum að vestan, norður gegnt Vatnsendaráðsgili, sem er merki milli Fagraness og Halldórsstaða vestan Múlaheiðar.

Þessar eyrar og hólmar fylgja Múlastað:

a. Í Laxá Hrísey með 4. hólum auk hólma, sem áfastur er orðin eyrunni, Mjóey, Kaldhólmi, Hafurey með Hafureyarskeri og Margrétarskeri, 2 Suðurholmar og Ármótsholmi, Skáley, Flatir þriðjungur Engeyar, Engeyarsker og Þórarinshólmi, sem orðinn er áfastur við Engey að austan, (merki milli Grenjaðarstaðar og Múla í Engey, er bein stefna úr norðvesturhorni Flats í suðausturhorn Engeyarskers.) Torfi næstur fyrir utan Engeyarsker við austur land, þá þrjú hólmar fyrir landi Syðrafjalls (Fjallshólmar) 2 fyrir landi Ytrafjalls (Laxhólmar) og einn hólmi fyrir Hólmaðslandi; næstur fyrir utan Ytrafjallslandamerki.

b. í Eyvindarlæk, Polleyar með hólum og Kerlingarey.

c. Vestan við Langholma: Múlahólmi og Múlasér.

[Innskot á spássíu] Ekki lýst við áskorun samkv. L 100-1940. Sbr. Stj. B 44-1942. Ekki lýst samkv. áskorun 20.5.1953 því niður fallið JS.

~~(Þessi ítök fylgja staðunum: Reki allur á Fljótssandi frá Myrarreka 750 faðmar til Miðfarvegs svo og veiðar allar í Laxá frá Kálfalæk og ofan um Engey. Innan framan greindra merkja á Einarstaðakirkja skógarhögg í Vatnshlíð fyrir neðan sýsluveg (reiðgötur) milli Smáralækjar og læks þess, sem fellur ofan í Reykjadalssá við Vatnsendaða)~~

Þessi lönd liggja að framantöldum merkjum: Á Þeyjandidal: heimaland Grenjaðarstaðar. Austan Laxár, kirkjuland Grenjaðarstaðakirkju. Að vestan Syðrafjallsland, Mýlaugsstaða, Sýrness, og Helgastaða, en sunnan Halldórsstaða í Laxárdal og Halldórsstaða í Reykjadal.

Múla, 13. Maí. 1884.

B. Kristjánsson.

Árni Magnússon, fyrir eignarjörð mína Sýrnes.

Vegna jarðarinnar Holkots Davíð Isleifsson (eigandi)

Framangreind landamerki samþykkjast fyrir Grenjaðarstað, og Grenjaðarstaðakirkjujarðir, en því mótmælist að Múli eigi veiði í Laxá fyrir Hvammalandi.

B. Kristjánsson.

Vegna landsjóðseignarinnar Halldórsstaða er eg samþykkur þessari merkjaskrá.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Pétur Jónsson

Vegna kirkjujarðarinnar Helgastaða er eg sem umráðamaður og ábúandi samþykkur.

Matthías Eggertsson.

Vegna umráða og ábúðarjarðar minnar Mýlaugsstaða er eg samþykkur

Jón Jónsson

Vegna eiganda jarðarinnar Halldorsstaða í Laxárdal er eg samþykkur þessari merkjaskrá

M. Þórarinsson.

Þingl. að Helgastöðum 12. Júní 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson



Nº 51

Landamerki

Glaumbæjarsels Helgastaðahreppi.

Að vestan Skjálfandafljót vestan við Bjugey; sú eya fylgir Glaumbæjarseli. Að norðan ræður garður sá sem liggur upp frá Skjálfandafljóti upp á svonefndan Lynghöfða og þaðan beina stefnu, sem garðurinn vísar upp á háheiði; að austan ræður háheiðin; að sunnan ræður garður sá, sem liggur upp af syðri sporði Bjugeyar frá Skjálfandafljóti uppá fyrnefnd merki að austan.

Glaumbæjarseli 1. Júní 1890.

Jón Bjarnason

Vegna Einarstaða er eg samþykkur, sem eigandi og ábúandi

Haraldur Sigurjónsson

Vegna jarðarinnar Helgastaða, er eg sem umraðamaður samþykkur.

Matthías Eggertsson

Vegna jarðarinnar Glaumbæjar er eg sem eigandi samþykkur.

Jóh. Jónatansson

Þinglesin að Helgastöðum, 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein króna-

B. Sveinsson.



Nº 52.

Landamerki

Jódísarstaða í Helgastaðahrepp.

Að sunnan ræður garður, sem liggur frá Skjálfandafljóti til austurs yfir svokallað Breiðanes, og liggur austur sunnan á svonefndu Mánafelli; ræður sá garður merkjum svolengi sem hann sést, þaðan sem garðurinn þrýtur að sýn, ræður bein stefna eftir sömu línu í svokallaðan Mánalæk, ræður svo lækurinn að austan norður á móts við garð þann, sem liggur til suðvesturs skammt sunnan við Bergstaði, og ræður sá garður merkjum til vestan utan vert á svokallaðan Langamel. Þaðan sem garðurinn vísar – heldur til norðvesturs -í garðstúf þann, sem er á fljótshvíslarbakkanum og svo bein lína í megin hvísl Skjálfandafljóts, sem ræður merkjum að vestan suður að fyrrgreindum merkjum.

Jódísarstöðum 22 Júní 1885.

Fyrir hönd eiganda og ábúandi á Jódísarstöðum

M: Magnusson

Þórður Þorkellsson

(eigandi Vaðs)

B. Kristjánsson

Jakob Jonsson

eigandi Bergstaða.

bóndi á Bergstöðum

Þinglesin að Helgastöðum, 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein króna-

B. Sveinsson.



Nº 53.

Landamerki

Fljótsbakka í Helgastaðahreppi.

Að vestan ræður Skjalfandafljót. Að norðan ræður garður sá, er liggur upp af miðjum Krosshólma og stefna frá honum upp á há heiði: Að austan ræður háheiðin um svonefndan Sjónarhól. Að sunnan ræður garður sá, er liggur upp frá hestavaði á Skjalfandafljóti yfir svonefndum hestavaðsmó. Þaðan beina stefnu til austurs í vörðu þá, sem er austan við svokallað Syðstaskarð og beint þaðan til austurs í vörðu þá, er hlaðin er í Víðissundi mót Sjónarhól. Enn fremur á jörðin Fljótsbakki í fjórðapart Þingeyar mot Einarstöðum í Helgastaðahreppi. Engir eiga ítök í Fljótsbakkaland.

Fljótsbakka, 6. Júní 1890.

Eigandi og ábúandi Kristján V. Guðnason

Eigandi Ingjaldsstaða Kristján Jonsson er eg samþykkur (sic.)

Sem eigandi og ábúandi Einarstaða er eg samþykkur.

Haraldur Sigurjónsson

Þingl. að Helgastöðum 12, Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson



Nº 54.

Landamerki

Stórulauga í Helgastaðahreppi.

Að sunnan móts við Litlulaugaland, ræður garður, sem liggur uppfrá Reykjadalsá norðan undir Skiphól upp hjá Stórasteini, þaðan sunnanvert við Stórulaugalaug beina stefnu til Hvítafells norðanvert við Snjógilsbotn í Þúfu sunnan til á Hvítafelli. Að austan mótsvið Þverár og Halldórsstaðalönd ræður há Hvítafell svo sem votnum deilir. Að norðan móts við Øndölsstaðaland ræður garður eftir Selhlið yfir flóann norðan vert við Varnargilsbotn. Þá ræður Barnagil niður eftir brekkunni þar til úr því liggur forn farvegur, neðar en í miðri brekku. Úr þessum farveg ræður bein stefna til vesturs norðanvert við gamallt Stekkjarstæði sem Merkivörðu á sunnanverðu Langholti til Reykjadalsár. Að vestan ræður Reykjadalsá merkjum móts við Breiðumýrar og Holalönd.

Stórulaugum 11. Maí 1890.

Pétur Pétursson

Fyrir hönd landssjóðsjarðanna, Litlulauga, Øndölsstaða og Breiðumýrar, er eg samþ. þessari merkjaskrá.

Pétur Jónsson (umboðsmaður.)

Hins vegar ritaðri merkjaskrá, er eg samþykkur fyrir Þverá. Jón Jóakimsson (eigandi) Vegna eiganda jarðarinnar Halldórsstaða í Laxárdal er eg samþykkur framan ritaðri merkjaskrá.

M. Þórarinsson.

Þinglesin að Helgastöðum, 12. Júní. 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson



Nº 55.

Landamerki

Tjarnar í Helgastaðahreppi.

Að austan ræður Laxá eftir miðju meginvatni eins og nú er, á móts við sunnanverðan Jarlstaðahólma, sem fylgir Tjörn, þar frá Laxá liggja merki til vesturs, eftir gomlum grjótgarði (Selgarði hinum efra) stefnu yfir Arnarhól í Dalgötu og svo eftir henni til suðurs gegnt Tjarnargerði.

Að sunnan eru merki frá austasta túngarðshorni á Tjarnargerði, bein stefna á Vörðuhól við Flatargötu norður af Vatnslág. Að vestan eru merki frá nýnefndum Vörðuhól bein stefna á Pétursborg norður á móts við Merkiborg.

Að norðan ræður stefna frá Merkiborg, hérum bil yfir Vestari og austari Stampa í Gamlann grjótgarð við Laxá.

Þessar jarðir liggja að Tjarnarlandi:

Árbót, Jarlsstaðir, Garður, Knútsstaðir. (Sem ítak fylgir Tjörn fjögurra stórgripaganga í jarðarinnar Garðslandi.)

[Innskot á spássíu] Itaki ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53 því niður fallið JS.

Hraunkoti, 30. Janúar 1890.

Jónas Kristjánsson. Jón Jónsson

Samþykkur að því er snertir Nes með Jarlstöðum, samkvæmt umboði frá

Jóni Jónssyni.

Fyrir jarðirnar Árbót og Knútsstaði samþykkir.

Sigurjón Jóhannesson.

Fyrir jorðina Garð samþykkir Jón Jóakimsson.

Þinglesið að Helgastöðum 12 Júní 1890

B. Sveinsson



Nº 56.

Landamerki

Hraunkots í Helgastaðahreppi.

Að vestan ræður Skjálfandafljót eftir miðju meginvatni eins og nú er, norður á móts við Merkinöf. Að norðan ræður stefna frá miðju fljóti í merkinöf og austur yfir svartahrauni, merkivörðu, Sandsholtsbruna um Sauðalág í merkiborg þaðan til suðausturs að Ytraklifi. Að austan ræður stefna frá ytraklifi á vestari Bálkholtshnútu, og þaðan beina stefnu yfir vörðu í Stöpuskóg í Hellisvörðu. Að sunnan eru merki frá Hellisvörðu stefna yfir Skjónugjá í Skjónupoll vestan við hraun og þaðan eftir sömu stefnu í mitt Skjálfandafljót.

Þessar jarðir liggja að Hraunkoti: Syðriskál, Granastaðir, Sandur Sílalækur Knútsstaðir og Garður.

Hraunkoti, 27. Janúar 1890.

J. Kristjánsson. Jón Jónsson Sigurjón Þorgrímsson

Fyrir jörðina Sílalæk og Sand, samþykkir B. Kristjánsson

Fyrir jörðina Garð, samþykkir Jón Jóakimsson.

Fyrir jörðina Knútsstaði samþykkir

Sigurjón Jóhannesson.

Þinglesin að Helgastöðum, 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bokun. 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 57.

Landamerki.

Halldórsstaða í Laxárdal.

Að sunnan ræður merkjum svokölluð Hraunnöf við Laxá beint í Víðigróf, þá ræður grófin að Prestsvörðu, þá bein stefna í vestur yfir Syðri fellsmýri í vörðu á austur hvítafellsbrún. Að vestan: Norðurháhvítafell ut Selás um vörðutanga í Kálfalæk síðan Kálfalæk til Tvígarða á Þegjandidal. Að norðan: Tvígarðar sem liggja til austurs á hæðum þeim, sem fyrst sjést Grenjaðarstaður. Úr þeim bein stefna í efri Merkgilsbotn austan í Þorgerðisfjalli þá ræður gilið að Gráviðisflöt niður um Svartahraun í Laxá. Að austan meginvatn Laxár, og tilheyra Halldórsstöðum allir hólmar og skér í ánni innan áðurnefndra takmarka, að undanskyldum þeim austustu hólmunum: Yzthólma, Austurskeri og Grjóta, sem er samgróinn við Austara víðisker, [á]samt Birningsstaðey.

Halldórsstöðum, 19. Maí. 1890.

Fyrir hönd eigendanna

Páll Þórarinsson, M. Þórarinsson.

Vegna Þverár samþykkir: Jón Jóakimsson.

Landamerkjaskra þessa samþykkir fyrir Grenjaðarstað og Kasthvamm, að öðru en því að 1/2 selfarar á Skarði er ekki getið.

B. Kristjánsson

Fyrir hönd landsjóðsjarðanna Øndólfsstaða og Halldorstaða í Reykjadal er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá.

8/6 – 90. Pétur Jónsson

(umboðsmaður)

Þessari landamerkjaskrá er eg samþykkur að því leyti, sem hún snertir Múlaland

Helgi Jónsson (ábúandi).

Hinsvegar ritaðri landamerkjaskrá, er eg samþykkur fyrir Stórulauga.

Pétur Pétursson (eigandi)

Lesin á manntalsþingi að Helgastöðum, 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson

[Innskot á spássíu] Ekki samþ. af Þverá og Kasthv.



[Athugasemd: Blaðsíðutal rangt, stekkur frá 65 til 67, vantar ekki blaðsíður.]

N^o 58.

Landamerki

millum Svalbarðsstrandar og Fnjóskadals.

Við undirskrifaðir vorum árið 1883 (27 Septbr.) útnefndir af hlutaðeigendum Svalbarðsstrandar og Fnjóskadals að segja álit okkar um landamerki (sem næst miðju) á milli hreppanna á Vaðlaheiði, og byrjuðum við á Víkurskarði. Tókum fyrst stefnu af suðurenda Hrafnabjarga utan við Víkurskarð og suður yfir miðjar Þrepskjöldsbrekkur, og þeim beint í Hrossadalslækinn þar, sem hann fellur í útvestur ofan í áður áminnst skarð og þaðan eftir læknum suður dalinn að Lækjamótum Lækjardals og Þórislindar syðst í Hrossadal. Þaðan beint yfir austanvert Reiðholt í vörðu fyrir vestan Kistugil. Og þaðan beint í vörðu (180 faðm.) fyrir vestan Kirkjustein, sem stendur vestast í Hrisgerðislandi að norðan en Tunguland að innan. Þaðan beina linu í holt austast í Steinskarðsflóa fram austan við Breiðabólshóla, beina stefnu austan við Geldingssskarðsflóa í stein á holti lítið utan við Skóga og þaðan beina stefnu í Fálkahól. Þess ber að geta, að við settum hér og hvar smá vörður á merkjalínu þessari mönnum til skýringar.

Tungu, 1. Októbr. 1883.

Helgi Laxdal Stefán Magnússon Jónas Jónsson
Sigurður Jónsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum er eg samþykkur
Jón Sigfússon

Samþykkur hvað Halland 1/2 Mógil og Nes snertir
Sigurður Davíðsson

Í umboði eigandans að Draflastöðum
Á Stefansson.

Eg samþykkur vegna Dælis
Gísli Ásmundsson.

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Eg samþykkur vegna Grímsgerðis
G. Davíðsson.

Í umboði eiganda Yztuvíkur Lr Jóns Austmanns
Johann Einarsson

Samþykkur vegna Hróastaða
Stephan Stephansson

Samþykkur vegna Ljósstaða Jóhann Jákímsson (handsal)

B. Sveinsson Í umboði Eiríks Halldórssonar eiganda
(Vegna Miðvíkur) Garðsvíkur Helgi Laxdal.

Í umboði Tryggva Gunnarssonar eiganda Leifshúsa



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Baldvin Baldvinsson

Samþykkt vegna Geldingsás

Guðrún Jónsdóttir

Vegna Gerðis Jón Guðmundsson

Halldór Jóhannesson.

Þingl. að Svalbarði 18, Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson



Nº 59

Landamerki

Þönglabakka í Grýtubakkahreppi.

Að austan ræður merkjum lækjardrag, sem liggur úr vatninu upp á há Þorgeirshöfða norðaustur ofan í Breiðuvík austan verða, úr áður nefndu lækjardragi, þar sem það fellur úr vatninu á Þorgeirshöfða, ræður bein lína í Hrossastein, sem er á hálsinum skammt fyrir sunnan startjörn og skal vörðu hlaða á henni til glöggvunar. Úr Hrossasteini ræður ennfremur bein lína á Háuhraun austur í Lút og svo á fjöll upp; síðan ráða fjallseggjar umhverfis Þönglabakkadal að suðaustan, sunnan og suðvestan allt á Dýahnjúk, þá ræður merkjum, lína ofan Dýahrygg ofan að Þverá, sem þá ræður, þar til hún fellur í Fjarðará. Að vestan ræður síðan Fjarðaráin allt í árkrókinn fyrir sunnan Botnsgranda úr kroknum síðan bein lína til sjálfjar yfir Stúfinn og er á honum hlaðinn varða eða dys með hvalbeinslið innaní. Að norðan liggur sjórinn.

Þönglabakki á 2/3 úr öllum reka fyrir sínu landi, hvals og viðar og svo flutningar, (en Munkaþverarklaustur 1/3 rekans.)

[Innskot á spássíu] Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20 maí 1953. Því niður fallið. J.S.

Þönglabakka, 16. Desbr. 1889.

Árni Jóhannesson

Sem eigandi jarðarinnar Háls í Fjörðum er samþykkur. J. Jonsson

Sem umboðsmaður yfir landsþjóðsþorðinni Botni, er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá.

Stephan Stephensen.

Sem umráðamaður Brekku er eg sem umráðamaður samþykkur.

G. Ólafsson.

Sem eigandi jarðarinnar Arnareyrar, er eg undirskrifaður samþykkur framanritnum landamerkkjum.

Björn Bjarnarson

Þinglesin að Grýtubakka, 17. Júní 1890

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 -ein Króona-

B. Sveinsson



Nº 60.

Landamerki
Grýtubakka.

Að austan ræður fjallgarður sá er aðskilur Leirdalsheiði og Flateyardalsheiði, svo sem vötn deila inn í Grýtu(~~bakka~~)skál. Þá ræður sunnan móti Kolgerði Grýtan niður að merkjavörðu á syðri bakka hennar, en frá vörðu þeirri bein lína ofan við Bleikslág suður í Bóndatóft. Frá Bóndatóft ræður móti Hléskógum, sjónhending niður í naustadæld, en þaðan liggja merkin suður og niður í Flæðakílinn þar sem hann fer að renna í vestur. Eftir það ræður Flæðakílinn móti Nesi niður að Hólsá, nema hvað Grytubakka tilheyrir lítil spilda í flæðunum sunnan við Kílinn en utan við uppgróinn farveg hans útundan svokallaðri Ketilslæg í Neslandi. Svo ræður að neðan Hólsá móti Hóli, og að utan Gljúfrá móti Bárðartjörn og Hvammi allt þar til lækur úr Stóru klettagili fellur í hana við Glúfrarvað. Þá ráða þaðan móti Grenivík reiðgötur á Leirdalsheiði útað vaði á Íllagilsá, en síðan Hvalvatnsfjörður á móti Gili og Kussungsstöðum. Að utan ræður móti Kaðalstöðum Selgil út og yfir frá Kussungsstöðum og utan við eyðibýlið Kúsveinsstaði, á fjall upp.

[Innskot á spássíu] Sýnt 10.4.'54.]

Grýtubakki á þriðjung reka hvals og viðar fyrir Kaðalsstaðalandi.

Ábuandi Kalalstaða, hefir ef hann æskir þess, forgöngurétt að fá til leigu Jórunnarstaðaaftrétt í Grýtubakkalandi, með sama eftirgjaldi, sem aðrir bjóða, en gæta verður hann almennrar leiguliða skyldu.

Grýtubakka, 3. dezbr. 1889.

Þorsteinn Jónasson.

Þessari merkjaskrá er eg samþykkur, að því er snertir jarðirnar Hléskóga, Nes og Hól.

Einar Ásmundsson.

Sv. Sveinsson.

Að því er viðvíkur mörkum milli Grytubakka og Kaðalstaða, svo og reka fyrir Kaðalstaðalandi, er eg samþykkur, samkvæmt merkjaskrá Kaðalstaða og þeim skilyrðum, sem hún greinir.

Matth. Jochumsson.

Framanritaðri merkjaskrá, er eg sem umráðamaður Kolgerðis samþykkur, eins og líka skilyrðum þeim sem merkjaskrá Kolgerðis greinir.

G. Ólafsson

Þessari merkjaskrá erum við samþykkir, að því er snertir jörðina Grenivík.

Þorður Gunnarsson Baldvin Gunnarsson.

Þingl. að Grytubakka, 17. Júní 1890

Borgun: Þingl. og Bokun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 61.

Landamerki

Grenivíkur í Grýtubakkahr.

Að norðan ræður Grenjá á Fjall upp út Grenjardal útundir Þröskuld og þaðan bein stefna í vestari Gilsárupptök á Trölladal rétt utan við Þröskuld, og vestari Gilsáin úti Tungusporð. Á móti Grýtubakka ráða reiðgötur á Leirdalsheiði inn að læk þeim, er rennur í Gljú frá úr Stórablettagili, síðan ræður sá lækur á fjall upp og þaðan í vörðu á Hnútu suðvestan í Grenivíkurfjalli og þaðan bein stefna á vörðu á melnum í svonefndri Syðrigjá, þaðan í vörðu á mel næst vestan við Reiðsund, þaðan í vörðu á Grenivíkurhólum suðaustur af fjárhúsunum í Grenivík, þaðan beina stefnu í Grafarlækinn þar sem hann fellur í Bárðartjörnina. Úr Bárðartjörn ræður garður út Svæðismýri sem beyist til vesturs og liggur neða við Svæðisvöll, vestur í nafir hjá Skælubjargi.

Höfða, 14. Maí 1890.

Þórður Gunnarsson.

Baldvin Gunnarsson.

Þessi merkjaskrá er eg samþykkur

Þorsteinn Jónasson

Þorsteinn Jónsson.

Þessari merkjaskrá er eg samþykkur fyrir Jarlstaði

Lárus Hannesson

Sem umráðamaður Svæðis og Gils er eg samþykkur framanritaðri merkjaskrá

G. Ólafsson.

Ofanskrifaðri merkja er eg samþykkur fyrir Hvamm.

Sveinn Sveinsson.

Þingl. að Grýtubakka, 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 62.

Landamerki
Gils í Fjörðum.

Framan við Gilsafrétt ræður Þverá sú, se rennur úr Þórðardal og aðskilur Finnastaðatungu og Gilsland, en rennur síðan í svonefnda Heiðará, sem að vestan og neðan verðu skilur Gilsland og Grenivíkurtungur. En að utanverðu milli Gils og Kussungsstaða ræður bein stefna frá fjallsegg og niður í svonefndan Steinalæk, sem hefir upptök sín uppundir fjallsrótum og sem reinnur beina stefnu utan við Gilsklif eftir djúpu gili á brúninni og síðan niður í Fjarðará. Að norðan verðu ræður fjallsegginn, sem liggur fyrir ofan Gilsland milli áðurnefndra merkja.

Höfða, 19. Maí 1885.

G Ólafsson

Ofanskrifaða landamerkjaskra samþykki eg hvað Finnastaði snertir eftir umboði Þorsteinn Jónsson.

Það sem Laufaskirkjujörðina Kussungsstaði snertir, er eg sem Laufassprestur samþykkur þessari landamerkjaskrá.

Magnús Jónsson.

Þingl. að Grýtubakka, 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 63.

Landamerki.

Svæðis.

Að sunnanverðu til móts við Höfða og Hól, ræður merkjum, bein stefna vestan úr Klettaborg milli Kvígudalanna austur yfir höfðan um vörðu sem er á takmörkunum milli Höfðalands og Háls, allt ofan að Barðartjörn að austan; þá ræður tjörninn og úr henni merkigarður sá sem liggur útmeð Grenivíkurhólum og beygist til vesturs fyrir utan Svæðistún allt vestur á nöfina fyrir utan og austan Skælubjarg, eftir það er sjórinn takmark að vestan innhá Kvígudölum.

Höfða, 20. maí. 1889.

G. Ólafsson

Þessa landamerkjálýsingu samþykkjum við eigendur Grenivíkur.

Baldvin B. Gunnarsson

Þórður Gunnarsson

Ofanskriafaðri landamerkjálýsingu milli Hóls og Svæðis er eg samþykkur.

Sv. Sveinsson.



Nº 64.

Landamerki
Þverár Fjörðum.

Að sunnan verðu til móts við Kussungsstaðaland ræður áin, sem kemur framan Þverárdal og rennur fram úr djúpu klettagili, hvaðan tekin er bein stefna mitt á milli Arnarhóls Kussungsstaða megin og Þverárinnar að utan verðu, eftir tveim hlöðnum vörðum, sem bera hver í aðra austur í austasta farveg Fjarðarárinnar, sem aðgreinir Kaðalsstaða og Þverár lönd að austanverðu, þangað til merkin milli Þverár og Tindriðastaða taka við að utan, sem í beinni línu skifta svo nefndri Klöpp, fyrst með skurði frá austuránni og síðan smá vörðum austur í Stekkjarlæk, sem takmarkar Tindriðastaða og Þverárland, og beint vestur og upp á Ytri-Bollafjallsöxl, en fjallsegginn ræður að vestanverðu.

Höfða 1. Júní 1886.

G. Ólafsson

Það sem Laufaskirkjujorðina Kussungsstaði snertir er eg sem Laufásprestur samþykkur þessari merkjaskrá

Magnús Jónsson

Framanskriafaðri landamerkjalytingu er eg samþykkur

Árni Jóhannesson

(prestr Þönglabakka)

Sömul. undirskrifar fyrir hönd Kaðalsstaða

Matth. Jockumsson

Þingl. að Grýtubakka. 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 65.

Landamerki
Tindriðastaða.

Að sunnanverðu ræður bein stefna austur frá aðalfjarðaránni, fyrst eftir skurði síðan eftir smá vörðum vestur yfir svonefnda Klöpp í Stekkjarlæk, sem aðskilur Tindriðastaða og Þverárland, en þaðan bein leið upp í Ytri Bollafjallsöxl; að vestan verðu ráða svo nefnd hraun Hraun, austaní Lútarfjalli; en að norðanverðu ræður merkjum milli Tindriðastaða og Brekku, bein lína ofan frá Hraununum í ofanvert Merkigil, eftir því miðju ofan í Starardý, sem kallað er Miðker vestarlega í Sökkumýri, og svo austur í ána í skorning frá árbakkanum, eftir það ræður áin merkjum suður að Þverárlandi.

Höfða. 1. dag Júní, 1886.

G. Ólafsson

Ofanskrifuðum landamerkjum er eg samþykkur

somul. eg

Árni Jóhannesson.

Matth Jochumsson

(prestr á Þönglabakka)

Þingl. að Grýtubakka, 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun Kr. 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 66.

Landamerki.

Brekku. Fjörðum.

Að austan ræður merkjum lína eftir miðju vatninu sem liggur fyrir sunnan Eyrartún, suður eftir miðri leirunni suður í Fjarðarána, austan við svonefnd Hólmavöð, er þar hlaðin varða á ytri bakka árinna; sunnan við ána myndast kíldrag, sem skilur Eyrar og Brekkuhólma, og liggur til suðurs þar til Eyrarhólmi þrýtur þá tekur annað kíldrag við, sem liggur vestan við Langhólma, en austan við Brekkuhólma og beygist síðan vestur á við til árinna; að sunnan ræður lína, dregin úr skarði í vesturbakka árinna upp í Starardý, sem kallað er Miðker vestarlega í Sökkumýri, þaðan upp í Merkgil og úr því ofanverðu bein lína í Háahraun í litla hraunnibbu. Af Háahrauni ræður bein lína í norður yfir Hrossastein fyrir sunnan Startjörn og út í nefnda Startjörn þar til komið er beint vestur af Háslæk þar sem hann rennur úr Startjörn. Þá ræður Háslækur ofan í Brekkulæk sem rennur í djúpu gili norðan við Brekkutún suður í áður nefnt vatn fyrir sunnan Eyrartún.

Höfði, 19. Nóvbr. 1889.

G. Ólafsson.

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Framanskriafaðri landamerkjalyýsing er eg samþykkur

Árni Jóhannesson

(prestr á Þönglabakka)

Ofan og framanskriafuðum landamerkjum er eg samþykkur.

Björn Björnsson

(eigandi Eyrar.)

Að því er snertir Kaðalstaði er eg samþykkur

Matth. Jochumsson.

Þinglesin að Grýtubakka, 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 66.

Landamerki.

Jarlstaða

Að vestan eða neðan ræður móti Grenivík bein lína úr ósnum á Grófarlæk út í merkivörðu, sem hlaðin er utan til á melunum, suður og upp frá bænum í Grenivík, en þaðan aftur að utan, bein lína upp á aðra vörðu á melhrygg við Breiðsund og síðan sama stefna uppí vörðu á Syðrigjáarmel sunnan við svokallað Selland og svo í vörðu á Grenivíkurfjallsbrúninni er þar ber við loft og alla leið upp á háfjallið. Að sunnan móti Hvammi ræður neðst Grófarlækjarós þar sem hann fellur í Bárðartjörn þaðan bein stefna upp í merkjagarðsstúf fyrir ofan Grenivíkurhóla, síðan bein lína upp í miðja merkjalág og svo sjónhending upp á Syðstahnjúk og þaðan óskift afréttar land sunnan við Grenivík.

Jarlstöðum, 14. Júní 1890.

Lárus Hannesson

Páll Hafliðason

Þessa merkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir

Sveinn Sveinsson bóndi í Hvammi.

Sem eigendur Grenivíkur erum við undirskrifaðir ofan greindri landamerkjaskrá samþykkir

P. Gunnarsson.

Baldvin Gunnarsson

Þingl. að Grenivík 17. Júní 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 68.

Landamerki.

Hringsdals.

Að utan móts við Svínárnes, ræður klettur eða drangi í fjörunni, sem kallaður er „Merí“ og beina línu í svokallaðan „Mosaklett“, þar langt upp undan upp við fjallsrætur og úr því beina línu á fjall upp. Að sunnan móts við „Hjalla“ ræður „Kleyfalækur“ er rennur úr syðri enda „Torfadaltjarnar“ ofan í sjó milli bæjanna, og aftur beina stefnu úr téðum tjarnarenda upp í miðjan „Grjótskálahnjúk“, sem er ofarlega í fjallinu, og þaðan beint á fjallsbrún upp.

Hringdal, 3. Janúar. 1890.

Kristján Kristjánsson,

Oddur Þorsteinsson.

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Ofanritaðri landamerkjalyýsing er eg samþykkur fyrir jörðina Hjalla.

Þorsteinn Jónasson.

Þessari landamerkjaskrá er eg samþykkur, sem umráðamaður jarðarinnar Svínarness.

J. V. Havsteen.

Lesin á manntalsþingi að Grytubakka, 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bok. 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 69

Landamerki
Þorsteinsstaða.

Að sunnan móts við Noll ræður Lækr er fellr í í sjó sunnan til í Krisuvík um gróf upp í bökkunum. Frá grófinni ræður bein lína í lág utan við Langhól. Sýna 3 vörður stefnuna, ein niðrundir sjárbakka, önnur rétt fyrir ofan veginn og hin þriðja á Kollhól sunnanverðum. Úr láginni fyrir utan Langhól ræður bein stefna upp á fjallsbrún.

Að vestan ræður sjórinn.

Að norðan móts við Laufás, ráða 2 jarðföst björg fyrir ofan Reiðholt, hvort uppundan öðru, fyrir sunnan Vörðuhól. Eftir þeirri stefnu uppá fjallshlíðina í vörðu fyrir ofan brekkuna. Úr þeirri vörðu suður og upp á Laufashnjúk. Stefnan úr jarðföstu björgunum ofan eftir liggur bein ofan fyrir Reiðholt og vestr að sjónum, um hina svonefndu Þorsteinsstaðaeyri.

En Laufási tilheyra þó allar slæjur á allri Þorsteinsstaðaeyri, eins fyrir sunnan sem norðan síðast nefnda stefnu.

Að austan ræður Laufashnjúkur.

[Innskot á spássíu] Ítökunum ekki lýst samkv. áskorun 20.5. '53. Því niður fallin F.S.

~~(Í Laufáslandi eiga Þorsteinsstaðir frjálsa hagagöngu fyrir alla stórgripi, og líka frjálsa hagagöngu fyrir sauðfé á allri svonefndri Þorsteinsstaðaeyri)~~

Laufási, 23. Novembr. 1889.

Magnús Jónsson.

Þessari merkjaskrá er eg samþykkur

Jón Sigurðsson.

Þingl. að Grytubakka 17. Júní 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 70

Landamerki
Kussungsstaða.

Að sunnan móts við Gil ræður, bein stefna frá fjallsegg niður í svonefndannæ Stóralæk, sem hefir upptök sín uppundir fjallsrótum og rennur beina stefnu utan við Gilsklif eftir djúpu gili í brúninni og síðan niður í Fjarðará.

Að vestan ræður fjallsbrunin úta móts við upptök Þverárinnar.

Að norðvestan og norðan móts við Þverárland ræður Þveráin, sem rennur út Þverárdalinn. Er áin hefir runnið fram úr gljúfrum sínum, er stefnan úr þeim beint mitt á milli Arnarhóls og árinna og sýna tvær vörður hver fyrir neðan aðra, stefnu þessa austur í austasta farveg Fjarðará.

Að austan ræður austasta hvíslin af Fjarðará (Hvalvatnsfjarðará) og að öðru leyti Hvalvatnsfjarðaráin suður að ósnum á Stóralæk.

Laufási, 23. Nóvbr. 1889.

Magnús Jónsson.

Hvað kirkjujörðum Höfða prestakalls viðvíkur, Gili og Þverá, þá er eg undir skrifaður framanritaðri landamerkjaskrá samþykkur.

G. Ólafsson.

Þessari landamerkjaskrá er eg samþykkur að því er snertir jörðina Grýtubakka.

Þorsteinn Jónsson.

Þingl. að Grytubakka, 17. Júní 1890.

Borgun og Bokun og Þingl. 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 71.

Landamerki
Nólls.

Að vestan verðu sjórin.

Að norðan móts við Þorsteinsstaði, ræður lækur er fellur í sjó sunnan til við Krisuvík um gróf upp í bakkanum. Úr gróf þessari er stefnan bein í lág fyrir utan Langhól og sýna þrjár vörður stefnuna, ein er niður undir sjáfarbakka önnur rétt fyrir ofan veginn og hin þriðja á Kollhól sunnan verðum. Úr láginni fyrir utan Langhól ræður bein stefna upp á fjallsbrún. Að austan ræður fjallsbrúnin.

Að sunnan móts við Fagrabæ ræður bein stefna úr fjöru í gamlan merkigarð, þá ræður merkigarðurinn upp að Skriðubrekku utan verðri, þá bein stefna í Hrísbrekku syðst, þá Fagrabæjargil uppá fjallsbrún.

Laufási 23. Nóvbr. 1889.

Magnús Jónsson.

Samþykktur vegna Fagrabæjar

Vilhjalmur Bjarnarson (eigandi)

Þessari Landamerkjaskrá er eg samþykktur

Jón Sigurðsson.

Þingl. að Grýtubakka, 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 72.

Landamerki
Víkur á Flateyardal.

Að sunnanverðu eru merkin milli Víkur og jarðarinnar Brettingsstaða í Nausteyrarós er rennur í sjóinn úr Víkurvatni fyrir sunnan Víkurhöfða, en milli Víkur og jarð= Jökulsár ræður Merkjakelda, sem sprettur upp í mýrinni fyrir neðan Merkjalág, sem liggur upp og ofan milli bæjanna Víkur og Jökulsár liggur merkjakelda þessi í dálitinn sveig frá uppsprettunni og beint suður í Víkurvatn. Svo liggja merkin beint upp úr merkjalág yfir stórahól, í Botnahrygg og á fjall upp

Að norðvestan verðu ræður Hafragjá merkjum milli Víkur og jarðarinnar Kaðalstaða, en háfjallið að suðvestan verðu

Munkaþverá 24. martíus 1890

Eigandi Víkur J. Jónsson

Sem eigandi Jökulsár er eg landamerkjaskra þessari samþykkur

Einar Ásmundsson

Samþykkur vegna 1/2 Brettingstaða sem er eign landssjóðs

Stephan Stephensen

Sem umboðsmaður Kaðalstaða undirskrifar

Matth. Jochumsson

Þingl. að ~~Grytubakka~~ Halsi 16. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 73.

Landamerki

Litlutungu í Bárðardal.

Að sunnan skilja Merkilágar, sem liggja milli Skjálfandafljóts og Íshólsvatns norðarlega, Litlutunguland og Almennig. Úr Merkilagum skilur bein lína í Arnarhól og þaðan að Mjóadalsá gegnt Siggunefi, lönd Litlutungu og Íshóls. Þaðan skilur Mjóadalsá lönd Litlutungu og Mýrar allaleið þar til hún fellur í Skjálfandafljót. Svo ræður Skjálfandafljót merkjum niður að fyrst greindum takmörkum.

Mýri 10. Júní 1890.

Jón Ingjaldsson eigandi Litlutundi [svo] og eigandi að 2/3 og ábúandi Mýrar.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er eg samþykkur

Jón Benidiktsson

(eigandi Íshóls.)

Samþykkur fyrir hönd Ljósavatnshrepps.

Jón Jónsson.

Eg sem eigandi að 1/3 úr jorðunni Mýri er samþykk.

Kristbjörg Ingjaldsdóttir.

Þingl. að Ljósavatni, 14. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 74.

Landamerki

Vatnsenda í Pistilfirði.

Að norðan ræður tröllkonuhlaup við Sandá og þaðan bein lína í austur í Balafellsbrún þá ræður brúnin í Vatnsendaskarð, þaðan ræður lækur sá er úr skarðinu kemur í Hólkná.

Að austan ræður Hokná frá Skarðslæk inn að Krubbnalæk og ræður hann til upptaka sinna, sem eru utan undir Álftadyngjufjallgarð hans þaðan ræður sama stefna í suður þar til tekin verður bein lína vestur í Sandá um Þorsteinsnef

Að vestan ræður Sandá frá Þorsteinsnefi til Tröllkonuhlaups.

Hreppsnefnd Svalbarðshrepps. 4. Júní. 1889.

Hjörtur Þorkellsson, Jón Árnason Kristjan Vigfússon,

Árni Davíðsson Sigurbjörn Friðriksson

Helga Jónsdóttir Kristján Kristjánsson

eigendur að Víðirhóli

Jón Bjarnason. eigandi að Laxardal og umráðamaður Hafursstaða.

Sigfús Jónsson umráðamaður Hvapps.

Þingl. að Svalbarði, 26, Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 75

Landamerki.

Garðs í Þistilfirði

Að norðan ræður Tungá frá ósi að upptökum við Einarsskarð, að vestan ræður austari fjallgarðsbrún frá Einarsskarði að svo kölluðum Þvermel, að sunnan ræður bein stefna úr Þvermel í Stóraskriðugil og úr Storaskriðugili beina stefnu yfir Flautafellsfjall að upptökum Merkilækjar eftir það ræður merkilækur frá upptökum sínum að ósi. Að austan ræður Svalbarðsá frá merkilækjarósi að Tunguárósi sem fyr er nefndur þar að auki á Garður svo kallað Þverfellsland liggjandi í afréttarlöndum inn til heiða. Austan að því ligur Svalbarðsá frá Þverfellsárósi að Djúpárósi, að sunnan og vestan ræður Djúpá frá ósi til upptaka sinna í Djúpárbotnum. Að norðan ræður bein stefna frá upptökum Djúpár yfir Súlnafellsfjallgarð að upptökum Arndísarlæks, þá ræður lækurinn frá upptökum til oss síns þar sem hann fellur í Þverfellsá, eftir það ræður Þverfellsá frá nefndum lækjarósi, að ósi sínum þar sem hún fellur í Svalbarðsá, sem áður er nefndur.

Skógum 25. Nóvbr. 1887.

S. Sigurðardóttir.

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Þessu samþykku Jón Sigurðsson Skinnalóni

Eigandi Heiðarmúla.

Ólafur Petersen

prestur að Svalbarði.

Þessu samþykku að því er snertir Flautafellsland

Stephan Stephensen.

Þingl. að Svalbarði 26. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 76.

Landamerki.

Kálfborgarár í Ljósavatnshreppi.

Að norðan og austan móti Arndísarstöðum Heiðarseli og Brenniási ræður á sú er Kálfborgará heitir, sunnan móti Jarlstöðum garður sá, sem liggur austur frá Skjálfandafljóti skammt norðan við Arnarstaði (beitarhús frá Jarlstöðum frá þeim garði bein stefna í Kálfborgará gegnt Kalfborg, og eru á þessari merkjalínu hlaðnar vörður, að vestan ræður Skjálfandafljót.

Kalfborgará, 30. maí 1890.

Eigandi og ábúandi Kálfborgarár

Sören V. Jónsson

Fyrir hönd landssjóð jarðarinnar Brenniáss er eg samþ. þessari landamerkjaskrá.

Pétur Jónsson

(umboðsm.)

Fyrir hönd Ljósavatnshrepps, sem eiganda Jarlstaða er eg skrá þessari samþ.

Sigurður Jónsson

(p.t. hreppsnefndaroddviti.)

Sem eigandi Arndísarstaða og hjálegunnar Heiðarsels, er eg samþykkur framan skrifaðri landamerkjaskrá.

Jón Árnason.

Þingl. að Ljósavatni 14. Juni 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 77.

Landamerki.

Mýrar í Bárðardal.

Að sunnan skilur Syðri=Bótará lönd Mýrar og Mjóadals. Frá norðvestustu upptökum Bótarár liggja svo merkin norður háfjallið eftir því sem vatnsföll deila sveita milli, norður gegnt svonefndum Stóralæk og er þar nú sett merkivarða. Merkjum milli Myrar og Halldórsstaðar ræður svo fyrst bein stefna úr áður nefndri vörðu í efri krókinn á Stóralæk, svo lækurinn að neðri króknum og þaðan bein stefna í svonefnt Merkgil, sem svo ræður að Skjalfanda fljóti. Að austan ræður Skjalfandafljót að ósi Mjóadalsár, og Mjóadalsá síðan til fyrst greindra ummerkja.

Mýri, 20, Maí. 1885.

Jón Ingjaldsson.

Kristján Ingjaldsson, Kristbjörg Ingjaldsdóttir.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá samþykkur er eg undirskriafaður eigandi Mjóadals.

Kristján Jónsson.

Umraðamaður Halldórsstaða

Jón Þorsteinsson.

Eigandi og abuandi Sörlastaða

Sigurjón Bergvinsson.

Þinglesin að Ljósavatni, 14. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 78.

Landamerki
Tungusels.

Að austan ræður Kverká frá því hún fellur í Hafralónsá allt innað Klöpp (merkiklöpp) þeirri er stendur austan við ána skammt fyrir utan Kverkáreyrar, þaðan bein stefna í Stóruvörðu, er stendur á melhryg í Grasdal, þaðan sama stefna í vörðu á Hólmatvatnshæðum, þaðan sama stefna í Miðdal í Árnarfjöllum þaðan bein stefna neðst á Bárðarmel. Að sunnan ræður bein stefna innst af Bárðarmel vestur í Hafralónsá. Að norðan ræður Hafralónsá innað Tunguá, að vestan Tunguá innað Kílamótum þá austara Tungárdrag innað Arnarfjallahyrnu og þaðan bein stefna í Hafralón.

Tunguseli, 20. April 1885.

Grímur Jónsson

sem fullmektugur vegna eigendanna Jóns Bjarnarsonar og Matthildar Þorsteinsdóttur.

Guðmundur Bjarnarson

(eigandi að 1/2 Hallgilsstöðum)

Þingl. að Sauðanesi, 27. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 79.

Landamerki.

Svalbarðskirkjulands í Pistilfirði.

Að vestan ræður Svalbarðsá frá ósi upp þangað sem Djúpá fellur í hana, síðan Djúpá að ytri Langassenda og svo Langás síðan skilur heiðarlönd Svalbarðskirkju og Hafrafellstungu bein lína úr fremri Langássenda suður í upptök kvíslar þeirrar, er fellur austur úr stóra Búrfellsvatni (Hólmavatni) þaðan réttisýnis yfir vatnið austan við hólma í melhól þann, sem er norðaustan við Búrfell þaðan réttisýnis í Dettifossá og ræður sú á síðan landamerkjum austur til Sandár, sem allt til sjáfar myndar austur takmörk kirkulandsins. Við landamerkja skoðun, sem framkvæmd var 12. Sept. 1887, af umráðamanni Svalbarðskirkju Guttormi presti Vigfússyni og einum af eigendum Hafrafellstungu, Sigvalda bónda Eiríkssyni að viðstöddum Ólafi M. Jónssyni bónda á Kúðá og Sigfúsi Einarssyni bónda á Ærlæk, urðu menn ósattir um, framanskriðu landamerki, hvað heiðarlandið áhrærir, og með því samkomulagi, er öllum þeim ágreiningi lokið er áður var um landamerkin þeim megin og þeirri ósamhljóðan er var milli eignarskjala jarðanna. Þessari landamerkja gjörð til fullnustu, eru undirskriðuð allra hlutaðeigandi nöfn

Svalbarði, vor 1887.

| | |
|--------------------------|-----------------------|
| S. S. Eiríksson | Guttormur Vigfússon. |
| (á Hafrafellstungu) | (prestr á Svalbarði.) |
| Sigurveig Sigurðardóttir | Guðrún Eiríksdóttir |
| á Skógum | á Laxárdal. |

(eigendur Hafrafellstungu.)

Þingl. að Svalbarði 26, Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-
Borg.

B. Sveinsson.



Nº 80.

Landamerki

Ytri=Brekkná.

Að sunnan fyrir landinu ræður bein stefna úr Klöpp í Sandkrók í Merkistein, þaðan bein stefna í vörðu á fjallsbrún eður Bungu þaðan bein stefna í Þernuvatnslæk, þar sem hann fellur í Fossá, ræður þá lækurinn að Þernuvatni. Að austan fyrir landinu ræður bein stefna úr austasta hólmanum í Þernuvatni, að upptökum Gunnlögsár, þaðan bein stefna í Merkjalæk þar sem hann svegir frá suðri til vesturs og aðskilur Stóra flóa og Helguflóa þaðan ræður Merkjalækur þangað, sem hann fellur í Fossá og ræður þá Fossá merkjum að sjó.

Ytri-Brekkur eiga allann reka fyrir þessu landi: Úr Fossá í Klopp á Sandkrók.

Jón Danielsson

(eigandi Ytribrekkna)

H. Jónsdóttir

(eigandi Syðralóns)

H. Guðbrandsson

eigandi Syðri Brekkna

St. Pétursson

umsjonarmaður Smirlafells

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Þinglesin að Sauðanesi 27. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 81.

Landamerki
Geirbjarnarstaða.

Milli Þóróddstaðar og Geirbjarnarstaða ráða þessi merki: Á fljótsbakkanum ræður varða síðan bein lína í upptök Augnkíls, sem lítið eitt er ofar en í miðri mýri, þaðan bein lína í grjótvörðu upp á fjallsbrúninni og úr henni beina stefnu vestur í Seljadalsá. Að vestan ræður Seljadalsá niður að Kúavaði, þaðan í beina stefnu í Merkjalág, síðan eftir forngarði í biskupsvörðu og þaðan beina stefnu til fljóts yzt á Torfhólma. Að austan ræður Skjálfandafljót.

Árni Jóhannesson Geirbjarnarstöðum, 18, Sept. 1889.

(prestur að Þönglabakka)

Klemens Jónsson Jón Arason

abuandi Geirbjarnarstaða pestr að Þóróddstað

Fyrir hönd Múlakirkju samþykkur B. Kristjánsson

Þingl. að Ljósavatni 14, Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 82.

Landamerki
Hraunkots

[Innskot á spássíu] áður innfærð.

~~Að vestan ræður Skjálfandafljót eftir miðju meginvatni eins og nú er norður á móts við merkinöf. Að norðan ræður bein stefna frá miðju fljóti í merkinöf og austur yfir Svartahraun, Merkivörðu, Sandsholtsbruna, um Sandalág, í Merkiborg, þaðan til suðausturs að ytraklifi. Að austan ræður stefna frá ytraklifi á vestari Bálkholtshnútu og þaðan beina stefnu yfir vörðu í Stöpulskóg í Helluvörðu. Að sunnan eru merki frá Helluvörðu, stefna yfir Skjónugjá í Skjónupoll vestan við hraun og þaðan eftir sömu stefnu í mitt Skjálfandafljót. Þessar jarðir liggja að Hraunkotslandi: Syðriskál, Granastaðir, Sandur, Sílalækur, Knútsstaðir og Garðar.~~

~~Hraunkoti, 27. Janúar 1890.~~

~~J. Kristjánsson Jón Jónsson Sigurjón Þorgrímsson~~

~~Fyrir jörðina Sílalæk og Sand samþykkir~~

~~B. Kristjánsson.~~

~~Fyrir jörðina Garð samþykkir~~

~~Jón Jóakimsson~~

~~Fyrir jörðina Knútsstaði samþykkir~~

~~Sigurjón Jóhannesson.~~



Nº 82.

Landamerki
Austaralands

Að norðan, úr Jökulsá sunnanvert við Hraundal þar sem varða er hlaðin, eint í garð þann er liggur um Stórarjóður, þaðan beina stefnu í Grenishól; þaðan í Rauðhólanybbu í ~~Reiði~~.
Að sunnan: úr Reiði í Svarthamar er stendur á Hólssandi norður af Kvennsöðli þaðan beina stefnu í vörðu á melnum vestan við syðri Beitivallagilskrók; þaðan í þvertvestur í vörðu er stendur sunnan við Grímsmýrarbotna. Að vestan úr nefndri vörðu réttsýnis í syðsta vörðuhól, þaðan í landsár uppsprettu, og ræður hún landamerkjum, þar til hún fellur í Jökulsá. Að austan úr Rauðhólanybbu í Reiði.

Austaralandi, 11. apr. 1890.

Margrét Palsdóttir Páll Johannesson.

Samþykkur vegna Hafursstaða með Árholti

Þorleifr Jónsson.

Samþykk sem eigandi að 1/3 Vestaralands

Guðrún Eiríksdóttir

Samþykkir vegna Hafrafellstungu

Sigurveig Sigurðardóttir Sigvaldi Eiríksson

Fyrir hönd Skinnastaðahrepps

B Gunnlögsson.

Samþykkur fyrir hönd eiganda að 2/3 úr Vestaralandi Sigurður Bjarnarson

Lóni 17/5 – 90 Arni Kristjánsson.

Þingl. að Skinnastöðum 24. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 83.

Landamerki

Hólssels.

Að sunnan ræður Vatnsleysan upp að vörðu á svokölluðum Vatnsleysukambi, þaðan í vörðu vestur á Langavatnshöfða, þaðan í Hrossbeinagig, þaðan beint í Merkiholt á svokölluðum Flöt, þaðan beint í austur að Grundarhólsmerkjum þaðan í norður í há Selás þaðan í há Fjarðarsundsás, þaðan beint á austari Vegg á móts við Falkaklett, þaðan beint vestur að Sandi þaðan beint í syðra Norðmelsfjall þaðan beint vestur í Jökulsá og ræður hún að vestan. Úr þessu landi fellur Melstykki að sunnan stefnan úr Einbúa beint í hól ofan við Hólskíl, en að utan úr vörðu syðst á Fjarðarsundsás beint í Vestur í vörðu syðst á Miðás þar á móti er lagður partur a Engidal úr miðju Viðurvatnsvík í efri Fossdalsbrún og allt þar fyrir neðan.

[Innskot á spássíu] Ítakinu ekki lýst samkvæmt áskórun 20.5.1953. Því niður fallið. JS.

(Úr parti þessum heyrir til Grundarhóls torfrista og 3. hestaganga).

Hólsseli, 26, Maí 1889.

Helgi Guðlögsson (eigandi)

Fyrir Grundarhól

Jón Sigurðsson (eigandi)

Fyrir Grímsstaði Sölvi Magnusson (eigandi)

Kristján Kristjánsson

Helga Jónsdóttir

eigendur að Víðirhóli

Bjarni Jónsson eigandi að 2/3 Nýhóls.

Vegna Hafursstaða ser samþykkur

Þorleifr Jónsson

Jón Bjarnason eigandi Fagradals.

Þingl. að Skinnastöðum, 24, Júní 1890

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 84.

Landamerki.

Bótms í Þorgeirsfirði.

Að ~~vestan~~^{austan} ræður merkjum milli Botns og Þönglabakka lína úr Fjarðarkróknum fyrir sunnann Grandann beint til sjáfar yfir Stúfinn og er þar á honum hlaðin varða eða dys með hvalbeinslið innaní, ákveður hun nakvæma rekamarkið. Úr áður nefndum Fjarðarkrók, ræður milli Botns og Þönglabakka Fjarðaráin að austan og suðaustan við Bornsmýri allt fram að vörðu sem hlaðin er á vestur árbakkanum; sú varða skiftir landi milli Botns að norðan en Hóls að sunnan; hun stendur í beinni línu þvert að ánni frá Merkisteini, stórum steini rétt fyrir ofan mýrina. Að sunnan ræður þá milli Botns og Hóls, bein lína úr Merkisteini vestur þvert á fjall upp utan í háu Þóru. Að vestan ræður Háafjallsegg milli Botns og Keflavíkur, en þegar hún þrýtur, þá bein lína ofan í Hrapaðargjá, sem er skora niður úr Katlinum er liggur norðaustan í Háafjallinu.

Að norðan ræður sjórinn.

Akureyri, 17. Januar 1890.

Stephan Stephensen.

Verte

[Fletta, sbr. framhald á hinni hlið síðunnar]

Keflavík er einsog Botn eign landssjóðs

Stephan Stephensen.

Sem eigandi jarðarinnar Hóls í fjörðum er samþykkur

J. Jónsson

Framan skrifuðum landamerkjum er samþykkur vegna Þönglabakka

Árni Jóhannesson.

Þinglesin að Grýtubakka, 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 85.

Landamerki.

Keflavíkur í Grýtubakkahreppi.

Að norðan ræður sjórinn.

Að austan milli Botns ræður Hnjárfjallsegg en þegar hun þrýtur þá bein lína ofan í Hrapaðargjá, sem er skora niður úr katlinum er liggur norðaustur í Hnjárfjallinu.

Að austan úr Ke[r]língu og beina stefnu á Gjörgurtopp.

Að sunnan ræður Uxaskarð.

Akureyri, 16. Januar 1890.

Stephensen

Botn er eins og Keflavík eign landssjóðs

Stephan Stephensen

Jonas Jonsson á Látrum

Þinglesin að Grytubakka, 17. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 86.

Landamerki

Leirhafnar á Melrakkaslétu

Að norðan milli jarðarinnar Leirhafnar og Kílsness eru merki ur Bángsaþúfu á Malarkambi við sjó fram norður með Leirhafnarvík nokkru innar en Hraunapúfa, til austurs yfir Hraunamýrina milli tjaranna, þaðan í nyrðri enda á Brunavatni síðan sömu línu í Hraunklöpp á Hálsinum norður af Geflu þar sem varða er hlaðin og hvalbein í, síðan sömu stefnu austur til heiðar norðan til í tjarnarflagið vestan við Kjalarás og til vörðu á nefndum ás. Frá vörðu þessari liggja merkin beina línu í Kambsás. Að sunnan milli Snartastaða og Leirhafnar ræður Mígindisdalur, sem er utan og vestan á Snartastaðanúp og þaðan beina línu í Krossholt utan vert og svo til fjalls upp í grjótvörðu, sem hvalbein er hlaðið í, síðan austur yfir fjöll og til heiðar sunnan við Leirhafnarmýri beina línu í Kambás, sem er hornamark á Leirhafnarlandi.

Leirhöfn er eign landsjóðs.

Grjotnesi, 22. marz 1890.

Fyrir hönd umboðsm. Stephans Stephensens

Guðm. Jónsson

Jón Jónsson.

Þ Hálfansson,

Margret Hálfðansardóttir.

Leirhofn er eins og Snartastaðir eign landssjóðs og samþykkir þessi landamerki

Stephan Stephensen.

Þinglesin að Prestholum 25 Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun Kr. 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 87.

Landamerki

Rauðár í Ljósavatnshreppi

Að sunnan móts við Úlfsbæjarland ræður bein stefna til háausturs frá merkivörðu við Skjálfandafljót um svo kallaða Merkihellu, sem er herum bil 100 faðma norður frá vallargarðinum á Úlfsbæ í markvörðu á vesturbakka Rauðár lítin spöl sunnan við svonefnt Helluvað; þaðan ræður Rauðáin upp að Engivatni. Að vestanverðu mots við Einarstaðaland ræður bein sjónhending ur Engivatni í Miðtöng austanvert við Ingjaldsstaðaás. Að vestan ræður Skjálfandafljót. Að norðan móts við Ingjaldsstaði ræður bein stefna úr vörðu sem hlaðin er við Skjálfandafljót um svonefndann Bandhól upp að Rauðá þar sem hún fellur úr gljúfrum. Þaðan ræður áin upp að svokölluðum Steinhrauk, þaðan bein stefna um vörðu þá, er hlaðin er á ásnum austan við ána allt að merkjum Einarstaða.

Í Skjálfandafljóti er holmi, Bæjishólmi nefndur, fram undan merkjunum milli Úlfsbæjar og Rauðár, sem að mestu leyti tilheyrir Rauðá.

Rauðá, 7. Maí. 1890.

Pétur Jónsson

(settur umboðsmaður)

Fyrir hond eignarjarða minna Úlfsbæjar og Ingjaldsstaða er eg samþykkur

Kristján Jónsson Úlfsbæ

Sem eigandi og ábúandi Einarstaða er eg samþykkur.

Haraldur Sigurjónsson.

Þinglesin að Ljósavatni, 14. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og borgun 1,00 -ein Króna-

B: Sveinsson.



Nº 88.

Landamerki

Laxamýrar í Húsavíkurhreppi.

Að norðan verðu ræður landmerkjum milli Laxamýrar og Saltvíkur við sjó, svokallað Rauðkubjarg þar sem það er hæst þaðan bein stefna yfir Sortulæk í Einbúa, þá í Stóruhálag sem liggur að svonefndum Krossmel, sem er á há Mýrarleyti, úr melnum til austurs í garð þann, sem liggur norðan við Háuvörðu á Skarðahálsi; þá bein stefna til austurs í vörðu í vörðu vestast í Hnjúkunum, þaðan austur yfir Hnjúka gegnt tveim vörðum austast í þeim og beina leið í grjóthrégu við alfara veginn á Grjóthálsi: Að sunnan ræður landmerkjum á milli Laxamýrar og Skarða garður sá, sem liggur frá Mýrarhvisl utan við Hrísakot upp hálsinn í Krók þann sem á garðinum er, þaðan bein stefna í Hamarsbrekkuhól og til austurs í tvær vörður á austari Hamarsbrekku, þá réttsýnis til fjalls upp á mots við Skarðaland. Á Hvammsheiði eru merki þessi: Úr Mýrarhvisl sunnan við Ytri-Skarðagróf og vestur í Írhól, þaðan sama stefna í stóra vörðu við Reiðgötur á Hvammsheiðarbrún, svo fram göturnar að vörðu þeirri er stendur vestan við þær og takmarkar Núpalandamerki að norðan, þá bein stefna að vörðu þeirri er stendur austan við þær og vestur af heiðinni í Merkilág gegnt garði þeim vestan Laxár, sem aðskilur Núpa og Mýrarselsland. Þaðan ræður Laxá merkjum út í sjó, og tilheyra jörðunni allar eyar, holmar og sker, sem í henni eru að undan tekinni Uxastaðarey og þeim sjö smá hölmum, sem eru í ánni að vestan verðu skammt frá Mýrarselsbæ.

Laxamýri, 8. nóbr. 1889.

Sigurjón Jóhannesson.

Fyrir hönd Grenjaðarstaða og Múlaprestakalla samþykkir

B. Kristjánsson.

Samþykkir eigendur Skarða

Jón Á Árnason, Jón Jónsson, Jakobina Jónsdóttir

Fyrir hond þverar í Reykjahverfi, samþykkur

Árni Jonsson (umráðamaður)

Þinglesin að Húsavík 11. Júní 1890

Borgun: Þingl. og bókun 1 Kr (ein Króna)

B. Sveinsson.



Nº 89.

Landamerki

Knútsstaða í Helgastaðahreppi.

Að sunnan ræður merkjum milli Knútsstaða og Tjarnar, grjotgarður, sem liggur til vesturs frá Laxá, frá honum bein stefna um svokallaðan austari og vestari Stampa í Merkiborg, þaðan sama stefna í vestur gegnt Pétursborg. Að vestan ræður merkjum milli Knútsstað og Garðs og ennfremur Hraunkots, bein stefna úr Pétursborg í svonefnda Helluvörðu, þaðan í grjótvröðu í Stöpulskógi, þá bein stefna á vestari bálkholtshnútu. Að norðan eru merki úr nýnefndri hnútu bein stefna í ytra Klif á Hraunavegi er varða skal hlaðin, þaðan bein stefna suðaustur í garð við Laxá undan svo kölluðum Ytrihöfðum. Að austan ræður Laxá merkjum í mitt megin vatn og tilheyra jörðunni þeir smáhólmar sem þeim megin árinna eru. Öll skifti til landamerkja og vatns sem átt hafa sér stað milli Knútsstaða og Árbótar falla hér eftir burtu á báðar hliðar.

Laxamýri, 8. nóvbr. 1889.

Sigurjón Jóhannesson

Fyrir Sílalæk samþykkir

B. Kristjánsson

Fyrir Hraunkot og Tjörn samþykkir

J. Kristjánsson

Fyrir Garð samþykkir

Jón Jóakimsson

Fyrir Hraunkot samþykkir

Sigurjón Þorgrímsson.

Þingl. að Helgastoðum, 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og bókun 1 Kr -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 90.

[Innskot á spássíu] Hinn 30. Sept. 1923, er landspilda seld undir Klömbrur. Sjá Veðmálabók C. 1562, bls. 417.

Landamerki

Árbótar í Helgastaðahreppi.

Að norðan ræður merkjum á milli Árbotar og Núpa garður, sem liggur frá Laxá utaní svonefndum syðri höfða og sunnan við skvo kallaðann Kjöl, sem er hér melur á heiðarbrúninni að vestan, og meðan til hans sést þá bein stefna úr honum til austurs, í vörðu þá sem hlaðin vestan við reiðgötur á Hvammsheiði, þaðan bein stefna austur sunnan við svonefnda Lómatjörn eftir upphlöðnum vörðum allt í Kvísl þá, sem rennur eftir Hvammsheiði úr Langavatni. Að austan ræður kvíslin merkjum í mitt megin vatn. Að sunnan ræður merkjum milli Árbótar og Ness garður sá sem liggur frá áður taldri kvísl, vestur yfir heiðina næst sunnan við Álfhól allt vestur á heiðarbrún að svonefndu merkigili, þá þaðan ofan að Laxá. Að vestan ræður Laxá merkjum í mitt megin vatn. Øll skifti til lands og vatns sem átt hafa sér stað á millum Árbótar og Knútsstaða, falla hér eftir burtu á báðar hliðar.

Laxamýri, 8. nóvbr. 1889.

Sigurjón Jóhannesson.

Fyrir jorðina Nes samþykkir

B. Kristjánsson

Samþykkur að því er snertir Storu-Reyki með Litlu-Reykjum og Holtakoti samkvæmt umboði frá umráðamanni Sturureykja. Sömu leiðis að því er snertir landamerki milli Ness og Árbótar eftir umboði frá umráðamanni Ness síra B. Kristjánssyni

Jón Jónsson

Hinsvegarskrifuð landamerki milli Árbótar og Tjarnar samþykkjum við eigendur Tjarnar.

J. Kristjánsson

J. Jónsson.

Að því er snertir Þvera í Reykjahverfi er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá

Árni Jónsson

Lesin á manntalsþingi að Helgastöðum, 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og bókun 1,00 Kr -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 91

Landamerki

Núpa í Helgastaðahrepp.

Að norðan ræður merkjum milli Núpa og Laxamýrar lág sú er liggur upp frá Laxá mots við merkigarð Mýrarsels og Núpa vestan árinna sem nú nefnist Merkilág; ræður láginn upp í heiðina þaðan bein stefna í há austur í vorður. Að austan ráða Reiðgötur fram að vörðu þeirri, sem aðskilur Núpa og Árbótarland og stendur vestan við veginn, þaðan bein stefna til vesturs í garð þann, sem liggur sunnan við svonefndan Kjöl um Syðrihöfða og ofan í Laxá þá ræður Laxá í megin vatn út að ytrihöfða, þá garður vestan við ána og úr honum bein stefna til norðvesturs í vorðu við ytraklif á Hraunavegi og þaðan réttisýnis syðst í Kalfadal, þá austur í Kolhóla og í merkigarðinn fram við hólma þann í Laxá, sem Eskey nefnist.

Þess skal ennfremur getið, að Grenjaðarstaðakirkju tilheyrir nefnd Eskey og hefir hun talizt fyrir Núpalandi en við nýja merkjaskipun Mýrarsels og Núpa breytist svo, að hún liggur nú undan Myrarselslandi.

Laxamýri, 8. nóvbr. 1889.

Sigurjón Jóhannesson.

Fyrir sylalæk samþykkur

B. Kristjánsson.

Fyrir Þverá í Reykjahverfi samþykkir

Árni Jónsson. (eigandi og ábúandi)

Þinglesin að Helgasstöðum 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og bókun 1. Kr -ein króna-

B. Sveinsson.



Nº 92.

Landamerki

Mýrarsels í Húsavíkurbhreppi.

Að sunnan verðu ræður landamerkjum milli Mýrarsels og Núpa, garður sá, sem liggur til vesturs frá Laxá skamt fyrir Eskey og úr garðinum bein stefna í svonefnda Kolhóla, þaðan þvert vestur syðst í Kálfadal. Að vestan ræður merkjum milli Mýrarsels og Sýlalækjar Kálfadalur og hann út miðjan meðan hann endist beina stefnu út í Langahrygg í Klöpp sem varða er á hlaðin; þaðan beina stefnu til sjáfar út til rekaviðarstaurs sem grafinn er á endann í sandgíg með Múlakirkju viðarmerki á annarsvegar og Laxamýrar nafni hinsvegar. Að austan ræður Laxá merkjum til sjáfar, og tilheyrir Myrarseli Uxastaðareya og þeir 7 smá hólmar, sem eru í ánni að vestanverðu skammt frá bænum.

Laxamýri, 8. Nóvbr. 1889.

Sigurjón Jóhannesson

Fyrir Sýlalæk samþykkir

B. Kristjánsson.

Þinglesin að Húsavík, 11. Júní 1890

Þingl. og bokun Kr 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



N^o 93.

Landamerki

Kaldbaks í Húsavíkurhreppi.

Að millum Kaldbaks og Húsavíkurkirkjulands ræður merkjum við sjó fram vestari snösin á Svarthamri, sem er annað nefið næst Hraukamýrarlæk þaðan bein stefna í vörðu á neðanverðum fornlegum merkigarði og síðan merkigarðurinn þar til hann þrýtur, þá frá efri enda hans stefna til heiðar í sömu átt um hnjúka eftir upphlöðnum merkivörðum í grjóthrúgu við veginn á Grjóthálsi. Að sunnan ræður merkjum á milli Kaldbaks og Saltvíkur, varða sem sett er á sjáfarbakkanum sunnan vert við Gvendarbás og bein stefna úr henni í merkivörðu í kroknum á Gvendarbáslæk, þaðan ræður gamall merkigarður sem liggur sunnanvert við Gvendarstein og austur í hnjúka; þá bein stefna í vörðu við alfara vegin á Grjóthálsi austan við Húsavíkurkirkjuland.

[Innskot á spássíu] Ítakinu ekki lýst samkvæmt áskorun 20,5.´53 Niður fallið. JS.

~~(Húsavíkurkirkja telur sig eiga 1/8 úr hval á rekapartinum frá Hraukamýrarlæk vestur að Svarthamri).~~

Laxamýri, 8. nóvbr. 1889.

Sigurjón Jóhannesson
(eigandi Kaldbaks.)

Finnb. K. Magnusson.

umboðsmaður Húsavíkurkirkju.

Þingl. að Husavík 11. Júní 1890.

B. Sveinsson.



Nº 94.

Landamerki

Saltvíkur í Húsvíkurhreppi.

Að norðan ræður landamerkjum milli Saltvíkur og Kaldbaks, merkivarða, sem sett er á sjáfarbakkanum sunnan við Gvendarbás, þá bein stefna úr henni í merkivörðu í króknum í Gvendarbáslæk, þaðan ræður gamall merkigarður, sem liggur sunnan vert við Gvendarstein austur í hnjúka og beina stefnu í vörðu við alfara veginn á Grjóthálsi austur við Húsavíkur kirkjuland. Að sunnan ræður merkjum milli Saltvíkur og Laxamýrar við sjó svokallað Rauðkubjarg þar sem það ber hæst, þaðan bein stefna yfir Sortulæk í Einbúa, þaðan í Stórlág, sem liggur að svonefndum Krossmel, sem er á há Myrarleyti og úr melnum til austurs í garð þann, sem liggur norðan við háu vörðu á Skarðahálsi, þá beina stefnu austur í vörðu vestast í hnjúkunum, þaðan austur yfir hnjúka gegnt tveim vorðum austast í þeim, og í grjóthrúgu við veginn á Grjóthálsi

Laxamýri, 8. nóvbr. 1889

Sigurjón Jóhannesson
(eigandi Saltvíkur)

Finnb. R. Magnússon.

umboðsmaður Húsvíkur kirkju.

Þinglesin að Húsavík. 11. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og bokun 1 Kr -ein Krona-

B. Sveinsson.



Nº 95.

Landamerki
Sjóarlands í Pistilfirði

Frá Svalbarðsárosi í suðr ræðr Svalbarðsa merkjum milli Svalbarðs og Sjóarlands, allt þar til Tunguá fellr í nefnda Svalbarðsá. Skilr svo Tunguá Garðs og Sjóarlands lönd í vestr í odda á svo nefndum Langatanga, er Tunguá myndar þannig að hún rennur í suðr með honum að vestan og síðan að austan í norðaust. Úr Langatanga=odda er bein merkilína milli Sjóarlands og Brekknakots norðvestr í hlaðna torfvörðu, er stendr á litlum melhól, sunnan við svonefnda Merkikeldu, þaðan í ytri uppsprettu, sem fellr fram undan Brekknakotsbrekku og grjótvörðu, sem hlaðin er á brekku bruninni upp af uppsprettunni faum föðmum utar en svonefndr Loka ás=vegur liggir upp á brekkubrúnina. Frá grjótvörðu þessari og uppsprettu liggir merkilínan beint í storann stein á Leirtjarnarhálsi, sem sest bera við loft frá brekkuvörðunni, á stein þenna eru höggvir stefirnir: M.S.t., sem þýðir „Merkisteinn“. Fra steini þessum heldr merkilínan áfram sömu stefnu norðvestr í Víðidalsá, ræður síðan Víðidalsá, er rennur í norðaust, landamerkjum Sjóarlands og Valla allt þar til að hún fellr í sjóinn neðan við sjálfa túnbrekkuna á Völlum. Að norðan og austan á Sjóarland allt land að sjó, svo sem: Viðarvík, Rauðanes og Sjóarlandsmöl að upphaflega nefndum Svalbarðsosi, og reka fyrir sínu landi.

Skinnastöðum, 23. Februaris. 1888.

Þorleifr Jónsson

Umboðsmaður Skinnastaða kirkju og eftir fullmakt S^r Benidikts Kristjánssonar fyrir Múlakirkju.

Landamerkjaskrá þessari eru samþykkir:

eg umboðsmaður Svalbarðskirkju

[Innskot á spássíu] Ítakinu ekki lýst samkv. áskorun 20.5.´53. Því niður fallið. J.S.

~~(að ókreinktum hennar rétti; sem hún samkvæmt máldögum sínum á til Vervistar og Skalagjörðar í Viðarvík og fleira í Sjarlandsjörðu þar að lútandi)~~

Svalbarði, 19. marz 1888.

Guttormr Vigfússon.

Og eg fyrir hond dottur minnar Sigurveigr sem er eigandi að Völlum

Jón Bjarnarson í Laxárdal.

Þingl. að Svalbarði, 26 Júní 1890.

Borgun: Þingl. og bokun 1 Kr -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 96.

Landamerki

Hafursstaða með Árholti í Axarfirði.

Að sunnan ræður bein stefna úr Ha-Reyði í Fálkaklett, þaðan beint vestur að Sandi; þaðan beint í syðra Norðmelsfjall; þaðan beint vestr í Jökulsá; að vestan ræður Jökulsa; að norðan og austan: úr Valagilsárósi eftir henni ofan að Merkilæk, sem er framan við Klifshagasel forna, þaðan þvert yfir Kjálarás í Vörðu er stendr sunnan til við Grímsmýrarbotna; þaðan sama stefna í Merkivörðu, er stendur á melnum sunnan vert við Syðri=Beitivallargilskrók; þaðan bein stefna austan vert við Byskupstjaldstæði; þaðan réttsýnis í Svarthamar, sem er norður af Kvensöðli, þaðan beina stefnu í Há=Reiði.

Skinnastoðum, 30. októbr. 1889.

Þorleifr Jónsson.

Vegna Hólssels samþykkur

Helgi Guðlaugsson.

Vegna Austarlands samþykkur.

Páll Jóhannesson.

Samþykk sem eigandi að 1/3 ur Vestaralandi

Guðrún Eiríksdóttir

Samþykkur fyrir hönd eiganda að 2/3 úr Vestaralandi, Sigurðar Bjarnarsonar og Ólafar Friðfinnsdóttur á Syðribakka

Lóni, 15. maí 1890

Árni Kristjánsson.

Þinglesin að Skinnastoðum, 24. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og bokun 1 Kr -ein Króna-

B. Sveinsson.



Nº 97

Landamerki
Hóla í Reykjadal.

Að austan ræður Reykjadalsá. Að sunnan ræður garður, sem liggur vestur svonefnt Merkines og upp a Reykjadalsbrun þá ræður bein stefna í vörðu þá, er stendur á austur brun Seljadals og nefnist Merkivarða, þá bein stefna frá henni til Seljadalsár. Að vestan ræður Seljadalsá. Að norðan ræður bein stefna frá Kvígyndisdal í svonefndann Merkihól, þaðan bein stefna í hadegisvörðu (frá Breiðumýri). Þá ræður garður sá, er liggur utan vert við svonefnda Valadís og ofan yzt á Torfadalinna til Reykjadalsár.

Einarsstöðum, 19 novembr 1889

Haraldur Sigurjónsson

(eigandi)

Fyrir hond landssjóðseignanna: Litlulauga, Daðastaða og Breiðumyrar, er eg þessari landamerkjaskrá samþykkur

Gautlöndum, 8. desbr. 1889.

Petur Jónsson

(settur umboðsmaður)

Þingl. að Helgastöðum 12. Júní 1890.

Borgun: Þingl. og Bókun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.

N^o 98.

Landamerki

Hrappstaðasels í Ljósavatnshreppi.

Að norðan, austan Kálfborgarar moti Brennuási ræður Rauðslækur austur að Hrappstaðatjörn, svo bein stefna úr Rauðslækjarósi austur í Álftatjörn hina nyrstu, þaðan móti Stafnsholti beint austur í Svartabakka og Langalæk. Að austan móti Hörgsdal ræður Langi lækur til suðurs að norður enda Íllasundsáss, þá Íllasundsás, svo bein stefna úr syðri enda hans í Brennumýrarhóla og beint suður í Merkivorðu. Að sunnan móti Lundarbrekku, frá Merkjavorðu beint vestur í Kálfborgararós, síðan móti Sigurðarstöðum ræður Kálfborgará út í krók þann, sem er á henni sunnan undir Hraukholti, þá bein stefna vestur í Merkjalág og sunnanvert við Fögruhlíð og vestur gegnt Axarlækjarás. Að vestan móti Hrappstöðum, bein stefna norður Axarlækjarás og úti Fortaksstein. Að norðan móti Jarlstöðum bein stefna úr Fortakssteini austur í Kálfborgará. Ræður svo ain merkjum suður að áður nefndum Rauðslækjarósi.

Arndísarstöðum, 18. febr. 1887.

Jón Árnason

Vegna landssjóðsjarðarinnar Brennuáss samþykkur

Jóh Sigurðsson.

Sem eigandi Horgsdals er eg samþykkur þessari landamerkjaskrá.

Árni Flóventsson

Sem eigandi og ábúandi Lundarbrekku

Jónas Jónsson

Sem eigandi og abuandi Sigurðarstaða

Jón Jónsson

Eigandi að 4/10 Hrappstaða samþykk

Hólmfríður Friðfinnsdóttir.

Vegna eiganda að 6/10 Hrappstaða samþykkur

Jón Sigurgeirsson

Sem eigandi og ábúandi Stafnsholts samþykkur

Jón Jónsson

Fyrir hönd Ljósavatnshr. sem eiganda Jarlsstaða

Sigurður Jónsson

(oddviti)

Þingl. að Ljósavatni, 14 Júní 1890.

Borgun: Þingl. og bokun 1,00 -ein Króna-

B. Sveinsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[Registur bls. 93r-99r]



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[99v]

Þessi bók, sem hefir að geynma 99 – níu tíu og níu – tölusett blöð, og er gegnumdregin og útbúin með innsigli amtsins, löggildist hérmeð, sem landamerkjabók Þingeyarsýslu. Skrifstofu norður- og austuramtsins, Akureyri, 18. Maí 1889.

J. Havsteen.